

TÍUND

FRÉTTABLAÐ RSK • DESEMBER 2014



Alþjóðavæðing – betri skattskil?

Ríkisskattstjóri hefur um nokkurra ára skeið bætt verulega þjónustu við framteljendur með aukinni áritun upplýsinga á framtöl. Framtalsgerðin er nú mun auðveldari en áður þar sem upplýsingar um laun, hlunnindi, ökutækjastyrki, dagpeninga, lífeyri, eftirlaun, styrki, atvinnuleysisbætur, arð, vexti, fasteignir, ökutæki, skuldir o.fl. eru færðar inn á skattframtal þannig að flestir framteljendur geta lokið framtalsskilum án fyrirhafnar. Áritun upplýsinga er árangur af miklu þróunarstarfi sem hófst fyrir röskum tveimur áratugum. Á þeirri vegferð voru margar hindranir sem flestar hafa nú verið yfirstignar. Hinn nýi framtalsmáti er talinn auka skilvirkni skattframtalsskipunarinnar svo um munar. Að sama skapi gegnir sú víðtæka upplýsingaöflun sem liggur til grundvallar árituninni miklu hlutverki við eflingu og þróun skatteftirlits.

Færsla upplýsinga inn á framtölin hefur þó átt við ramman reip að draga þegar framteljendur hafa tekjur erlendis frá. Fram að þessu hefur ekki verið unnt að færa slíkar upplýsingar sjálfvirk inn á framtöl. Nú er að verða breyting þar á. Ríkisskattstjóri hefur frá árinu 2011 tekið þátt í samnorrenum vinnuhópi um reglubundin upplýsingaskipti. Hópnum var falið að gera úttekt á skilvirkni reglubundinna upplýsingaskipta, meta virði þeirra og koma með tillögur að úrbótum. Í skýrslu vinnuhópsins kom fram að til að þær upplýsingar sem sendar eru á milli ríkja komi að notum á hagkvæman og skilvirkan hátt þyrfti að bæta framkvæmd upplýsingaskiptanna. Hefur þetta nú skilað þeim árangri að í fyrsta skipti á skattframtali 2014 vegna tekjuársins 2013 eru upplýsingar um tiltekna erlendar lífeyrisgreiðslur áritaðar á skattframtöl íslenskra framteljenda.

Þessi áhersla Norðurlandanna á regluleg upplýsingaskipti á sér samhljóm í öðrum ríkjum. Í yfirlýsingu G20 ríkjanna í september 2013 kemur fram að ríkin styðja þá vinnu sem Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) hefur farið af stað með til að samræma reglubundin upplýsingaskipti. Þá kom fram í yfirlýsinguinni að stefnt væri að því að regluleg upplýsingaskipti milli G20 ríkjanna yrðu að fullu komin til framkvæmda í lok árs 2015. Jafnframt hefur verið skorað á önnur ríki að gerast aðilar að samningi OECD og Evrópuráðsins um gagnkvæma stjórnsýsluáðstoð í skattamálum.

Regluleg upplýsingaskipti milli landa eru gríðarlega þýðingarmikil til að tryggja gagnsæi og rétt skattskil. Á þau hefur OECD lagt áherslu við aðildarríki sín og ríki utan stofnunarinnar. Alþjóðleg, lagaleg og tæknileg umgjörð með nýjum stöðlum hefur eftir upplýsingaskiptin mjög. Nú er svo komið að ríki verða að lýsa því yfir að þau séu tilbúin að vinna að reglulegum upplýsingaskiptum og samþykka lágmarksstaðla OECD. Geri þau það ekki kunna þau að sæta aðfinnslum og lenda á lista yfir ríki sem ekki uppfylla skyldur sem stofnunin gerir til ríkja um gagnsæi og upplýsingaskipti.

Starf það sem unnið hefur verið af OECD á m.a. rætur í nýlegri bandarískri löggjöf, Foreign Account Tax Compliance Act (FATCA), sem samþykkt var á árinu 2010. Þessi löggjöf kveður á um að fjármálafyrirtæki utan Bandaríkjanna þurfi að skila upplýsingum um eignir bandarískra skattþegna til bandarískra skattýfirvalda. Standi erlendu fjármálafyrirtækin ekki skil á þessum upplýsingum verður lagður á þau sérstakur skattur. Vegna þessarar löggjafar hafa Bandaríkin ásamt helstu iðnríkjum Evrópu gert fyrirmynd að samn-

TÍUND

DESEMBER 2014 - BLAÐ NR. 67

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Halldóra Viðarsdóttir.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.



ingi sem gert er ráð fyrir að stjórnvöld hvers lands geri við þau. Samningsformið mælir þannig fyrir um að í stað þess að erlendar fjármálastofnanir sendi upplýsingar beint til bandarískra skattýfirvalda þá hafi heimilisfestarríki fjármálastofnananna milligöngu um að safna upplýsingunum saman og senda þær svo áfram. Af Íslands hálfu hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið nú þegar lýst vilja sínum til slíkrar samningsgerðar við bandarísk skattýfirvöld.

Ísland hefur þar að auki skuldbundið sig gagnvart OECD til að taka þátt í frekari þróun staðla og reglna um regluleg upplýsingaskipti. Sú reynsla sem Norðurlandapjóðirnar búa að á þessu sviði á eftir að koma að góðum notum við þá vinnu. Skattýfirvöld skuldbinda sig til að hafa yfir að ráða hæfu starfsfólki, bæði tæknimönnum og öðrum, sem á að vinna úr þeim upplýsingum sem koma til með að berast. Slíkt mun því undirstrika enn frekar hversu mikilvægt það er að RSK hafi yfir að ráða hæfum mannafla því verkið er rétt að hefjast.

Með þeim auknu kröfum um reglubundin upplýsingaskipti endurspeglast sú þróun sem orðið hefur á undanförunum árum í baráttunni gegn skattundanskotum og notkun reikninga í aflandsríkjum og þeirri skattleynd sem ríkt hefur víða í heiminum. Hvert vígið á fætur öðru hefur fallið og nú er staðan sú að upplýsingar samkvæmt beiðni á að vera hægt að fá frá helstu ríkjum sem áður gerðu út á leyndarhyggjuna. Aukin áhersla á gagnsæi hefur einnig leitt til ríkari krafna um betri upplýsingagjöf milli landa.

Þessi þróun er augljóslega til þess fallin að bæta enn þjónustuna við framteljendur en fyrst og síðast mun hún



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



Guðrún Jenný Jónsdóttir
sviðsstjóri alþjóðasamskipta

almennt stuðla að bættum skattskilum. Með tíð og tíma á þannig ekki að skipta máli fyrir framteljandann hvort hann afli tekna erlendis eða hér á landi, slíkar upplýsingar munu skila sér til áritunar inn á framtal jafnt og aðrar. Með auknum upplýsingaskiptum á milli ríkja er þannig unnt að auka þjónustuna og tryggja betri skattskil og skilvirkara skatteftirlit. Sannarlega er um enn eitt framfaraskrefið að ræða sem mun án efa styðja og efla enn frekar áherslur ríkisskattstjóra um góða þjónusta og skilvirkt eftirlit – hornsteina bættu skattskila.

EFNI BLAÐSINS

Leiðarinn	2
Jólahugvekja Guðbergs Bergssonar	4
Birting niðurstaðna umsókna um höfuðstólsleiðréttingu ...	8
Innleiðing rafrænna skilríkja	15
Starfsmannafundur RSK	16
Tekjur ríkis og sveitarfélaga af tekjuskatti og útsvari	20
Válisti í virðisaukaskatti	22
Umsóknir um störf hjá RSK	24
Afslættir og bætur	28
Pappírsframtöl að hverfa	32

Rökstuðningur skattákvæðana	36
Staðgreiðsla	42
Álagning lögaðila 2014	43
Skattkerfisbreytingin mikla árið 1877	54
Fundur lögfræðinga fyrirtækjaskráa á Norðurlöndum	60
Bindandi álit	62
Héraðsdómur	64
Úrskurðir yfirséðanefndar	66
Lokaorðið	70
Upplýsingatafla	72



Undanfarin ár hefur ríkisskattstjóri á aðventunni boðið til sín gesti sem flytur starfsmönnum á Laugavegi einhvers konar hugvekju. Í ár var aðventugesturinn Guðbergur Bergsson, rithöfundur og skáld, og var hann svo vinsamlegur að leyfa birtingu hugvekju sinnar í Tíund.

Jólahugvekja 2014

Hvernig létta á þunglyndi hænsnfugla

Höfundur: Guðbergur Bergsson

Það hefur alltaf verið andleg skylda eða öllu heldur nauðsyn á Íslandi að vera bjartsýnn í skammdeginu þótt það sjáist kannski varla út úr augum fyrir blindbyl og niðamyrkri. Oft var þannig söngur eða kvæði eina lyfið gegn þunglyndi og það gagnaðist prýðilega. Líklega mætti kalla þetta lækningu með mætti ljóðsins. Hér nefni ég alþekkt dæmi:

„Þótt desember sé dimmur þá dýrleg á hann jól, með honum endar árið og aftur hækkar sól.“

Maður var látinn syngja þetta ef dapurleiki sótti á hugann í hverfulli birtu og maður söng það líka af fúsum vilja fullum af gleði. Ég held að allir fullorðnir hafi trúað þessum ljóðaboðskap af því að þeir vissu að í náttúrunni er lögmál sem sannar hann.

Börn fundu fyrir ósjálfráðri einungis gleði við boðskapinn. Lífið er þannig að börnum finnst bara að eitthvað hljóti að vera eitt eða annað og þau gleðjast í hjara sínu fremur en að þau beinlínis viti, enda er reynslan takmörkuð. Seinna kemur í ljós með aldrinum að lífsreynslan er undirstaða þess að hægt sé að vita með viti, ekki bara með tilfinningunum.

Skammdegið er talsvert í ætt við aldur og hugsanagang mannsins. Við fæðumst líka úr myrkri inn í birtuna og dveljum þar um stund í blóma lífsins, stundum eins og blómi í eggi.

Í talsverðan tíma er árlega dimman að mjaka sér hægt yfir landið. Hún læðist um hafið

og himininn með leyndardóma, dulúðina sem rökkrið vekur í náttúrunni og mannlegu eðli. Í umhverfinu er kynleg bið, svipuð biðinni í hálfrökkri sem er einnig í fari okkar. Þetta er millistigi ljóss og skugga. Við vitum, þegar þannig er, að innan skamms kemur að Aðventunni og flestir kannast við einhver aðventuáhrif þegar dagarnir hafa styst í alvöru og myrkrið hellist yfir veröldina með kynlegum hætti. Áður var þetta kallað máttur myrkranna. Talið var að náttúran væri gædd mannlegu eðli, hún var sögð ýmist góð eða ill og allt þar á milli. Náttúran átti jafnvel að eiga það til í eðli sínu að vera hefnigjörn ef maður bæri ekki virðingu fyrir henni.

Áður var algengt að fólk bryti heilann um slíkt og það var spurt:

Hugsar náttúran? Stafar stytting dagsins frá hugsun hennar eða lögun hnattarins?

Ætli eitthvað slæmt hafi komið fyrir sálina í sólinni þegar svona dimmir?

Eða er skammdegið til vegna jólanna?

Lengi var engin leið að hugsa sér jólin án skammdegis og myrkurs.

Það þurfti líka að vera snjór á þessum árstíma svo ljós og birta bærust frá jörðinni á meðan himinninn hvíldi í myrkri.

Margir vissu að þetta var svo ríkt í fólki að jafnvel í heitum löndum þurfti að vera einhvers konar jólasnjór. Hann var búinn til úr bómull sem var lögð á greinar jólatrjáanna.



Þeir sem vissu þetta sáu jólin hinum megin á hnettinum og veltu fyrir sér hvað þau væru að gera á suður hveli jarðar, til dæmis í frumskógum Afríku.

Ekkert? Eða voru þau að gera það sama og hér en kannski á örlítið annan hátt?

Sú var skoðun sumra heit trúaðra manna að jólin ættu ekki heima í hitabeltinu. Það var að gera hátíðina hlægilega að fagna henni í frumskógum, kannski innan um apa og helgisþjöll að færa fæðingu frelsarans í Betlehem þangað, úr Landinu helga. Jólin áttu hvergi heima nema í rökkri dvínandi dags, í hinni hikandi birtu norðurslóða. Við svona hugsun varð þögn. Fólk var hljóðlátara á Aðventunni en á öðrum árstímum.

Fólk paufaðist áfram í dimmunni. Það að paufast áfram var sérstakur hæfileiki. Það þótti snilld að beita sjóninni rétt þegar ekki sást út úr augum fyrir myrkri. Og andleg unun var það að geta áttað sig í myrkri, ekki með augunum heldur með skynjuninni. Það var einstakur hæfileiki að kunna að reikna út fjarlægð milli hluta í niðamyrkri til að mynda útihúsa svo menn gætu unnið verk sín. Það var líkt og að geta unnið vandasöm störf með lokuð augu. Áður, á þeim árstíma þegar dagurinn var langur og bjartur var fjarlægð ekki til hvað þetta varðar. Á sumrin var engin þörf fyrir hæfileikann; hægt var að ganga rակleitt að sýnilegum hlutum. En þegar allt breyttist í myrkrinu, þá þurftu að nota hyggjuvitið og berjast gegn náttblindu. Það var huglæg og líkamleg kunnátta að fara skaðlaust á milli hluta, velta engu um koll, kunna að finna án þess að rekast á annað en það sem leitað var að. Margir gátu farið allra sinna ferða í því sem var kallað birtan í höfðinu, þeim var sama um myrkrið. Börnum var kennt að svona væri það að vera dáinn en lifa samt í ljósi eilífðarinnar. Þetta var alþýðutrá. Þetta hjálpræði kom hvorki við kristinni trú né þjónum hennar og síst af öllu kirkjunni sem stofnun.

Fyrir á tíð var Ísland, þrátt fyrir dimmuna, ekki land myrkurs heldur vitneskju um að aftur hækki sól. Biðin var ekki löng. Menn voru sannfærðir um að sólin kæmi strax aftur endurfædd í fullum skróða fyrsta janúar og nýárið mundi

heilsa þeim með hvítum snjó yfir landinu og björtum himni. Allir trúðu þessu. Fyrir bragðið var myrkrið ekkert vandamál, lífið varð bara hægfara um stund. Aftur á móti var myrkrið vandamál fyrir hænur og húsmæður. Í sveitum og þorpum átti fólk hænur og umhyggja var borin fyrir andlegri heilsu þeirra í skammdeginu af því það var vitað mál að hænann verður þá þunglynd. Sálarástand hænunnar var auðfundið og sýnilegt. Þunglyndi hænunnar kemur fram í því að hún hættir að verpa, hún dregur hausinn undir sig og kúrir eymdarleg með einkennilegum hætti á kafi í fjöðrum svo það sést varla í gogginn. Maður hlýtur að vorkenna hænu í sínum þunglyndisham. Hún lygnir augum í sálardeyfð á hænsnapriki í kofanum, svipað og þunglyndissjúklingar gera núna í hlýjum sjúkrastofum. Aftur á móti var alltaf ískalt í hænsnakofanum. Um leið og maður kom þangað inn í kulda og trekkinn varð þunglyndi hænunnar skiljanlegt.

Að sjálfsögðu hefði hænann mátt hanga sér eins og hana lysti, í deyfð og dáðleysi á priki alla Aðventuna hefði ekki þurft að fá egg úr henni í jólabaksturinn. Því var það að þunglynd hænna hafði áhrif á andlega líðan mæðra sem þurftu egg í bakstur og börn þjáðust fyrir hönd mæðra sinna og hænunnar og feður reyndu að gera allt fyrir eiginkonuna, börnin og hænuna. Einhverra hluta vegna var forsjálni ekki fyrir að fara á íslenskum heimilum þá frekar en núna. Til dæmis hvað það varðar, að hafa vit á að safna eggjum á meðan hænur nutu dagsbirtu allan sólarhringinn og verptu með kátu gaggi.

Í desember vaknaði hvarvetna sami vandi nema kannski í Reykjavík: hið geigvænlega eggjaleysi. Sökum vandans var gripið til þess ráðs að reyna að dekra hænur. Og þess vegna voru þær einu lífverurnar sem fengu að njóta birtu frá olíulukt allan sólahringinn í von um að hægt væri að rugla þær í ríminu, svo þær héldu að komið væri kalt vor og færu að drullast til að verpa; en stundum dugði ekki ljósið á luktinni. Hænann húkti í þunglyndi á prikinu. Þá var reynt að dáleiða hana og hvetja þannig til dáða. Besta aðferðin við að dáleiða hænu þótti vera þessi:



Barn átti að lyfta luktinni með vinstri hendi og taka sér stöðu beint fyrir framan hænuna á prikinu. Síðan átti að rétta fram vísifingur hægri handar og miða fingurgóminum örlítið fyrir ofan gogginn. Eftir það átti dávaldurinn að snúa fingrinum ekki hratt í byrjun heldur hægt en með auknum hraða í hringi fyrir framan augun. Nú byrjaði hænann að glápa. Við snúning fingursins átti heilinn í henni að losna úr viðjum þunglyndis og vakna þannig að líkaminn fengi fæðingarhríðir og hænann hoppaði af prikinu í bjartsýnisham niður í eggjakassann til þess að létta þar á sér.

Sumir krakkar voru betri en aðrir við að dáleiða og láta hænur verpa í desember. Til voru daleiðslusnillingar, einkum strákar sem stoltar mæður lánuðu öðrum svo þær losnuðu úr eggja- og bökunarkreppunni. Snillingurinn var lánaður án gjalds og hann fór í hænsnakofana til að hefja viðureign og iðka dáðir sínar. Ekki fyrir mörgum áratugum þóttu það vera dáðir drengja í sveitum og þorpum að kunna að kreista egg úr hænu með hæfileikum sínum. En það verður að viðurkenna, að stundum kom snillingurinn skömmustulegur úr kofanum, hænann hafði haft betur og gripið til sinna ráða.

Margar hænur deyja ekki ráðalausar. Við daleiðslu á hænann það til að þykjast hafa fengið aðsvif eða hjartaáfall. Hún gaggar með kveinstafi og lætur sig falla af prikinu á gólfið, dregur hvíta himnu fyrir augun, opnar gogginn og rekur út litla harða, gulbleika oddhvassa tungu framan í loddarann.

Afleiðingin af þessu gat orðið skelfileg fyrir snillinginn og móður hans. Hún gat verið skaðabótaskyld. Ef hænna greip til sinna ráða þótti víst að hún mundi aldrei verpa framar eða að minnsta kosti ekki þennan vetur. Stundum var hún algerlega úr varpsögunni, talin vera í eðli sínu þrjósk og hafa látið egginn storkna í eggjastokkunum. Og þótt gripið væri til nýrra ráða og reynt að liðka og blíðka hana og láta hana fá áfallahjálpm með auknum skammti af hænsnakorni, þá var ekki gefið mál að hún léti sig. Ýmsar hænur voru útsmognar og kallaðar dekurhænur, svipað og sumir geð- eða taugasjúklingar núna.

Hænann er ekki ein um það í lífríkinu að gera sér leik að því að lástast og breyta þverlyndi sínu og óþægð í það að þykjast ekki vera heil á sönsum í því augnamiði að fá sínu framgengt. Í þjóðlífinu vill oft sama sagan vera uppi á teningnum. Stjórnámálamenn reyna oft að dáleiða okkur eins og hænur á priki og hagfræðingar eru taldir vera snillingar í því að bjarga heimilunum í landinu en geta valdið meiri skaða en drengur sem reynir að dáleiða hænu í kofa og bæta eggjabúskapinn.

Það er svo kynlegt að allt ber að sama brunni í samfélagi manna og dýra, að jafnvel varphænann verður oft ekki útreiknuð af færasta hænsnahirði; hann á það til að fara halloka fyrir henni. En það nær engri átt að láta hænuna leika lausum hala og veita henni ótakmarkað frelsi í varpmálum. Einhverja hagkvæma leið verður að finna út úr ógöngunum svo hænann taki sönsum, annars gæti hún farið að hanga von úr viti á prikinu og neita að gegna sínum skyldum. Svo annað takist verður að gera hænunnar eitthvað til hvatningar, ekki bara með daleiðslu heldur hagkvæmum leiðum jafnt fyrir hana og heimilin. En hvar er þær leiðir að finna í skammdeginu? Það á að sjálfsögðu eftir að koma í ljós, eins og fleira í myrkheimum, en hafa ber í huga að hingað til í sögunni hefur allt bjargast einhvern veginn í lokin og egginn hafa fengist í jólabaksturinn. Þjóðareðlið er þannig. Um leið og allt virðist ætla að sigla í strand sér varphænann auðvitað að sér, hana kippir í kynið. Hún hristi kambinn og doðann af sér. Kamburinn hættir að lafa niður í augun. Hann hefur sig í fulla reisn og hænann verpir í senn nauðug og viljug. Sem bendir til þess að hænur eru í eðli sínu góðhjartaðar og með ábyrgðartilfinningu en seinteknar og stundum fúllýndar en greyin kunna að bræða úr sér vitleysuna. Óhætt er að fullyrða að engin sómakær landnámsþæna vill að íslensk heimili fari í jólaköttinn hvað baksturinn varðar.

Hænann vill að við fáum sprautukökur og hálfmána og tunglið verður fullt og bjart á jóladag. ■

Birting niðurstaðna umsókna um höfuðstólsleiðréttingu

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til lækkunar skulda heimilanna
– tvenns konar úrræði



Helga Valborg Steinarsdóttir
verkefnisstjóri á aðalskrifstofu

Þann 1. september sl. lauk umsóknar-
fresti um höfuðstólslækkun á grundvelli
laga nr. 35/2014, um leiðréttingu verð-
tryggðra fasteignaveðlána. Um var að
ræða þátt í aðgerðum ríkisstjórnarinnar
vegna skuldavanda íslenskra heimila
og skiptust úrræðin í meginatriðum í
tvennt; annars vegar framangreinda
leiðréttingu á verðtryggðum fasteigna-
veðlánnum sem til staðar voru á árunum
2008 - 2009 og hins vegar heimild
til ráðstöfunar á séreignarsparnaði til
greiðslu inn á höfuðstól fasteignaveð-
lána eða til húsnæðissparnaðar, sbr. lög
nr. 40/2014. Önnur tímamörk gilda þó
um séreignarsparnaðarúrræðið en um
höfuðstólslækkun skv. lögum 35/2014,

launatímabils til öflunar á íbúðarhúsnæði
allt fram til 30. júní 2019, þó háð þeim
takmörkunum að viðkomandi sé ekki
eigandi að íbúðarhúsnæði til eigin nota á
þeim tíma sem iðgjaldið er greitt, sbr. b-lið
1. gr. sömu laga.

Leiðrétting höfuðstóls fasteignaveð-
lána skv. lögum nr. 35/2014 grundvallaðist
á því að þeir sem skulduðu verðtryggð
húsnæðislán hefðu mátt þola afdrifaríkan
forsendubrest á árunum 2008 - 2009 þegar
verðbólga rauk upp úr öllu valdi hérlandis
og olli miklum hækkunum á verðbótum
og höfuðstól slíkra lána. Tók löggjafinn þá
ákvörðun að leiðrétting forsendubrestsins
skyldi fara fram í formi einskiptis aðgerðar
til lækkunar höfuðstóls fasteignaveðlána
þessara einstaklinga. Reiknuð skyldi út
sérstök leiðréttingarfjárhæð fyrir einstaka
lánþega sem nema skyldi þeirri upphæð
sem bæst hefði við höfuðstól verðtryggðra
húsnæðislána viðkomandi fyrir sakir
óeðlilegs verðbólguþigns á greindu tímabili,
en frá þessari upphæð skyldu dregnar áður
fengnar niðurfærslur á lánunum. Skyldi
leiðréttingarfjárhæðinni síðan ráðstafað
til lækkunar núverandi fasteignaveðláns
viðkomandi, eða til myndunar sérstaks
persónuafsláttar í tilfellum þar sem ekkert
lán væri lengur til staðar.

”

Upplýsingar ríkisskattstjóra um eigendur íbúðar-
húsnæðis til eigin nota og hjúskaparstöðu þeirra
þurftu að fara saman við upplýsingar lánastofnana
um einstaklinga sem voru með verðtryggð
fasteignaveðlán á forsendutímabili

en heimilt er rétthafa séreignarsparnaðar
að nýta viðbótariðgjald vegna launa-
tímabilsins 1. júlí 2014 - 30. júní 2017 til
greiðslu inn á höfuðstól fasteignaveðláns
sem tekið var vegna íbúðarhúsnæðis til
eigin nota, sbr. a-lið 1. gr. laga nr. 40/2014.
Ennfremur er gert ráð fyrir að rétthafi
geti nýtt slíkt viðbótariðgjald vegna sama

Umsóknartímabil leiðréttingar á verðtryggðum fasteignaveðlánnum

Með einskiptis aðgerð er hér átt við að í
lögum nr. 35/2014 er tilgreindur ákveðinn
umsóknarfrestur um leiðréttingu hús-
næðislána, þ.e. til og með 1. september
2014, en frá og með gildistöku laganna
skyldi ríkisskattstjóri taka við umsóknum
og málsmeðferð öll vera rafræn. Að um-



Þverfaglegur vinnuhópur ríkisskattstjóra á stöðufundi. F.v. Jóhannes Jónsson, Ingvar J. Rögnvaldsson, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, Helga Valborg Steinarsdóttir, Elín Alma Arthursdóttir og Jens Þór Svansson. Á myndina vantar Skúla Eggert Þórðarson.

sóknarfresti loknum yrði farið yfir allar umsóknir sem bárust innan lögbundinna tímamarka, útreikningar framkvæmdir og niðurstöður birtar umsækjendum þegar þær lögju fyrir. Skyldi umsækjandi síðan samþykkja útreikning og framkvæmd leiðréttingar innan þriggja mánaða frá þeim degi sem það yrði unnt og í kjölfarið ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar fara fram. Lögin gera ekki ráð fyrir að umsóknum sé skilað að umsóknarfresti liðnum eða að annar umsóknarfrestur hefjist á síðari tímapunkti, heldur er aðgerðinni ætlað að fara fram innan ákveðins tímaramma og endanlegar niðurstöður að liggja fyrir að henni lokinni. Til ráðstöfunar eru enda ákveðnir fjármunir úr ríkissjóði og fyrir lá að fjöldi samþykktra umsókna myndi hafa áhrif á þá fjárhæð sem hverjum og einum umsækjanda félli í skaut við útreikninga. Þá þarf með nokkru öryggi að vera hægt að gera grein fyrir kostnaði vegna verkefnisins á fjárlögum hvers árs þar til því lýkur. Að loknum umsóknarfresti um leiðréttingu höfuðstóls húsnæðislána var því alfarið að baki sá fasi í aðgerðinni sjálfri og tímabært að horfa fram á veginn. Alls bárust á tímabilinu um 69.000 umsóknir fyrir 105.000 kennitölur og því talsverð vinna fyrir höndum.

Afgreiðsla umsókna um höfuðstólsleiðréttingu

Umsóknir um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana bárust í gegn um sérstakan umsóknarvef, leiðrétting.is, sem útbúinn var af hugbúnaðarfyrirtækinu Advania, en umsóknir eru vistaðar í sérhönnuðu umsóknarkerfi sem smíðað var af hugbúnaðarfyrirtækinu Libra. Umsóknarvefurinn og umsóknarkerfið hafa hvort tveggja frá upphafi verið í stöðugri þróun og með hverri nýrri útgáfu verið aðlöguð nýjum þörfum og úrlausn fjölmargra ófyrirséðra vandamála.

Við yfirferð þeirra 69.000 umsókna sem í umsóknarfresti bárust var að mörgu að huga. Að baki umsókn gat staðið fleiri en einn einstaklingur og því lá fyrir að bið á afgreiðslu einstakrar umsóknar gæti snert niðurstöður tveggja eða fleiri einstaklinga, allt eftir því hversu margir töldust heimilismenn á forsendu- og umsóknartíma í skilningi laga nr. 35/2014. Gríðarlegur fjöldi breytinga á heimilis-skráningum umsóknaraðila hefur átt sér stað síðan 1. janúar 2008. Slíkar breytingar geta varðað hjúskaparstöðu eða lögheimilisskráningu, auk þess sem kaup og sala á hlut í viðkomandi fasteign, eða fasteigninni í heild, getur einnig haft

áhrif á útreikninginn sé t.d. um yfirtöku á viðkomandi láni að ræða. Mikil vinna fór fram svo að upplýsingar um heimilisfólk í hverju tilfelli væru sem réttastar þegar opnað var fyrir umsóknir, en vitaskuld reyndist einnig þörf á tilteknum lagfæringum eftir á. Starfsmenn ríkisskattstjóra ræddu það gjarnan í hálfkæringi hversu mikið auðunnara verkið hefði reynst væru Íslendingar örlítið íhaldssamari í þessum efnum.

Upplýsingar ríkisskattstjóra um eignumendur íbúðarhúsnæðis til eigin nota og hjúskaparstöðu þeirra þurftu að fara saman við upplýsingar lánastofnana um einstaklinga sem voru með verðtryggð fasteignaveðlán á forsendutímabili, þ.e. á árunum 2008-2009. Í kjölfar efnahags-hrunsins hafa lánasöfn fjármálastofnana hins vegar tekið umtalsverðum breytingum, og fasteignaveðlán einstaklinga sum hver flust á milli stofnana með tilheyrandi breytingum á lánsnúmerum. Í einhverjum tilfellum er upphaflegur lánveitandi jafnvel ekki til staðar lengur. Í þeim tilfellum þar sem fjármálastofnun gat ekki afdráttarlaust samþykkt tengsl umsækjanda við það lán sem tiltekið var í umsókn þurfti ríkisskattstjóri að kalla eftir nánari upplýsingum og gögnum frá

umsækjanda, en þetta var t.d. algengt í tilfellum sk. „lánsveðslána“ þar sem lánþegi fékk lánað veð til viðbótar við veðið í þeirri fasteign sem keypt var. Að fullnægjandi skýringum fengnum var þeim miðlað til lánveitanda sem þá gat samþykkt upplýsingarnar sem grundvöll útreikninga. Snertifletir voru þannig ótal-margir og miðaði samstarf ríkisskattstjóra, fjármálastofnana og hugbúnaðarfyrirtækisins Libra að því að lágmarka þá vinnu sem umsækjandi sjálfur þyrfti að inna af hendi.

eigin nota sem mynda rétt til vaxtabóta, en skilyrði fyrir því að fasteignaveðlán myndi stofn til leiðréttingar er að vaxta-greiðslur af því myndi stofn til útreiknings vaxtabóta. Yfir 2.000 slíkar beiðnir um breytingar á framtali hafa borist og hefur afgreiðsla þeirra reynst afskaplega um-fangsmikil og tímafrek, enda þarf að fara vandlega yfir viðkomandi framtöl og jafn-vel hafa í málunum komið fram ýmis ný gögn. Þurfti afgreiðslu skatterindis að ljúka svo reikna mætti leiðréttingu með réttum hætti og því var þessi vinna sett í forgang.

”

Haldinn var blaðamannafundur þann 10. nóvember sl. þar sem forsætisráðherra og fjármála- og efnahags-ráðherra kynntu meginniðurstöður leiðréttingarinnar

Við úrvinnslu umsókna kom í ljós að upp-lýsingar um lán á skattframtölum 2009 og 2010 fóru ekki alltaf saman. Árið 2010 voru í fyrsta sinn áritaðar á skattframtal einstaklinga upplýsingar um skuldabréf og aðra fjármálagerninga frá öllum fjármála-stofnunum á Íslandi, en á framtali 2009 voru fjárhagsupplýsingar einstaklinga enn í mörgum tilvikum handskráðar af fram-teljendum sjálfum. Í einhverjum tilfellum sáu umsækjendur um höfuðstólslækkun að misbrestur var á skráningu upplýsinga frá þessum tíma, t.d. að ósamræmi var í skráðum hlutföllum lána milli ára eða lán var einfaldlega ekki til staðar á fram-tali annað árið. Þegar umsækjandi gerði athugasemdir við skráningu upplýsinga um fasteignalán á framtölum 2009 og/eða 2010 reyndist nauðsynlegt að ganga úr skugga um hið rétta svo leiðréttingarfjár-hæð viðkomandi yrði reiknuð út frá réttum forsendum. Leiddi þessi vinna bersýnilega í ljós að ekki aðeins hafa framteljendur hagraði af áritun fjárhagsupplýsinga á framtal heldur er hagsmunum þeirra enn fremur betur borgið með þeim áreiðan-leika og nákvæmni sem áritun á framtal hefur í för með sér.

Þá streymdi inn fjöldi skatterinda þar sem umsækjendur um höfuðstólsleið-réttingu óskuðu eftir flutningi á lánunum að hluta til eða öllu leyti úr reit 5.5 í reit 5.2 á framtali 2009 og 2010 og að höfuðstólsleiðrétting yrði ákvörðuð með hliðsjón af því. Í framtalsreit 5.2 eru skráð fasteignaveðlán vegna íbúðarhúsnæðis til

Úrskurðir sem féllu umsækjendum í vil gátu, auk hærri leiðréttingarfjárhæðar í einhverjum tilfellum, haft í för með sér hækkun á vaxtabótum og sérstakri vaxta-niðurgreiðslu, og eftir því sem afgreiðslu erindanna vatt fram varð sífellt betur ljóst hvílíka hagsmuni framteljendur hafa af því að framtalsupplýsingar þeirra séu áreiðanlegar og réttar.

Umfang ofangreindra verkefna var mikið og þau þung í vöfum og kröfðust iðulega aðkomu reyndari starfsmanna ríkisskattstjóra. Fór hluti vinnunnar fram meðan á umsóknarfresti stóð en niðurstöður einstakra úrskurða gátu ráðið úrslitum um hvort viðkomandi ætti yfir höfuð rétt á að sækja um höfuðstólsleið-réttingu. Tilteknir þættir þurftu þó að biða þar til umsóknarfresti lauk auk þess sem menn rákust sífellt á ný álitamál, jafnt lagaleg sem framkvæmdarleg, og snemma varð ljóst að við lok umsóknarfrests yrði umtalsverður spotti eftir áður en að landi væri náð og birting gæti farið fram.

Stjórnun verkefnisins og samráð

Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði í upphafi árs 2014 verkefnisstjórn um fram-kvæmd höfuðstólslækkunar húsnæðislána sem samanstóð af fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis, forsætisráðuneytis og velferðarráðuneytis. Formaður verkefnis-stjórnarinnar er Guðrún Ögmundsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og réði verkefnisstjórnin Tryggva Þór Herbertsson, doktor í hagfræði, í stöðu



verkefnisstjóra. Mikið og gott samráð var við undirbúning og framkvæmd leið-réttingarinnar með ríkisskattstjóra og verkefnisstjórninni, verkefnisstjóra og enn fremur starfsmönnum fjármála- og efnahagsráðuneytis, sem og fulltrúum fjármálastofnana.

Fyrir hönd ríkisskattstjóra sátu þau Ingvar J. Rögnvaldsson og Elín Alma Arthursdóttir í starfshópum fjármála- og efnahagsráðuneytis sem skipaðir voru í til-efni af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun húsnæðislána. Þá boðaði formaður verkefnisstjórnar til fjölmargra funda í sérstökum framkvæmdahópi um höfuðstólslækk-unarhluta verkefnisins, og sótti Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir sviðsstjóri höfuð-stólsleiðréttingarsviðs ríkisskattstjóra að jafnaði þá fundi, en í hennar fjarveru



Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri, Tryggvi Þór Herbertsson verkefnisstjóri, Jón Guðmundsson frá RSK, Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og Guðrún Ögmundsdóttir formaður verkefnisstjórnar í heimsókn hjá ríkisskattstjóra.

Jónas Magnússon. Auk þeirra sátu fundina eftir þörfum þau Ingvar J. Rögnvaldsson, Jens Þór Svansson, Jóhannes Jónsson og Guðrún Jenný Jónsdóttir. Starfsmenn tæknisviðs ríkisskattstjóra, þeir Friðjón Bjarnason og Jens Þór Svansson, sátu einnig fundi með tæknihópi á vegum verkefnisstjórnarinnar í tengslum við vinnu við séreignarsparnaðarræðið.

Innanhúss hjá ríkisskattstjóra var myndaður stýrihópur utan um vinnu vegna leiðréttingarverkefnisins og hefur sá hópur komið saman á reglulegum stöðufundum allt frá upphafi maímánaðar. Stýrihópurinn hittist að jafnaði tvisvar til þrisvar í viku – allt eftir því hvar verkefnið er statt hverju sinni – og daglega á mestu álagstímum. Telja fundirnir nú þegar um

fimmtíu og er þeim fundarhöldum langt því frá að vera lokið. Í hópnum sitja Skúli Eggert Þórðarson, Ingvar J. Rögnvaldsson, Elín Alma Arthursdóttir, Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir, Jóhannes Jónsson, Jens Þór Svansson og Helga Valborg Steinarsdóttir, en að auki störfuðu Guðrún Jenný Jónsdóttir og Ásgeir Heimir Guðmundsson með hópnum framan af, og Jónas Magnússon sat fundi í fjarveru Jarprúðar Hönnu. Er þá ótalin fjöldi samráðs- og vinnufunda sem ríkisskattstjóri, verkefnisstjóri og fulltrúar verkefnisstjórnar og ráðuneytis áttu með sér á öllum stigum, og þær klukkustundir sem farið hafa í samráð vegna verkefnisins á einstökum sviðum og fræðslufundi fyrir aðra starfsmenn embættisins.

Lagabreytingar og reglugerðir

Lög nr. 35/2014, um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána, voru samin snemma árs 2014 og samþykkt frá Alþingi þann 18. maí sl. Þó að margt hafi þá þegar verið frágengið innanhúss hjá ríkisskattstjóra voru ófyrirséð ýmis atriði sem upp komu þegar umsóknarferlið sjálft stóð yfir og ennfremur þegar undirbúningur útreiknings og birtingar niðurstaðna stóð sem hæst. Fyrirséð var að einhverjar breytingar yrðu á löggjöfinni þegar reynsla væri komin á framkvæmd hennar eða að hún yrði útlistuð frekar í formi reglugerðar. Var enda með lögum nr. 102/2014 gerð breyting á lögum nr. 35/2014 er laut að frádráttarliðum vegna útreiknings leið-

réttingar, en breytingalögin voru birt þann 29. október sl.

Þá varð nauðsynlegt að fá styrka reglugerðarstoð undir vissa þætti í framkvæmdinni, s.s. miðlun upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum til ríkisskattstjóra, túlkun á hugtakinu „eftirlifandi maki“, framkvæmd útreiknings á leiðréttingarfjárhæð, frádráttarliði og trúnaðarskyldu við birtingu leiðréttingarfjárhæðar. Náðist það með reglugerð nr. 698/2014, um samræmt verklag og viðmið við leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana, sem birt var þann 8. júlí sl. Var reglugerð þeirri

heimilismanna voru frágengin. Þá þurfti lánveitandi enn fremur að samþykka að fullnægjandi upplýsingar um lántakanda og lánið sjálft lægju fyrir.

Að ónefndum þeim lagalegu álítamálum sem starfsmenn ríkisskattstjóra og fjármála- og efnahagsráðuneytis leystu í góðu samstarfi krafðist tæknileg útfærsla birtingar á upplýsingum um niðurstöður ómældrar vinnu. Hanna þurfti birtingarviðmót fyrir umsóknarvefinn leiðréttingis sem væri hvort tveggja nægilega ítarlegt og auðskiljanlegt til að umsækjendur gætu skilið forsendur útreikninga

”

Útreikningarnir sjálfir voru gríðarlega umfangsmiklir, eins og gefur að skilja sé haft í huga að um var að ræða fasteignaveðlán 69.000 heimila, og tóku stærstu keyrslurnar 48 klst.

síðan breytt með reglugerð nr. 779/2014, þann 28. ágúst sl., og aftur með reglugerð nr. 990/2014, þann 10. nóvember sl., er einnig varðaði sérstaklega útreikning leiðréttingar og viðmiðunarvísitölu, auk verklags ríkisskattstjóra við birtingu, samþykki umsækjanda, athugasemdir til ríkisskattstjóra og kærur til úrskurðarnefndar. Þá kemur með óvefengjanlegum hætti fram í reglugerð 990/2014 að samþykki umsækjanda á útreikningi og ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar skuli vera í formi rafrænnar undirritunar, og að viðurkennd rafræn undirritun sé framkvæmd með rafrænum skilríkjum.

Undirbúningur birtingar niðurstaðna höfuðstólsleiðréttingar

Frá upphafi var stefnt að því að birting niðurstaðna umsókna um höfuðstólsleiðréttingu yrði með haustinu. Áður en reikna mátti út niðurstöður fyrir einstaka umsækjendur þurfti að svara erindum sem viðkomandi kynni að hafa sent ríkisskattstjóra, s.s. um breytingar á framtali, eða gera viðeigandi ráðstafanir vegna athugasemda við heimilismenn eða lán. Í tilfellum þar sem fleiri en einn aðili stóð að baki umsókn gat málið orðið enn flóknara, og ekki var hægt að fullvinna niðurstöður vegna viðkomandi láns fyrr en málefni allra umsækjenda eða

sinna. Sérstaka aðgát þurfti við útfærslu birtingar aðila sem breytt höfðu hjúskaparstöðu sinni síðan á forsendutíma, enda mikilvægt að gæta trúnaðar varðandi fjárhagsupplýsingar fyrrum maka. Hér reyndist flækjustigið umtalsvert því vitaskuld þurfti að veita umsækjendum eins greinargóðar upplýsingar um forsendur leiðréttingarfjárhæðar og kostur var. Þá þurfti enn fremur að taka tillit til breytinga sem orðið hafa á hjúskaparstöðu eða sambúð umsækjenda síðan umsókn var send inn, en a.m.k. 300 slíkar breytingar hafa þegar átt sér stað nú í upphafi desember. Semja þurfti texta fyrir birtingarhluta vefsins og tölvupósta tengda birtingunni og auk þess þýða allt saman yfir á ensku. Bæta þurfti við leiðbeiningar í „Spurt og svarað“ og fylgdi því talsverður höfuðverkur að útskýra á einfaldan máta fyrirbæri sem í eðli sínu er talsvert flókið. Einnig var útbúið kynningarmyndband vegna birtingarinnar og efni þess textað á íslensku og ensku.

Með hliðsjón af hinum miklu hagsmunum umsækjenda og til að gæta fyllsta öryggis voru óháðir aðilar frá KPMG og Deloitte fengnir til að gera sérstaka úttekt á framkvæmd leiðréttingarverkefnisins, m.a. á samræmi í vinnubrögðum milli fjármálastofnana við útreikninga, og einnig á samsvörun milli aðgerða á umsóknarvef og gagna sem þar birtast og



þess sem fram kemur í umsóknarkerfi. Þá voru einnig af hálfu ríkisskattstjóra framkvæmdar umfangsmiklar prófanir til að tryggja að réttar upplýsingar birtust umsækjendum með réttum hætti.

Útreikningarnir sjálfir voru gríðarlega umfangsmiklir, eins og gefur að skilja sé haft í huga að um var að ræða fasteignaveðlán 69.000 heimila, og tóku stærstu keyrslurnar 48 klst. Þegar loks sá fyrir endann á þeim þætti verkefnisins og ljóst að niðurstöður flestra umsókna væru tilbúnar til birtingar var haldinn blaðamannafundur þann 10. nóvember sl. Þar kynntu forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra meginniðurstöður leiðréttingarinnar, en ríkisskattstjóri lagði til nauðsynlegar tölulegar upplýsingar svo fjalla mátti skilmerkilega um forsendur leiðréttingarinnar, eðli hennar og áhrif



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra heimsótti ríkisskattstjóra eftir að opnað var fyrir umsóknir um Leiðréttingu. Auk hans eru á myndinni Ragnhildur Arnjóltsdóttir ráðuneytisstjóri, Jóhannes Sturluson aðstoðarmaður ráðherra og starfsmenn RSK; Skúli Eggert Þórðarson, Jónas Magnússon, Helga Valborg Steinarsdóttir, Valdimar Þengilsson og Thelma Þorbjörg Sigurðardóttir.

á heimilin í landinu og efnahagslífið. Ákveðið var að niðurstöður umsókna yrðu birtar daginn eftir, eða þann 11. nóvember sl.

Birting niðurstaðna

Ríkisskattstjóri gerði umfangsmiklar ráðstafanir innanhúss til að mæta þjónustuförum við birtingu niðurstaðna umsókna um höfuðstólsleiðréttingu og fékk mikill fjöldi starfsmanna um land allt sérstaka fræðslu þar um svo þeir gætu veitt nauðsynlega aðstoð. Skyldu t.a.m. allir starfsmenn þjónustuvæðra virkjaðir í þjónustusíma leiðréttingarinnar en starfsmenn launþegaeyningar taka við almennum símtölum í þjónustuver. Þá

var einnig gert ráð fyrir lengdum opnunartíma þjónustusíma og afgreiðslu á starfsstöðvum.

Framangreindur blaðamannafundur um niðurstöður leiðréttingarinnar var haldinn í Hörpu kl. 13:30 mánudaginn 10. nóvember sl. og var hann sýndur í beinni útsendingu í helstu ljósvakamiðlum. Í grein forsætisráðherra er birtist í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þennan sama dag var greint frá því að birting myndi hefjast þriðjudaginn 11. nóvember og voru starfsmenn ríkisskattstjóra þegar í viðbragðsstöðu. Sendur var út tölvupóstur til allra umsækjenda þar sem annað hvort kom fram að niðurstöður viðkomandi lægu fyrir og yrðu

aðgengilegar daginn eftir eða upplýst að afgreiðslu umsókna væri ekki lokið. Mestar áhyggjur höfðu menn af því að umsóknarvefurinn myndi ekki þola álagið þegar þúsundir manna streymdu þangað inn til að skoða niðurstöður umsókna sinna. Voru tæknimenn ríkisskattstjóra og starfsmenn Advania því með vefinn undir stöðugu eftirliti. Fyrstu niðurstöður umsókna um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana voru birtar rétt upp úr miðnætti þann 11. nóvember sl., eða kl. 00:00:41. Óþarfar reyndust áhyggjur af umsóknarvefnum því hann stóðst álagið fullkomlega ef frá er talið nokkurra mínútna hökt undir kl. 09:00 þennan sama morgun. Birtar voru

Reynir Jóhannesson hefur starfað hjá ríkisskattstjóra um árabíl og var einn þeirra fyrstu sem hóf störf við Leiðréttinguna.

niðurstöður vegna rúmlega 90.000 kennitala, eða 61.180 umsókna, þ.e. vegna 90,2% umsækjenda og 88,7% umsókna. Þennan sama dag áttu sér stað 101.704 innskráningar á þjónustuvefinn en enginn vefur ríkisskattstjóra hefur nokkru sinni tekið við slíkum fjölda innskráninga á svo stuttum tíma. Hámarkinu var náð milli kl. 08:00 og 09:00 þegar 13.000 gestir skráðu sig inn á einni klukkustund, en það voru um 37% innskráninga þann daginn. Af 105.000 umsækjendum um leiðréttingu skráðu rúmlega 74%, eða 76.000 aðilar, sig inn á vefinn þennan dag. 1.452 símtöl bárust á opnunartíma þjónustusíma leiðréttingarinnar en 510 tölvupóstar bárust á fyrsta sólarhringnum eftir opnun. Athugasemdir við birtar niðurstöður í gegnum vefinn voru aðeins 409, þ.e. vegna innan við 1% af birtum niðurstöðum. Þjónustan gekk afar vel og fengu starfsmenn umtalsvert hrós frá viðskiptavinum sem enn fremur minnstust gjarnan á að form á birtingu niðurstaðna væri einstaklega auðskilið.

Dagana sem liðnir eru síðan fyrsta birting fór fram hafa starfsmenn ríkisskattstjóra unnið sleitulaust að því að ljúka afgreiðslu þeirra umsókna sem út af standa, en í flestum slíkum tilfellum er um að ræða flóknari aðstaður, s.s. vegna dánarbúa eða breytinga á lánum eða heimilisskipan. Í upphafi desembermánaðar hafa niðurstöður um 1.800 umsókna



til viðbótar verið birtar og út af stendur afgreiðsla 8.200 umsókna. Allt kapp er lagt á afgreiðsluna þannig að sem flestir umsækjenda geti staðfest fjárhæð og ráðstöfun sem fyrst eftir að opnað verður fyrir slíkt samþykki, en samþykkisfrestur er þrír mánuðir frá þeim opunardeg, eða birtingardegi hjá hverjum einstökum umsækjanda. Stefnt er að því að samþykkis- og ráðstöfunarfasi hefjist í seinni hluta desember en þá verður enn fremur opnað fyrir athugasemdir til ríkisskattstjóra og kærur til sérstakrar úrskurðarnefndar. Eins og áður hefur fram komið er gerð krafa um samþykki með rafrænni undirskrift sem framkvæmd er með rafrænum skilríkjum á farsíma, debetkorti

eða svokölluðum einkaskilríkjum, enda nauðsynlegt að fyllsta öryggis sé gætt við ráðstöfun slíkra fjármuna sem um ræðir.

Starfsmenn ríkisskattstjóra telja morgunljóst að leiðréttingin sé langflóknasta verkefnið sem embættið hafi nokkru sinni tekið að sér og að framkvæmd þess hafi reynst miklu flóknari heldur en gert var ráð fyrir í upphafi. Gríðarlegur fjöldi vinnustunda býr að baki þeim árangri sem náðst hefur og ómælt verk er enn fremur framundan á næstu vikum og mánuðum við samþykki og ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar, auk annarra atriða sem sinna þarf svo fylgja megi verkefninu í höfn. Samtímis þeirri vinnu við leiðréttingu höfuðstóls verðtryggðra fasteignaveðlana sem að framan greinir hefur einnig verið sinnt fjölmörgum verkefnum vegna ráðstöfunar séreignarsparnaðar, sbr. lög nr. 40/2014. Einhverjar greiðslur inn á fasteignaveðlán á þeim grundvelli hafa þegar farið fram og mun fleiri munu fara fram nú í desember, auk þess sem framhaldið á þeirri vinnu er í mikilli mótun. Allt þarf þetta að eiga sér stað samhliða öðrum lögbundnum stjórnsýsluverkefnum embættisins á borð við álagningu einstaklinga sem nú er rétt handan við hornið, og sem nauðsynlegt er að sinna af vandvirkni sem endranær. ■

Unnar Freyr Jónsson er starfsmaður í Leiðréttingunni.





Af fundi verkefnisstjórnar um innleiðingu rafræna skilríkja. Hugrún Ösp Reynisdóttir formaður nefndarinnar frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Gunnar Steinn Pálsson almannatengill, Árni Sigfússon verkefnisstjóri innleiðingar rafræna skilríkja og Yngvi Örn Kristinsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja. Á myndina vantar Skúla Eggert Þórðarson ríkisskattstjóra sem einnig er í verkefnisstjórninni.

Innleiðing rafræna skilríkja

Góður gangur hefur verið í útgáfu rafræna skilríkja á undanförunum mánuðum, eða allt frá því að tilkynnt var um að samþykkja þyrfti ráðstöfun leiðréttingarinnar með rafrænum skilríkjum. Öll stærstu símafélögin bjóða nú upp á rafræn skilríki á SIM-kortum og sífellt fleiri þjónustuveitendur bætast í hóp þeirra sem bjóða upp á innskráningu með rafrænum skilríkjum, hvort heldur sem það er með korti eða síma.

Eins og áður hefur komið fram þá eru ríkar ástæður fyrir því að samþykkja þurfi ráðstöfun leiðréttingarinnar með rafrænum skilríkjum. Ákvörðunin um nýtingu rafræna skilríkja er tekin til að tryggja öryggi umsækjenda. Mikilvægt er að samþykki fyrir ráðstöfun inn á lán sé óhrekjanlegt, en í þúsundum tilvika hafa orðið breytingar á hjúskaparstöðu og lánum þeirra einstaklinga sem í hlut eiga.

Nýverið lauk Umboðsmaður Alþingis athugun á kvörtunum er honum höfðu borist og beindust að þeirri kröfu að rafræna undirskrift þurfi til að samþykkja leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana.

Í frétt á vefsíðu embættisins segir að af lögum um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana og lögskýringargögnum að baki þeim verði dregin sú ályktun að löggjafinn hafi ætlast til þess að málsmeðferð við leiðréttingu verðtryggðra

fasteignaveðlana yrði rafræn. Ríkisskattstjóra er í þeim fengin heimild til að ákveða form umsókna og ráðherra til að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna. Einnig er gert ráð fyrir rafrænni málsmeðferð í stjórn-sýslulögum. Í þeim og lögum um rafrænar undirskriftir er kveðið nánar á um kröfur til rafrænnar málsmeðferðar og undirskrifa.

Umboðsmaður segir einnig til þess að með vísan til þess hvaða umgjörð löggjafinn hefur búið til fyrir meðferð þessara mála telji hann sig ekki hafa forsendur til að fullyrða að ráðherra hafi verið óheimilt að útfæra hina rafrænu málsmeðferð nánar í reglugerð og setja ákvæði um rafræna undirritun með rafrænum skilríkjum. Umboðsmaður hefur hins vegar bent þeim sem leituðu til hans á að samkvæmt reglugerðinni er heimilt að víkja frá kröfum um samþykki með rafrænni undirritun í tilteknum tilvikum, annars vegar ef umsækjandi er heimilisfastur erlendis og getur ekki aflað sér rafræna skilríkja sem eru viðurkennd hér á landi og hins vegar ef umsækjanda er ómögulegt að komast til útgáfuðila rafræna skilríkja til að sanna á sér deili s.s. vegna dvalar á heilbrigðisstofnun, hrumleika, sjúkdóms eða af öðrum hliðstæðum ástæðum.

Hægt er að fá rafræn skilríki á farsíma og kort. Ekki skiptir máli á hvaða formi skilríkin eru, þau eru öll jafngild. Nánari upplýsingar eru að finna á vefnum skilríki.is og á vef ríkisskattstjóra rsk.is ■

Að viðlögðum drengskap

- starfsmannafundur RSK -

Haustfundur starfsmanna ríkisskattstjóra var haldinn á Grand Hóteli föstudaginn 24. október sl. Líkt og áður var starfsstöðvum embættisins lokað meðan á fundi stóð enda brýnt að allir starfsmenn myndu sækja hann og þeim tilmælum beint til þeirra að taka daginn tímanlega frá af þeirri ástæðu.



Á myndinni eru m.a. Ingibjörg Eiríksdóttir, Hrafnhildur Hauksdóttir, Reynir Jóhannesson, Hulda Pálsdóttir, Hörður Unnsteinsson og Ágústa Ólafsdóttir.



Guðrún Ögmundsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu er formaður verkefnisstjórnar um framkvæmd höfuðstólslækkunar íbúðalána. Hún kynnti hið flókna ferli sem liggur að baki Leiðréttingunni fyrir starfsmönnum á fundinum.

Í upphafi fundar ávarpaði Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra fundargesti og greindi frá sinni sýn á verkefni þau sem starfsmönnum eru falin, með sérstakri áherslu að þessu sinni á verkefni tengd leiðréttingu höfuðstóls verðtryggðra fasteignalána enda hefur það viðbótarverkefni sett mikinn svip á allt starf hjá ríkisskattstjóra á þessu ári.

Elín Alma Arthursdóttir sviðsstjóri fagsviðs ber hitann og þungann af skipulagningu fræðslumála innan ríkisskattstjóraembættisins. Hún fór yfir þá sí- og endurmenntun sem mikið er í boði af innan embættisins, en yfir vetrartímann eru yfirleitt nokkrir fræðslufundir í hverri viku sem öllum starfsmönnum stendur til boða að sækja, hvort sem þeir tengjast viðfangsefni þeirra beint eða ekki. Þrátt fyrir að nauðsyn hafi krafist þess að kennslusalur RSK væri tekinn undir tímabundna starfsaðstöðu starfsmanna í Leiðréttingunni hafa tugir fræðslufunda verið haldnir síðasta árið og voru starfsmenn Leiðréttingarinnar varla fluttir í framtíðaraðstöðu þegar fræðslustarf hófst að nýju af fullum krafti nú í haust.

Á starfsmönnum skattýfirvalda hvílir rík trúnaðarskylda. Um hana er fjallað í lögum um opinbera starfsmenn og skattalögum auk þess sem allir sem hefja störf hjá ríkisskattstjóra undirrita drengskaparheit því til áréttingar. Trúnaðarskyldan helst í hendur við það traust sem lagt er á alla starfsmenn þegar þeim er veittur aðgangur að skrámbættisins og full ástæða er til að hnykkja á mikilvægi hennar. Skúli Eggert Þórðarson fór yfir þessa þætti í víðu samhengi og ítrekaði þá áherslu sem er á vandaða meðferð allra upplýsinga hjá

embættinu, burtséð frá þeim lagareglum sem um hana gilda. Brýnt er að allir starfsmenn séu ávallt meðvitaðir um mikilvægi þeirra gagna sem þeir sýsla með í störfum sínum eða verða áskynja um á vinnustað.

Innan embættisins hefur um árabil tíðkast að leita til allra starfsmanna um hvaða fyrirkomulag þeir kjósa að hafa á vinnustaðnum. Að þessu sinni var ákveðið að ná fram sjónarmiðum um hvaða form ætti að vera á sí- og endurmenntun RSK, hvaða tímasetningar hentuðu best til slíkra verkefna, hvers lags námskeiðum þyrfti að koma á dagskrá og hvernig nýta ætti fjarfundabúnað sem best til að miðla þekkingu án tillits til starfsstöðvar. Miklar umræður fóru í gang á þeim 28 borðum sem starfsmönnum var raðað niður á um traust, upplýsingamiðlun og fræðslumál og höfðu allir eitthvað til málanna að leggja. Á hverju borði var borðstjóri sem leiddi umræðuna og skráði niðurstöður hennar til frekari úrvinnslu.

Um miðbik fundarins höfðu fundarmenn sem ekki höfðu þá þegar virkjað rafræn skilríki í farsímum sínum tækifæri til að fá aðstoð fulltrúa símfyrirtækja í þeim tilgangi og nýttu fjölmargir sér það. Höfðu þeir margir hverjir á orði að ferlið hefði verið einfaldara en þeir hefðu átt von á og jafnvel hissa á að einföld eða frekar gömul símtæki gætu allt eins stutt rafræn skilríki eins og þau nýju og dýrari.

Verkefnisstjórn um innleiðingu rafrænna skilríkja skipa Hugu Ósp Reynisdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og Yngvi Örn Kristinsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja.



Sigurbjörg Björgúlfsdóttir, Jóhanna Kristín Gunnlaugsdóttir og Rósa Sveinsdóttir.

Verkefnisstjórnin réði á haustdögum Árna Sigfússon verkefnisstjóra innleiðingarinnar og hefur hann unnið ötullega að verkinu síðan. Árni fór yfir innleiðingarferlið fyrir starfsmenn á fundinum, greindi frá sögulegum þáttum sem liggja til grundvallar, stöðunni í dag og stefnu til framtíðar. Ljóst má vera að hafi einhver verið í vafa um öryggi eða nytsemi rafrænna skilríkja fyrir kynninguna var svo ekki lengur í lok fundarins.

Síðari hluta hvers árs fara allir starfsmenn ríkisskattstjóra í starfsmannasamtal með sínum næsta stjórnanda. Form samtalanna tekur ávallt breytingum á milli ára eftir því hvaða áherslur eru lagðar hverju sinni. Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri kynnti form og áherslur starfsmannasamtals 2014 á fundinum. Sú nýbreytni verður nú tekin upp að gera áætlun um starfsþróun hvers og eins starfsmanns. Farið var yfir hvað felst í starfsþróun, en aldrei er það víst svo að ekkert megi bæta í störfum, þekkingu eða ferlum. Að auki verður markvisst farið í uppfærslu eða gerð starfslýsinga fyrir hvern og einn starfsmann og tryggt að liggi fyrir hver leysi úr verkefnum sem hann ber ábyrgð á að honum fjarstöddum, hvort sem er vegna veikinda, orlofs eða af öðrum ástæðum. Þessir þættir, starfsþróunaráætlun og starfslýsing, koma í ár til viðbótar við hið hefðbundna starfsmannasamtal þar sem



Nýir starfsmenn frá síðasta starfsmannafundi gerðu vart við sig með því að rísa á fætur. Á myndinni má sjá Helgu Lilju Aðalsteinsdóttur úr höfuðstöðsleiðréttingum, Bjarna Hliðkvist Kristmarsson af skráasviði og Gunnlaug Guðjónsson af tæknisviði sem öll hafa nýlega hafið störf hjá embættinu. Á myndinni eru einnig Gunnar Karlsson, Pétur Ólafsson, Pálmi Jónsson og Guðrún Bjarnþórsdóttir.



Jón Stefán Björnsson, Guðmundur Hermannsson og Svala Stefánsdóttir fylgjast áhugasöm með.

liðið ár er metið með starfsmanni hvað varðar gæði úrlausnar verkefna, skilvirkni, viðveru, samskipti, aðbúnað og annað er máli skiptir. Ný útfærsla á úrvinnslu samtalanna var einnig kynnt en með henni er ábyrgðarsvið stjórnenda á því er fram kemur í samtölunum gert skýrt.

Guðrún Ögmundsdóttir formaður verkefnisstjórnar um framkvæmd höfuðstólslækkunar íbúðalána fór í gegnum hið flókna ferli sem liggur að baki hinni svokölluðu Leiðréttingu og fengu allir starfsmenn þá betri innsýn inn í á hverju málið byggir og hvað hefur gert að verkum að flækjustig verkefnisins er eins gríðarlegt og raun ber vitni. Í kjölfar fyrirlestrar Guðrúnar steig Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir sviðsstjóri höfuðstólsleiðréttinga hjá ríkisskattstjóra í pontu, en hún hefur verið í forsvari fyrir þann hóp innan embættisins sem hefur komið að praktískri útfærslu leiðréttingarinnar og verið í beinum samskiptum við umsækjendur. Jarprúður Hanna sýndi fundarmönnum hvernig fyrirhugað væri að birta niðurstöður Leiðréttingarinnar þegar þær lægju fyrir. Áhersla er á að framsetningin sé einföld og auðskiljanleg, en hægt verður að kalla eftir nánari sundurliðun einstakra þátta með lítilli fyrirhöfn.

Í lok fundardags kynnti Skúli Eggert Þórðarson frumniðurstöður úr þeirri hópavinnu sem fram fór fyrir hádegi. Þó er ljóst að með svo viðamikil mál sem fræðsla innan stórs embættis er tekur full úrvinnsla lengri tíma og reynt verður að styðjast við sjónarmið og áherslur sem starfsmenn leggja í því fræðslustarfi sem framundan er og er í sífældri endurskoðun eftir þörfum hverju sinni. ■

IHG



Boðið var upp á aðstoð fulltrúa símfyrirtækja til að virkja rafræn skilríki í farsímum. Rósa Helga Ingólfssdóttir var ein þeirra sem nýtti tækifærið.



Jóhannes Jónsson bar sem fyrr hitann og þungann af skipulagningu fundarins og sést hér dreifa fundargögnum.

Tekjur ríkis og sveitarfélaga af tekjuskatti og útsvari

Tekjuskattur í staðgreiðslu er í raun tvískiptur skattur; annars vegar tekjuskattur sem rennur til ríkis og hins vegar útsvar sem rennur til sveitarfélags. Þó að tekjuskatti og útsvari sé hvoru tveggja varið til þess að greiða fyrir opinbera þjónustu er í reynd um tvo aðskilda skatta að ræða sem renna til tveggja aðskilinna aðila. Útsvarið er aðskilið frá tekjuskatti á sama hátt og sveitarfélögin eru aðskilin frá ríkinu.

Í álagningu 2014 var tekjuskattur lagður á í þremur þrepum. Lagður var 22,9% skattur á fyrstu 2.760.000 kr. sem


aflað var árið 2013, 25,8% skattur á næstu 5.692.400 kr. og á tekjur yfir 8.452.400 kr. var lagður 31,8% skattur. Í reynd má segja að um tvöfaldan hátekjuskatt sé að ræða, fyrst 2,9% aukaskattur á allar tekjur yfir 2.760.000 kr. og svo 6% hátekjuskattur á allar tekjur yfir 8.452.400 kr. á ári.

Til viðbótar tekjuskatti er lagt útsvar á tekjuskattsstofn. Sveitarfélögin ákveða útsvar í hverju sveitarfélagi. Útsvarið verður þó að falla á milli ákveðins hámarksútsvars og lágmarksútsvars sem er ákveðið af ríkinu. Árið 2013 var lágmarksútsvar 12,44% og hámarksútsvar 14,48% og munaði því 2,04 prósentustigum á hæsta og lægsta útsvari. Vegið meðalútsvar í landinu var 14,42% en

það var það sem var dregið af launum og öðrum greiðslum í staðgreiðslu árið 2013.

Í álagningu 2014 var útsvarið gert upp. Þeir sem búa í sveitarfélagi sem leggur á lægra útsvar fengu endurgreitt, hinir þurftu að greiða mismun á álögðu útsvari í sveitarfélaginu og því sem búið var að draga af í staðgreiðslu.

Ríkið veitir persónuafslátt af tekjuskatti. Hann föst krónutala sem gengur á móti skattgreiðslunni. Árið 2013 var persónuafsláttur 581.820 kr. Gjaldandi greiðir því ekki tekjuskatt til ríkisins fyrir en hann er búinn að fullnýta persónuafslátt á móti tekjuskattinum, þ.e. þegar jaðarskattur, sem var 22,9% af tekjuskattsstofni, var orðinn hærri upphæð en 581.820 kr. Einhleypur framteljandi þurfti því



Tekjuskattur einstaklinga er einn af mörgum sköttum og gjöldum sem ríkið leggur á til að standa undir opinberum rekstri.

Frá sjónarhorni gjaldandans er tekjuskattur u.þ.b. 40 prósentu skattur sem er lagður á allar tekjur yfir skattleysismörkum.

að vera með 2.540.699 kr. í skattskyldar tekjur til að fullnýta persónuafslátt upp í tekjuskatt. Þessar tekjur eru talsvert hærri en skattleysismörk, sem voru 1.559.003 kr. árið 2013. Hjón geta nýtt sér ónýttan persónuafslátt hvors annars.


Skattgreiðandi sem nýtir ekki allan persónuafsláttinn upp í tekjuskatt getur nýtt það sem eftir stendur upp í útsvar. Ríkið greiðir því í raun útsvar þeirra sem nýta persónuafslátt til að greiða útsvar að hluta eða fullu. Það greiðir útsvar þeirra sem eru með tekjur undir skattleysismörkum að fullu og að hluta fyrir þá sem eru yfir skattleysismörkum en undir tekjuskattsmörkum. Tekjuskattur og útsvar voru samanlagt 37,32% og því þurfti skattgreiðandi í reynd ekki að greiða skatt af skattskyldum tekjum sem voru lægri en 1.559.003 kr., sem voru skattleysismörk

í staðgreiðslu árið 2013. Meðal-skattur af tekjum undir þessum mörkum var 0%. Það er ekki fyrr en persónuafsláttur er fullnýttur á móti tekjuskatti sem ríkið fer að hafa tekjur af skattinum. Þetta er ástæðan fyrir því skatttekjur af útsvari eru hærri en af tekjuskatti þrátt fyrir að útsvarið sé hátt í helmingi lægra en tekjuskatturinn. Útsvar er reiknað af öllum tekjum en tekjuskattur aðeins af tekjum yfir tekjuskattsmörkum. Það er ekki fyrr en tekjur eru farnar að nálgast 6,5 milljónir að 25,8% skattur skilar meiri tekjum til ríkis en 14,42% skattur skilar sveitarfélagi.

Persónuafsláttur gerir það að verkum að flestir greiða mun lægri skatt en jaðarskatt af tekjuskattsstofni. Þeir eru þó með tekjur yfir skattleysismörkum og fullnýta persónuafslátt upp í opinber gjöld

og þurfa því að greiða skatt. Þeir greiða fullan jaðarskatt af hverri krónu sem þeir afla umfram skattleysismörk. Þrátt fyrir að um fullan skatt sé að ræða, eða 37,32%, þá er skatturinn sem hlutfall af tekjuskattsstofni, eða meðalskattur, mun lægra hlutfall. Þegar tekjur hækka og stærri hluti tekna er fyrir ofan skattleysismörk hækkar meðalskatturinn uns hann nálgast jaðarskattinn óendanlega mikið. Meðalskattur af þremur milljónum er um 18%. Meðalskattur af tíu milljónum er um 34,2% og meðalskattur af 20 milljónum er um 40,2%. Þeir sem voru með 50 milljónir í tekjuskattsstofn greiddu 43,8% tekna í skatt, sem er þó lægra hlutfall en jaðarskatturinn sem var 46,22%. ■

PK





Válisti í virðisaukaskatti

Ríkisskattstjóri viðhefur reglulegt eftirlit með virðisaukaskatti. Hluti þess eftirlits miðar að því að fella af virðisaukaskattsskrá þá aðila sem eru með viðvarandi áætlanir í virðisaukaskatti, þ.e. aðila sem skila ekki virðisaukaskattsskýrslum og sæta því ítrekað áætlun skattyfirvalda. Þetta eftirlit er framkvæmt á grundvelli 27. gr. A laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem bætt var við lögin með 9. gr. laga nr. 163/2010. Við gildistöku ákvæðisins hinn 1. janúar 2011 var miðað við að aðili hefði sætt áætlun virðisaukaskatts samfelld í tvö ár eða lengur en var stýtt í tvö uppgjörstímabil eða lengur samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2013 sem tóku gildi hinn 10. apríl 2013.

Virðisaukaskattsnúmer á válista

Leita eftir nafni, kennitölu eða virðisaukaskattsnúmeri

Nafn

Kennitala

Virðisaukaskattsnúmer

Leita >

Leita eftir upphafsstaf

0-9 A Á B C D E É F G H I Í J K L M N O Ó P Q R S T U Ú V X Y Ý Z Þ Æ Ö

Nöðurstöður 1 - 50 af 357

< Fyrri | Næsta >

Virðisaukaskattsnúmerum á válista má fletta upp eftir nafni, kennitölu eða virðisaukaskattsnúmeri félags á rsk.is.

Með skráningu á virðisaukaskattsskrá hvílir m.a. sú lagaskylda á viðkomandi aðila að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni á vöru og þjónustu og standa skil á honum í ríkissjóð ásamt því að skila virðisaukaskattsskýrslu til ríkisskattstjóra eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils. Þegar skattaðilar verða uppvísir að því að bregðast þessari ótvíræðu lagaskyldu og valda ríkissjóði og sam-

keppnisaðilum þar með stórfelldu tjóni er ljóst að aðgerða er þörf, þ.m.t. getur reynst nauðsynlegt að fella viðkomandi aðila af virðisaukaskattsskrá á grundvelli ákvæðis 27. gr. A.

Með því að fella aðila af virðisaukaskattsskrá er honum óheimilt að innheimta virðisaukaskatt. Geri hann það engu að síður og gefur út reikninga með virðisaukaskatti er viðskiptavinum hans

óheimilt að nýta þann virðisaukaskatt sem innskatt því samhliða gildistöku 27. gr. A var gerð sú breyting á 1. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt að sett var sem skilyrði fyrir frádrætti innskatts að seljandi viðkomandi vöru eða þjónustu væri skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskiptin áttu sér stað. Með gildistöku 5. og 6. gr. laga nr. 69/2012, um breytingu á lögum nr. 50/1988, hinn 3. júlí 2012 var sama skilyrði sett fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts á grundvelli 42. og 43. gr. laganna, t.d. til opinberra aðila og til íbúðareigenda.

Á vefsvæði embættis ríkisskattstjóra, rsk.is, er með einföldum hætti unnt að ganga úr skugga um það hvort einstaka aðili er skráður á virðisaukaskattsskrá eða ekki. Í framhaldi af þessu eftirliti hefur ríkisskattstjóri ákveðið að koma upp lista, svokölluðum válista, yfir þá aðila sem afskráðir hafa verið á grundvelli framangreinds ákvæðis 27. gr. A. Válistinn er ekki síst hugsaður fyrir atvinnulífið en einnig fyrir aðila utan rekstrar sem vilja kynna sér stöðu viðsemjenda síns, þ.e. til þess að gera þeim auðveldara að glöggva sig á því hvort þeim sé óhætt að leggja reikning frá honum til grundvallar endurgreiðslubeiðni eða færslu á innskatti. Jafnframt er válistinn ákveðin forvörn þar sem ætla má að aðili telji það ekki beinlínis eftirsóknarvert að sjá nafn sitt á honum. Ítrekað skal þó að válistinn er ekki tæmandi listi yfir afskráð virðisaukaskattsnúmer.

Ákvæði 27. gr. A tók sem fyrr segir gildi hinn 1. janúar 2011 og strax á því ári voru 319 aðilar felldir af grunnskrá virðisaukaskatts á grundvelli þess, þ.e. 256 einstaklingar og 63 lögaðilar. Frá þeim tíma hafa 342 einstaklingar til viðbótar verið felldir af virðisaukaskattsskrá og 205 lögaðilar, eða samtals 547 aðilar. Frá því ákvæðið tók gildi hafa því alls 866 aðilar verið felldir af virðisaukaskattsskrá á grundvelli þessa ákvæðis, 598 einstaklingar og 268 lögaðilar. Mælt var með þessari aðferð í skýrslu samtaka evrópskra



Sigurður Jensson sviðsstjóri eftirlitssviðs og Óskar H. Albertsson skrifstofustjóri á atvinnurekstrarsviði hafa borið hitann og þungann af innleiðingu válista í virðisaukaskatti og verkefnið verið unnið í góðri samvinnu þeirra eininga.

skattyfirvalda, IOTA, um áhættusvið í virðisaukaskatti (VAT Risk Areas), sem greint var frá í októberhefti Tíundar 2010.

Það er rétt að taka fram að um heimildarákvæði er að ræða og er því þess vegna ekki beitt fyrr en í lengstu lög og í samræmi við almennar málsmeðferðarreglur og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga. Því er ekki um fyrirvaralausa afskráningu að ræða. Þá er afskráning á grundvelli 27. gr. A kæránleg til ríkisskattstjóra og uni menn ekki úrskurði hans er unnt að skjóta málinu til yfirséðanefndar.

Afskráning á grundvelli 27. gr. A setur aðila í þrönga stöðu því fyrir utan fyrir-sjáanlegt tap á viðskiptum eru sett ströng skilyrði fyrir endurskráningu, og þar með brottfalli af válistanum, þeirra aðila sem afskráðir hafa verið á grundvelli ákvæðisins. Þessi skilyrði koma fram í 2. mgr. 27. gr. A sem er svohljóðandi: „Skattaðili sem hefur verið felldur af virðisaukaskattsskrá skv. 1. mgr. [27. gr. A] getur ekki skráð sig aftur nema hann hafi gert fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti. Í stað fullnægjandi skila á virðisaukaskatti getur ríkisskattstjóri heimilað skattaðila að leggja fram tryggingu í formi skilyrðislausrar sjálfskuldarábygðar banka fyrir endurákvörðunum virðisaukaskatti skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar, að viðbættu álagi, vöxtum og öðrum innheimtukostnaði.“

Virðisaukaskattur er stærsti einstaki tekjustofn ríkissjóðs og því skiptir traust framkvæmd miklu máli fyrir afkomu hans. Ríkisskattstjóri metur þessar aðgerðir nauðsynlegar í því skyni og jafnframt skipta þær máli fyrir þá sem eiga í samkeppni við aðila sem engu skila. Heilbrigður rekstur á ekki að líða fyrir þá aðila sem ekki sinna

um árábil starfað fyrir einn vinnuveitanda sem verktakar, sem engu skila, en ættu að réttu lagi að teljast launamenn. Framangreind háttsemi er á allan hátt forkastanleg og við því þarf að bregðast.

Það er markmið ríkisskattstjóra að þeir aðilar sem eru á virðisaukaskattsskrá séu skráðir á réttum forsendum og standi undir

”

Af þessum ástæðum hefur ríkisskattstjóri ákveðið að koma upp lista, svokölluðum válista, yfir þá aðila sem afskráðir hafa verið

skyldum sínum og eru hugsanlega að undirbjóða vinnu sína og vörur með því að standa ekki skil á innheimtum virðisaukaskatti eða öðrum sköttum. Með þessari aðgerð er ríkisskattstjóri að afskrá aðila af virðisaukaskattsskrá sem í flestum tilvikum hafa ekki skilað nokkru til ríkissjóðs árum saman, hvorki innheimtum virðisaukaskatti né staðgreiðslu og tryggingagjaldi. Í einhverjum tilvikum virðist líka vera um gerviverktöku að ræða, þ.e. aðila sem hafa

lagaskyldum sínum. Það er þó sem betur fer mikill minnihluti aðila sem bregst laga-skyldunum með framangreindum hætti og jafnframt nauðsynlegu trausti til þess að rækja þær. Það er því neyðarúrræði að víkja þeim af skrá en í staðinn fáum við heilbrigðara umhverfi sem í eru rekstraraðilar sem skilja mikilvægi þessa fyrirkomulags fyrir samfélagið. ■

SJ/ÓHA

Umsóknir um störf hjá RSK

- sprenging í fjölda umsækjenda -



Inga Hanna Guðmundsdóttir
starfsmannastjóri

Í gegnum árin hefur gengið vel að manna þau störf sem losna hjá ríkisskattstjóra vegna eðlilegrar endurnýjunar í mannafnanum auk þess sem embættinu eru á stundum fengin ný verkefni til úrlausnar sem kalla á tilfærslur í starfsmannahaldi og jafnvel aukinn fjölda starfsmanna.

Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 breyttist umhverfi ráðninga hjá embættinu mikið enda heyrði lengi eftir það til algerra undantekninga að starfsmenn segðu starfi sínu lausu. Ótryggt efnahagsumhverfi leiddi til þess að ríkið þótti mun vænlegri kostur sem vinnuveitandi en áður vegna starfsöryggis sem almennt er þar við lýði og vissu um að laun yrðu greidd út á tilsettum tíma.

Árin eftir hrun var ríkisskattstjóra, líkt og öðrum ríkisstofnunum, gert að draga saman í rekstri og leita allra leiða til hagræðingar þar sem fjárveitingar voru skertar verulega ár eftir ár. Starfsmannavelta, þótt lítil væri, var nýtt til að ná fram hagræðingu í launakostnaði og verkefnum þeirra sem létu af störfum var dreift á aðra starfs-

menn sem höfðu eitthvað svigrúm til að bæta á sig ábyrgð. Ekki var því sjálfgefið að ráðið væri í störf þeirra sem létu af störfum vegna aldurs eða af öðrum ástæðum.

Frá sameiningu ríkisskattstjóra og sjálfstæðra embætta skattstjóra í ársbyrjun 2010 hefur enn aukist sú krafa um hagræðingu sem gerð er til embættisins jafnframt því að fjölgað hefur verið þeim verkefnum sem lögboðið er að það sinni.

Í kjölfar ákvörðunar um að fjölga störfum á Norðurlandi með því að flytja þjónustuver sem rekið hafði verið í Reykjavík til Akureyrar og Siglufjarðar var í september 2013 auglýst eftir nýjum starfsmönnum í þjónustuver. Alls bárust 108 umsóknir um þessi störf og voru sex nýir starfsmenn ráðnir, fimm á Akureyri

**STARFATORG**

A+ A- +

Áskrift | @

Leita

Veldu ráðuneyti

Forsíða

Heilbrigðisþjónusta

Kennsla og rannsóknir

Sérfræðistörf

Skrifstofustörf

Tæknistörf

Önnur störf

Forsíða > Sérfræðistörf

» Reglur um auglýsingar

» Verklagsreglur

» Hverjir geta auglýst?

» Ríkið sem vinnuveitandi

» Áskrift - @ og RSS

» Um starfatorgið

Hvað finnst þér um þennan vef?

?

Sérfræðistörf

Sérfræðingur - Ríkisskattstjóri - Reykjavík

26/8/2014

Ríkisskattstjóri annast álagningu opinberra gjalda og annarra skatta, skatteftirlit og heldur fyrirtækjaskrá, hlutafélagaskrá, firmaskrá og ársreikningaskrá. Starfsmenn eru um 250 á nýju starfsstöðum, þar af um 150 í aðalstöðum í Reykjavík.

[Lesið meira](#)

Löggiltur endurskoðandi - Fjársýsla ríkisins - Reykjavík - 201408/656

21/8/2014

Fjársýsla ríkisins óskar eftir að ráða löggiltan endurskoðanda í áhugavert og krefjandi framtíðarstarf.

[Lesið meira](#)

Sérfræðingur - Lánamál ríkissjóðs - Seðlabanki Íslands - Reykjavík - 201408/655

21/8/2014

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á sviði markaðsviðskipta- og fjárfstýringar, lánamál ríkissjóðs. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

[Lesið meira](#)



Hrefna Björnsdóttir, Hildur Eysteinsdóttir, Ingibjörg Þóra Arnarsdóttir og Halla Jónsdóttir hafa allar starfað árum saman hjá RSK og eiga það sammerkt að þær störfuðu allar áður hjá skattstjórum.

og einn á Siglufirði. Vert er að taka fram að allir þeir sem störfuðu áður í þjónustuverinu í Reykjavík voru færðir til í önnur verkefni við hæfi sem starfsmannavelta hafði m.a. gert að verkum að mannekla var í.

Í nóvember 2013 stóð yfir undirbúningur að breytingum á afgreiðslu embættisins á Laugavegi 166 og í tengslum

fyrir miklar menntunarkröfur bárust 105 umsóknir um starfið og uppfylltu flestir umsækjenda þau skilyrði sem sett voru fram. Umsóknir voru metnar út frá menntun, reynslu, bakgrunni og þeirri almennu ritfærni umsækjenda sem fram kom í umsóknum þeirra. Ekki reyndist unnt að taka nema hluta þeirra í atvinnuviðtal vegna fjölda og voru við-

sem megininntak daglegrar vinnu felst í þjónustu og upplýsingagjöf, m.a. með móttöku, símsvörun og almennri afgreiðslu. 370 umsóknir bárust um störfin og var þá slegið met í fjölda umsókna vegna einnar atvinnuauglýsingar ríkisskattstjóra. Hópurinn var þrengdur niður eftir hlutlægum forsendum og í kjölfarið var 145 umsækjendum boðið að koma og kynna sig í fimm mínútur fyrir starfsmannastjóra og hópstjóra án þess að nokkrar spurningar væru bornar upp á meðan. Af þeim sem boðið var þáðu 120 að koma og kynna sig á þennan hátt og voru kynningarnar afar ólíkar innbyrðis en margar hverjar feiknalega góðar og vel undirbúnar. Á grundvelli heildstæðs mats á kynningum og umsóknargögnum var kallað til hefðbundinna atvinnuviðtala og átta nýir starfsmenn ráðnir til tímabundinna starfa við þetta krefjandi verkefni.

Ríkisskattstjóri tók í fyrsta sinn þátt í átaksverkefni á vegum Vinnumálastofnunar sem ætlað var að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn á milli anna í sumar. Tvö slík störf hjá ríkisskattstjóra voru auglýst á vefsvæði Vinnumálastofnunar og barst 101 umsókn.

Til viðbótar við auglýst störf geta áhugasamir ávallt sent inn opna umsókn og látið ferilskrá sína fylgja með á slóðinni rsk.is/starf. Að þeim umsækjendum meðtöldum má ætla að heildarfjöldi um-

”

370 umsóknir bárust um störf við höfuðstóls-leiðréttingar og var þá slegið met í fjölda umsókna vegna einnar atvinnuauglýsingar ríkisskattstjóra

við það var auglýst eftir starfsmönnum í tvö störf við móttöku viðskiptavina, upplýsingamiðlun og leiðbeiningar um skattamál og fyrirtækjaskrá. Alls bárust 226 umsóknir um þau störf.

Snemma í marsmánuði sl. var auglýst eftir lögfræðingi til starfa tímabundið í 12 mánuði á skráasviði. Gerð var krafa um Cand. jur. eða próf á meistarastigi á sviði lögfræði auk annarra þátta. Þrátt

töl því afmörkuð við þá 12 umsækjendur sem hæfastir þóttu á grundvelli umsókna sinna.

Í byrjun apríl sl. var auglýst eftir háskólamenntuðum liðsauka til að starfa við framkvæmd á leiðréttingu á höfuðstól verðtryggðra fasteignaveðlana og ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána. Um var að ræða störf í framlínu framkvæmdarinnar þar

LEIÐRÉTTINGIN

Áformað er að ríkisskattstjóri hafi umsjón með framkvæmd leiðréttinga á höfuðstól fasteignaveðlana og ráðstöfun séreignarsparnaðar til lækkunar á höfuðstól fasteignaveðlana. Verkefnið er viðamikið og verður tímabundið til 15 – 24 mánaða. Vegna þess er í undirbúningi að ráða til RSK viðbótarmannafla til að annast þessa framkvæmd.

Stofnuð hefur verið ný sjálfstæð eining sem mun hafa á hendi umsjón með framkvæmd leiðréttinga á höfuðstól verðtryggðra fasteignaveðlana einstaklinga og ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól þeirra í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi. Starfsmenn munu framan af sinna leiðbeiningagjöf og aðstoð við umsækjendur á umsóknartímanum, en síðar úrvinnslu og afgreiðslu umsókna og eftir atvikum öðrum verkefnum.

Starfsmenn ríkisskattstjóra eru um þessar mundir 250 á níu starfsstöðvum, þar af um 150 í aðalstöðvum í Reykjavík en verkefnið verður vistað þar.

Menntunar- og hæfnikröfur

- Haldgóð háskólamenntun
- Mjög gott vald á rituðu máli
- Að geta greint aðalatriði frá aukaatriðum
- Hæfni til að skýra forsendur ákvarðana
- Framkvæði
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta


Frekari upplýsingar veitir Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri í síma 442 1151.

Umsókn skal fylla út á vefslóðinni rsk.is/starf. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með í viðhengi.

Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2014. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Umsóknir gilda í 6 mánuði. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag.

Meginstefna RSK í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli og unnið er eftir gildunum: Fagmennska – Jákvæðni – Samvinna.

Fyrirvari: Áformað ráðningarfæri ræðst endanlega af lögum frá Alþingi.



Nánari upplýsingar á rsk.is

sækjenda um störf hjá ríkisskattstjóra sé nálægt 1000 á 12 mánaða tímabili.

Sífelld virðist færast í aukana að umsækjendur sem ekki hljóta brautargengi við ráðningu í starf óski eftir formlegum rökstuðningi fyrir henni sem þeir eiga almennt rétt á. Samkvæmt 21. gr. stjórn-sýslulaga getur umsækjandi sem ekki hlýtur starf krafist rökstuðnings fyrir ráðningu í starfið en það á þó ekki við um störf sem ekki eru auglýsingaskýld,

s.s. vegna tímabundinna vinnumarkaðs-úrræða á vegum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Í rökstuðningi skal koma fram af hverju sá sem varð fyrir valinu var ráðinn, en ekki ástæður þess að sá sem krefst rökstuðnings fékk ekki starfið. Þrátt fyrir takmarkanir þessar hefur borið á að umsækjendur geri kröfu um að fá mat á eigin umsókn í samanburði við aðrar og jafnvel það mikið magn gagna að ætla má að þurfi samþykki Persónuverndar fyrir.

Jafnvel þótt jákvætt sé fyrir vinnustaðinn að hafa úr fjölmörgum mjög hæfum umsækjendum að velja fyrir hvert starf má ætla að það komi ekki til af góðu og atvinnuástandið í landinu sé ekki eins og best verður á kosið. Í árlegri könnun um Stofnun ársins sem starfsmenn ríkisskattstjóra, líkt og aðrir ríkisstarfsmenn, taka þátt í er ein þeirra fullyrðinga sem tekin skal afstaða til svohljóðandi: „Ég get mælt með vinnustaðnum sem góðum

”

þarf að vera ákveðinn
samhljómur í verkum
þótt ólík sjónarmið
séu nauðsynleg þegar
leiðin að réttu niður-
stöðunni er rötuð

*Bylgja Jóhannesdóttir, Kristín
Hanna Bjarnadóttir, Sara
Halldórsdóttir, Sandra Einarsdóttir
og Valdimar Þengillsson voru
ráðin til starfa í þjónustuveri
ríkisskattstjóra á Akureyri.*



vinnustað við vini mína“ og er hún hluti af yfirflokknum „ánægja og stolt“. Svör eru á fimm þrepa skala og gáfu starfsmenn ríkisskattstjóra vinnustað sínum góða einkunn í þessum þætti, 4,55 af 5 mögulegum. Þetta viðhorf starfsmanna til vinnustaðarins endurspeglar í umsóknunum um laus störf því mjög algengt

er að umsækjendur nefni að þeir þekki til starfsmanna embættisins og hafi heyrt vel af vinnustaðnum látið.

Við ráðningar í störf er mikilvægt að gæta að því að bakgrunnur umsækjanda falli að eðli þess starfs sem ráðið er í, að hluta til að tryggja viðeigandi hæfni starfsmanns en ekki síður til að hámarka líkur

á starfsánægju, vexti og endingu í starfi. Miklu skiptir að sá sem valinn er sé líklegur til að falla vel inn í hóp þeirra sem hann kemur til með að vinna mest með. Þar þarf að vera ákveðinn samhljómur í verkum þótt ólík sjónarmið séu nauðsynleg þegar leiðin að réttu niðurstöðunni er rötuð. ■



Kristjana Ingimarsdóttir aðstoðar viðskiptavin í þjónustubás.

Afslættir og bætur

Ívilnanir, afslættir og bætur eiga að milda skattbyrði gjaldenda sem eru taldir hafa skert gjaldþol vegna sérstakra aðstæðna. Persónuafslátturinn sér til þess að fólk með lágar tekjur greiði lítinn hluta tekna í skatt á meðan þeir sem eru með háar tekjur greiða mun hærra hlutfall af þeim. Þá er skattbyrði þeirra sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið eða hafa börn á framfæri milduð með bótum og sérstakt tillit er tekið til einstæðra foreldra. Fólk með sömu tekjur þarf því ekki að greiða sama hlutfall tekna í skatt og fólk sem greiðir sama hlutfall tekna í skatt nýtir ekki endilega sambærilega opinberu þjónustu.

Ráðstöfun persónuafsláttar 1994 til 2014

Upphæðir í milljónum króna á föstu verðlagi ársins 2013

Tekjuár	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Persónuafsláttur	126.786	129.752	124.653	126.716	128.796	129.092	129.942	128.008	138.108	125.445	144.357	148.722	140.880	143.427	144.204
Ráðstöfun persónuafsláttar:															
Til greiðslu tekjuskatts	107.783	111.737	108.298	110.056	112.211	113.218	114.400	113.315	121.100	109.600	121.619	124.061	118.904	121.281	122.484
Til greiðslu útsvars	8.983	8.658	7.855	8.016	7.696	7.104	7.413	7.167	8.282	7.160	9.373	10.311	10.072	10.163	9.915
Til greiðslu eignarskatts	811	903	793	499	511	566	-	-	-	-	-	-	-	385	382
Til greiðslu sérstaks eignarskatts	43	49	43	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1
Til greiðslu fjármagnstekjuskatts	113	121	111	118	113	124	190	229	304	511	582	482	351	339	343
Ónýttur persónuafsláttur	9.126	8.343	7.619	8.096	8.340	8.147	8.016	7.366	8.498	8.253	12.860	13.952	11.638	11.331	11.070
Samtals	126.786	129.752	124.653	126.716	128.796	129.092	130.020	128.077	138.185	125.524	144.435	148.806	140.964	143.500	144.194
Sjómannaafsláttur í tekjuskatt	2.640	2.539	2.307	2.371	2.284	2.201	1.995	1.734	1.649	1.390	1.518	1.469	1.069	680	311
Skattaafsláttur samtals	129.426	132.291	126.960	129.087	131.081	131.294	132.015	129.811	139.834	126.914	145.953	150.275	142.033	144.179	144.505
Millifærður frá maka	3.200	3.139	2.645	3.001	2.952	2.642	2.989	2.988	3.165	2.680	3.157	3.210	2.829	2.619	2.514
Fjöldi gjaldenda sem nýta afslátt:															
Til greiðslu tekjuskatts	204.521	208.957	210.497	211.663	214.368	218.347	222.474	228.173	234.924	237.674	235.970	237.442	237.540	226.029	240.435
Til greiðslu útsvars	81.375	77.795	72.952	72.899	71.016	66.881	67.838	66.376	72.795	72.244	85.486	92.926	89.282	89.491	86.342
Til greiðslu eignarskatts	10.037	10.357	8.418	8.316	7.664	7.546	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Til greiðslu sérstaks eignarskatts	2.554	2.712	2.259	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Til greiðslu fjármagnstekjuskatts	10.694	9.511	8.682	9.054	8.787	8.549	10.079	10.588	12.040	19.247	36.733	5.832	4.640	4.081	4.319
Millifærður frá maka	16.934	15.858	12.965	13.411	11.858	10.753	12.066	12.026	11.935	12.394	12.021	11.494	10.291	9.656	9.349
Ónýttur persónuafsláttur	46.049	43.341	39.359	40.640	29.056	28.492	29.098	28.252	30.829	32.831	41.553	43.233	38.491	37.486	36.865
Sjómannaafsláttur	7.991	7.727	7.702	7.464	7.119	7.059	6.743	6.255	5.997	5.736	5.720	5.801	5.889	5.811	5.580
Fjöldi framtala	209.742	214.142	215.610	217.063	219.685	223.225	227.187	233.522	240.817	244.097	243.522	245.424	244.720	246.621	247.849

Skattar framteltjenda sem hafa skilað ófullkomnu skattframtali eða hafa vegna sérstakra aðstæðna ekki verið reiknaðir í álagningarkerfi ríkisskattstjóra eru handreiknaðir af starfsmönnum. Skattstofnar þessara framteltjenda eru ýmist ekki fyrirliggjandi eða ekki sambærilegir við skattstofna annarra framteltjenda og er þeim því sleppt í töflunni hér að ofan.

Upplýsingar byggja á skattframtölum einstaklinga og miðast þær við stöðu gagna strax að loknum framtalsskilum í júlí ár hvert, fyrir breytingar sem gerðar eru vegna kærumeðferðar og síðbúinna framtalsskila.


Persónuafsláttur

Ríkið veitir persónuafslátt af tekjuskatti. Þeir sem fullnýta ekki allan persónuafslátt á móti tekjuskatti geta nýtt það sem eftir stendur upp í aðra skatta: fjármagnstekjuskatt, auðlegðarskatt og viðbótarauðlegðarskatt. Þá geta samskattaðir gjaldendur nýtt persónuafslátt maki. Skattleysismörk ráðast þannig af samspili skatthlutfalls og persónuafsláttar. Ef skatthlutfallið er hækkað þarf að hækka persónuafslátt ef skattleysismörk eiga ekki að síga. Að sama skapi þarf að lækka persónuafslátt ef skatthlutfallið er lækkað og skattleysismörk eiga að haldast óbreytt. Ef skatthlutfallið er hækkað þýðir það hins vegar að jaðarskattar, eða skattar sem greiddir eru af hverri krónu umfram skattleysismörk, verða hærri. Meðalskattur, þ.e. jaðarskattur að frádregnum persónuafslætti, er sá skattur sem gjaldandinn ber þegar allt kemur til alls, eða m.ö.o. hlutfall skatta af tekjum. Á tíunda áratugnum var skatthlutfallið lækkað umtalsvert en á móti lækkaði persónuafsláttur nokkuð. Skattleysismörk héldu því nokkurn veginn verðgildi sínu. Tekjur hækkuðu mikið á þessum árum og því greiddu fleiri skatta og meðalskattur hækkaði.

Persónuafsláttur var 581.820 kr. árið 2013. Framteljendur á skattgrunnsskrá voru 268.451 sem þýðir að samanlagður persónuafsláttur til ráðstöfunar var tæplega 156,2 milljarðar. Persónuafsláttur er aðeins veittur af sköttum. Þeir sem eru ekki með neinar tekjur eða lágar tekjur nýta því persónuafsláttinn ekki að fullu. Veittur er því talsvert hærri persónuafsláttur en sá sem er nýttur. Árið 2014 voru skattar 247.849 framteljenda reiknaðir í álagningarkerfi ríkisskattstjóra. Þar af nýttu 240.435 persónuafslátt upp í tekjuskatt, þ.e. allir sem voru með tekjur. Útsvar var lagt á 256.689 framteljendur og því voru 16.254 framteljendur með tekjur handreiknaðir. Þessir framteljendur hafa nýtt persónuafslátt í tekjuskatt, en þeim er þó sleppt í þessari umfjöllun. Ef þeir sem voru reiknaðir í álagningarkerfi ríkisskattstjóra eru skoðaðir þá gaf ríkið eftir 122,5 milljarða í tekjuskatt til þeirra sem nýttu persónuafslátt. Það er rétt rúmum 1,2 milljörðum meira en árið 2012. Þá nýttu 86.342 framteljendur skattaafslátt til greiðslu útsvars. Þessir framteljendur voru með tekjur en nýttu ekki allan persónuafsláttinn upp í tekjuskattinn, þ.e., þeir voru með tekjur undir 2.540.699 kr. en 22,5%

Persónuafsláttur


Milljarðar kr.



Persónuafsláttur lækkaði nokkuð á tíunda áratugnum en hefur aftur hækkað á undanföllum árum. Árið 2012 var tekjuskattur að frádregnum persónuafslætti um 123 milljarðar. Persónuafsláttur sem var nýttur til greiðslu tekjuskatts var um 122 milljarðar. Nær helmingur reiknaðs tekjuskatts var því endurgreiddur í gegnum persónuafsláttinn.

Sjómannafsláttur

Milljarðar kr.



Sjómannafsláttur á sér langa sögu í skattkerfinu. Upprunalaga var hann hugsaður sem styrkur til útgerðar. Síðustu tvo áratugi hefur vægi hans hins vegar farið minnkandi. Sjómannafsláttur var nú veittur í síðasta sinn.

”

Skattleysismörk ráðast þannig af samspili skatthlutfalls og persónuafsláttar. Ef skatthlutfallið er hækkað þarf að hækka persónuafslátt ef skattleysismörk eiga ekki að síga



af þessari upphæð samsvara 581.820, sem er sá afsláttur sem ríkið veitti af sköttum árið 2013. Einhverjum kann að þykja það merkilegt að við útreikning á sköttum hafa hin eiginlegu skattleysismörk, sem voru 1.559.003 árið 2013 mjög litla þýðingu nema við útreikning á útvarpsgjaldi og gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Alls nýttu landsmenn 144,2 milljarða af þeim persónuafslætti sem í boði var, sem var um 776 milljónum meira en árið áður. Árið 2013 fullnýttu 36.865 manns ekki persónuafslátt, eða 621 færri en árið 2012. Landsmenn nýttu ekki tæpan 11,1 milljarð af þeim persónuafslætti sem þeir áttu. Persónuafslátturinn sjálfur var sem áður sagði 581.820 árið 2013, eða

skipi, eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, átt rétt á sjómannaafslætti. Sjómannaafslátturinn miðast við þá daga sem sjómannsstörf hafa verið stunduð á skipi auk þeirra daga sem veita rétt til launa í veikindum samkvæmt kjarasamningi. Hver dagur reiknast til sjómannaafsláttar með margfeldinu 1,49. Það er þó ekki hægt að fá sjómannaafslátt fyrir fleiri daga en sem nemur ráðningartíma hjá útgerð. Þeir sem eru ráðnir á fiskiskipum undir 20 brúttótonnum verða að vera með a.m.k. 30% tekjuskattsstofns vegna launa fyrir sjómennsku. Þá miðast sjómannaafsláttur beitingarmanna í landi sem ráðnir eru upp á hlut við þá daga sem þeir voru ráðnir til slíkra starfa.

lækkaður og þá hefur þeim fækkað sem starfa á fiskiskipum. Sjómannaafsláttur verður ekki veittur af sköttum árið 2014.

Bætur

Bætur eru ekki óskyldar afslætti í skattkerfinu. Um er að ræða skattalækkun vegna sérstakra aðstæðna sem taldar eru skerða gjaldþol gjaldandans. Bætur eru hins vegar greiddar út óháð skattgreiðslunni sem innt er af hendi og því er ekki útilokað að tekjulágt fólk fái meira greitt í formi bóta en það greiðir í skatta. Sem fyrr greiðir ríkið útsvar þeirra tekjulágu með persónuafslættinum og til viðbótar eru bætur greiddar út óháð því hvort viðkomandi greiði skatt eða ekki.

Barnabætur

Barnabætur eru greiddar foreldrum sem taldir eru hafa skert gjaldþol vegna framfærslu barna. Barnabætur lækkuðu talsvert að raungildi á tíunda áratugnum. Foreldrum voru reiknaðir 13,6 milljarðar í bætur árið 1990. Árið 1999 voru bæturnar komnar niður í tæpa 7,8 milljarða. Þær höfðu lækkað að raungildi um 42,8% á þessum tíma. Barnabætur hækkuðu lítið eitt að raungildi fram til ársins 2004 en þá hækkuðu þær ríflega fram til ársins 2007, í tæpa 12,5 milljarða, eða um 55,8%. Eftir að bankakerfið féll lækkuðu bæturnar aftur fram til ársins 2011. Þá reiknaði ríkisskattstjóri landsmönnum rúma átta milljarða í bætur. Þá fengu 51.762 foreldrar bætur, samanborið við 69.827 í álagningu árið 2010. Ástæðan fyrir þess-

”

Sérstakri vaxtaniðurgreiðslu var ætlað að koma til móts við fólk sem hafði orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu vegna mikillar og ófyrirséðrar hækkunar á fasteignalánum

249 kr. hærri að raungildi en árið 2012. Breytingar á kostnaði ríkis við persónuafslátt má því að mestu skýra með batnandi atvinnuástandi og hærri tekjum sem leiða til hærri skattgreiðslna.

Sjómannaafsláttur

Í gegnum tíðina hafa þeir sem fá greidd laun fyrir sjómannsstörf á íslensku

Sjómannaafsláttur hefur lækkað mikið á undanförunum árum. Tekjuskattur sjómanna var lækkaður um 3,8 milljarða árið 1992. Árið 2000 var sjómannaafsláttur 2,5 milljarðar, var 1,6 milljarðar árið 2007, 1,5 milljarðar árið 2010, 1,1 milljarður árið 2011, 680 milljónir árið 2012 og loks 311 milljónir árið 2013. Sjómannaafsláttur hefur ekki haldið í við verðlag heldur verið

ari miklu lækkun var sú að barnabætur sem greiddar voru með börnum sem voru yngri en sjö ára voru skertar um 3% með hverju barni, sem þýddi að bæturnar féllu í flestum tilfellum niður. Barnabætur voru hækkaðar nokkuð við álagningu 2013, eða um 5,6% að raungildi. Þá hækkuðu skerðingarmörk úr 3,6 milljónum hjá hjónum og 1,8 milljónum hjá einstæðum foreldrum í 4,8 og 2,4 milljónir, eða um þriðjung að nafnverði. Í álagningu nú voru 53.525 foreldrum reiknaðir 9,5 milljarðar í barnabætur. Bæturnar lækkuðu um 600 milljónir og 3.168 færri foreldrar fengu greiddar bætur. Forsendur við útreikning voru óbreyttar frá árinu áður, sem þýðir fjögurra prósentu lækkun ef miðað er við verðlag.


Vaxtabætur

Vaxtabótum, líkt og barnabótum, er ætlað að minnka skattbyrði þeirra sem eru taldir búa við skert gjaldþol vegna félagslegra aðstæðna. Er litið svo á að þeir sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið og hafa af þeim sökum steipt sér í skuldir séu síður aflögufærir og eigi erfiðara með að greiða skatta en hinir sem eru það vel stæðir að búa í skuldlausu íbúðarhúsnæði. Menn eru hins vegar ekki á einu máli um það hvort bætur sem þessar, eða styrkur til kaupa á íbúðarhúsnæði, nái þeim markmiðum sem stefnt er að. Hafa menn bent á að verð á markaði ráðist af framboði og eftirspurn. Með því að niðurgreiða vexti af íbúðarhúsnæði geti fleiri gert tilboð í sömu eignina, og í kjölfarið hækki fasteignaverð sem þýðir að kaupandinn þarf að taka meira að láni og greiða hærri vexti, þannig að bæturnar lenda í vasa seljanda og lánardrottna en ekki kaupandans eins og ætlunin var í upphafi.

Vaxtabætur hækkuðu nokkuð í byrjun tíunda áratugarins. Þær lækkuðu hins vegar árið 2005 en frá árinu 2006 til ársins 2009 hækkuðu vaxtabætur um 4,2 milljarða, eða 46,4%. Árið 2010 hækkuðu þær lítillega en þá var þeim sem skulduðu íbúðalán greiddir tæpir 7,2 milljarðar í sérstaka vaxtaniðurgreiðslu til viðbótar almennum vaxtabótum. Þarna voru gerðar talsverðar breytingar á vaxtabótakerfinu. Í álagningu 2011 voru bætur hækkaðar verulega, sem og hámark vaxtagjalda sem veittu rétt til bóta, en á sama tíma var skerðing vegna tekna aukin og skerðingarmörk vegna eigna lækkuð þannig að færri framteljendur fengu bætur. Sérstakri vaxtaniðurgreiðslu var ætlað að koma til móts við fólk sem hafði orðið fyrir veru-

Milljónir kr.


Barnabætur



Barnabætur hafa lækkað frá árinu 2009.

Milljónir kr.

Vaxtabætur



Vaxtabætur lækkuðu nokkuð undir lok tíunda áratugarins á þeim tíma sem tekjur jukust almennt.

legri kjaraskerðingu vegna mikillar og ófyrirséðrar hækkunar á fasteignalánnum. Ári síðar lækkuðu vaxtabætur um 4,1 milljarð og sérstök vaxtaniðurgreiðsla lækkaði um 940 milljónir. Vaxtabætur lækkuðu því samanlagt um rúma fimm milljarða. Síðan þá hafa vaxtabætur lækkað. Þær voru um níu milljarðar árið 2013 og nú, árið 2014, reiknaði ríkisskattstjóri landsmönnum tæpa átta milljarða í vaxtabætur, og færri fá nú greiddar vaxtabætur en fyrir nokkrum árum. Árið 2010 voru 69.582 reiknaðar bætur vegna skulda í árslok 2009. Árið

2012 reiknuðust 46.415 vaxtabætur og 97.301 fékk sérstaka vaxtaniðurgreiðslu. Nú voru 41.933 einstaklingum reiknaðar bætur, eða 2.943 færri en í fyrra.

Ef litið er framhjá raunvirðislækkun viðmiðunarmarkna þá voru vaxtabætur að mestu óbreyttar á milli ára. Skerðing vegna tekna var hækkuð í 8,5% af tekjuskattstofni úr 8%. Skerðing vegna eigna klípur mjög hratt af bótum þegar eignir fara að myndast og því hefur hækkun á fasteignamati einnig talsverð áhrif á það hversu margir fá greiddar vaxtabætur. ■

PK



Pappírsframtöl að hverfa

Álagning opinberra gjalda framtalsárið 2014 markar enn ein tímamótin í rafrænni stjórnsýslu skattamála á Íslandi. Síðustu ár hafa rafræn framtalsskil óðum rutt sér til rúms og árið 2014 voru pappírsframtöl aðeins eitt þúsund af 260 þúsund framtölum. Framtalsskil með rafrænum hætti voru þannig 99,59% af heildarskilum. Það er nýtt met í rafrænum skattskilum og stór áfangi í því mikilvæga verkefni að gera stjórnsýsluna á Íslandi rafræna með tilheyrandi vinnusparnaði og lægri kostnaði.

Rafræn framtalsskil einstaklinga hófust með skattframtali 1999. Undirbúningur þess verkefnis hófst seint á árinu 1998 þegar Garðar Valdimarsson, þáverandi ríkisskattstjóri, lét hefja athugun á því hvort raunhæft væri að gera almenn- ingi á Íslandi kleift að telja fram til skatts á veraldarvefnum í stað hefðbundinna skila á pappír. Þá hafði nýlega verið tekið í notkun staðlað skattframtal rekstraraðila sem markaði upphafið að rafrænni stjórnsýslu hjá skattstjórum og ríkisskattstjóra.

Þróun rafrænna framtalsskila einstaklinga var á hinn bóginn mun meiri áskorun sem myndi hafa víðtækari áhrif en skil á framtalsupplýsingum lögaðila. Af hálfu ríkisskattstjóraembættisins var Ómari Ingólfssyni, þáverandi yfirmanni tæknideildar RSK, falið að stýra undirbúningi þess að almenningi yrði veitt tækifæri til að nýta sér rafrænan framtalsmáta, en auk Ómars tóku fjölmargir aðrir starfsmenn RSK þátt í þessu verkefni. Við undirbúning þessa nýja framtalsmáta þurfti ekki aðeins að marka nýjan farveg fyrir framtöl í gegnum vefinn, sem þá var óðum að komast í almenna notkun hér á landi, heldur einnig að ákvarða um leið með hvaða hætti yfirferð slíkra rafrænna framtala yrði og í hvaða tækniumhverfi skyldi unnið. Þau spor sem þá voru mörkuð mótuðu þær starfsaðferðir sem starfsmenn skattstjóra og ríkisskattstjóra beittu við yfirferð framtala næstu áratugi.

Á árunum 1997 og 1998 hafði ríkisskattstjóri innleitt nýja aðferð til að skrá

upplýsingar af framtölum með ljósstafalestri, svokallaðri skönnun framtala, en það verklag hafði gengið misjafnlega og sætti talsverðri gagnrýni skattstjóra sem höfðu á þessum tíma með höndum álagningu opinberra gjalda. Hugmyndin að baki framtalaskönnuninni miðaði að því að rafvæða vinnslu á framtölum á

Fyrsta framtalsárið nýttu rösklega 19.000 framteljendur sér þann valkost að skila framtali rafrænt. Var það í góðu samræmi við það sem reiknað hafði verið með. Þegar horft er til baka til þessa tíma þarf að taka tillit til þess hvernig tækniumhverfið var. Fyrstu skrefin til rafvæðingar framtalsskila voru tekin í

”


Fyrstu skrefin til rafvæðingar framtalsskila voru tekin í mun ófullkomnara umhverfi en síðar varð og framtalsgerðin var oft á tíðum mjög tímafrek

skattstofunum þótt áfram yrðu framtals- skilin sjálf á pappír. Framtalaskönnunin tók þannig ekki tillit til þeirra möguleika sem vefurinn hafði upp á að bjóða og varð í reynd úrelt þegar í upphafi þótt markmiðið um rafvædda framtalavinnslu héldi fullu gildi sínu.

Nýr ríkisskattstjóri, Indriði H. Þorláksson, tók við embætti 1. janúar 1999 og fljótlega á nýju ári var stefnan mörkuð um rafræn framtalsskil og samtímis horfið frá skönnun framtala. Indriði hafði sjálfur sannfærst eftir viðræður við samstarfsmenn sína um að framtalsskil í gegnum veraldarvefinn væru framtíðarlausn.

mun ófullkomnara umhverfi en síðar varð og framtalsgerðin var oft á tíðum mjög tímafrek. Engar upplýsingar voru áritaðar til að byrja með og næstu ár fóru í að bæta tæknina og koma í veg fyrir vandkvæði sem á stundum voru býsna algeng, svo sem að framtalsforritin stöðvuðust í miðri vinnslu, þ.e. „frysu“ án nokkurra skýringa á. Gat þá tekið á taugar framteljandans að þurfa að hefja framtalsgerðina að nýju, jafnvel alveg frá byrjun. Síðari tíma áritun upplýsinga og nýtt tækniumhverfi breytti þessu ástandi mjög og jók jafnframt ávinninginn af rafrænum skilum.

Framtalsskil 1999-2014



”

Framundan á næstu tveimur árum er enn meiri einföldun framtalsskila með nýjum framtalsmáta sem nú er í undirbúningi. Pappírsframtöl munu þá ennfremur heyra sögunni til

Annað árið sem rafræn skil voru möguleg, framtalsárið 2000, skiluðu 72.000 framteljendur rafrænu framtali. Benti sú mikla aukning til þess sem koma skyldi þegar fyrir lá að hátt í þriðjungur framteljenda notfærði sér þessa tækni. Stöðugt var unnið að því að bæta tæknilegt aðgengi fyrir framteljendur og samtímis var hafinn undirbúningur að áritun upplýsinga inn á framtöl. Framtalsforrit RSK voru einnig endurbætt samhliða þessu og hin nýja tækni gaf fyrirheit um framtíðina; samræmda vélræna yfirferð framtala.

Á þriðja framtalsárinu, 2001, voru rafræn framtöl orðin 139.000 og nýtti því vel yfir helmingur allra framteljenda sér rafræn framtalsskil, ýmist beint í gegnum vefinn eða í gegnum sérstök framtalsforrit sem einkum voru notuð af endurskoðendum og bókurum. Þá var orðið ljóst að björninn var unninn og að smám saman myndu rafræn framtalsskil taka við af pappírsframtölum.

Grundvallarbreyting varð við framtalsskil ársins 2010 þegar nánast allar upplýsingar voru áritaðar á framtalið. Munaði þar mestu um lagabreytingar á árunum 2008 og 2009 sem kváðu á um að fjármálastofnunum væri skylt að veita ríkisskattstjóra rafrænar upplýsingar um eignir og skuldir allra framteljenda, m.a. til nota við framtalsgerð. Það ár var einnig

000000-0001 Indiana Albertsdóttir Síðasta innskráning 15.12.2014 kl. 11:43 Útskráning

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI skattur.is

Almennt Framtal Vefur Samþykkið

Einfaldað skattframtal

Indiana Albertsdóttir

Samkvæmt grunnskoðun er framtalið villulaust. Hægt er að skrá tilteknar viðbótupplýsingar, sbr. textann hér til hliðar.

Þú ert að bæta inn öðrum upplýsingum þarf að nota almenna framtalið. Það sem heist um raðir eru eftirlitnir atviki:

- Ef þú hefur verið skattgjafi á árinu.
- Ef þú hefur verið skattgjafi með hlutabréfi eða verðbréfi.
- Ef þú hefur verið skattgjafi með skattveitingu á árinu.
- Ef þú hefur verið skattgjafi með skattveitingu á árinu.
- Ef þú hefur verið skattgjafi með skattveitingu á árinu.
- Ef þú hefur verið skattgjafi með skattveitingu á árinu.
- Ef þú hefur verið skattgjafi með skattveitingu á árinu.

Digi einhvern af þessu við í þínu titilli er nóg að velja "Almennt" og staðfesta síðan að framtalið sé rétt að skilum tölu.

Áfram

Hjálp Sundurliðunablað Aftur af framtali 2013 Vefurframtal Útreikningur

Er framtalið tilbúið?

Rétt framtalsskil eru ávallt á ábyrgð framteljanda sjálf. Algengustu atviki, sem framteljandi getur þurft að bæta inn á framtali, eru talin upp hér til vinst.

Viðbótupplýsingar

A skilun "Skattveiting" er hægt að sanna um lausun vegna framtalsins námsmanna eða lausnir vegna framtalsins námsmanna eða lausnir vegna framtalsins námsmanna. Þar er jafnframt hægt að koma að athugasemdum framteljanda.

Er bæta þarf öðrum upplýsingum inn á framtali þarf að nota almennt vefframtali sem hægt er að opna hér.



tekið upp einfaldað skattframtal þar sem framteljandi þurfti einungis að yfirfara upplýsingar og staðfesta framtalsgerðina.

Ýmsar hindranir þurfti að yfirstíga til að geta komið á rafrænum framtals-skilum og á sínum tíma var m.a. mikið rætt um það hvernig framteljandinn ætti að auðkenna sig en engar sérstakar auðkennisaðferðir voru til staðar og langt var í rafræn skilríki. Varð þá úr að starfsmenn ríkisskattstjóra bjuggu til veflykil RSK sem svo var kallaður. Nafngiftin ein og sér var einföld og þægileg.

Framundan á næstu tveimur árum er enn meiri einföldun framtals-skila með nýjum framtalsmáta sem nú er í undirbúningi. Pappírsframtöl munu þá enn fremur heyra sögunni til. Sömuleiðis er ljóst að veflykill RSK – sem var vissulega góður á sínum tíma – uppfyllir ekki lengur nauðsynlegar öryggiskröfur að óbreyttu. Ríkisskattstjóri hefur því ákveðið að fylgja markaðri stefnu fjármála- og efnahagsráðuneytisins um að notast framvegis við rafrænt auðkenni – rafræn skilríki. Öryggi þeirra er það besta sem völ er á í núverandi tækni- og þannig munu framteljendur á komandi árum nota rafræna auðkenningu, hvort heldur er á debetkorti eða með farsímunum sínum. ■

SEP

Jón Ásgeir Tryggvason umkringdur stöflum af framtölum á starfsstöð RSK í Hafnarfirði. Myndin er tekin árið 2011.

Framtal	Pappír	Vefur	Framtalsforrit	Alls	Hlutfall pappírs
1999	186.193	15.741	3.694	205.628	90,5%
2000	157.246	39.803	33.134	230.183	68,3%
2001	103.772	82.654	56.525	242.951	42,7%
2002	72.388	98.141	62.709	233.238	31,0%
2003	53.106	113.491	68.024	234.621	22,6%
2004	41.216	129.245	69.514	239.975	17,2%
2005	31.598	139.315	69.925	240.838	13,1%
2006	25.658	147.855	70.947	244.460	10,5%
2007	18.933	162.629	71.881	253.443	7,5%
2008	18.590	170.933	70.638	260.161	7,1%
2009	20.833	176.401	66.790	264.024	7,9%
2010	14.776	181.593	62.764	259.133	5,7%
2011	6.991	192.516	60.113	259.620	2,7%
2012	6.116	197.921	59.099	263.136	2,3%
2013	4.810	202.331	58.206	265.347	1,8%
2014	1.060	207.612	56.580	265.252	0,4%

Frá því framtals-skil voru gerð rafræn hefur þeim fækkað jafnt og þétt sem nýta sér þau á pappírformi. Sýnir þetta glögg að rafræn framtals-skil henta sífellt fleirum með hverju árinu. Færri nýta sér einnig skil í gegnum framtalsforrit fagframteljenda.

Sigmundur Stefánsson

Rökstuðningur skattákvarðana

Í ritsmíð þessari verður rakin þróun lagaákvæða um rökstuðning í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nú lög nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.). Ennfremur verður litið á vikið að rökstuðningsskyldu fyrir tilkomu beinna lagaákvæða þar um. Þá verður fjallað um rökstuðning almennt og lagamálið; tungutak lögfræðinnar. Í annarri grein er svo ætlunin að skýra nánar hvað felst í rökstuðningskröfunni og skoða lagalegar afleiðingar þess að virða ekki þær kröfur. Verður í því efni aðallega byggt á úrskurðum yfirkassanefndar/ríkisskattanefndar og úrlausnum dómstóla.

Þróun löggjafar

Hér verða rakin þau ákvæði í löggjöf um tekjuskatt og eignarskatt, sem í gegnum tíðina hafa mælt fyrir um rökstuðning ákvarðana skattfyrirvalda. Fjallað verður um efnið með þeirri framsetningu sem tíðkast hefur, þ.e. eftir því hvar í álagningar- og úrskurðarferlinu ákvörðun er tekin:

I. Fyrir álagningu:

- Tilkynningar í kjölfar fyrirsagnar; 3. mgr. 96. gr.
- Tilkynningar án fyrirsagnar; 3. málsl. 1. mgr. 95. gr.

II. Endurákvarðanir og boðun þeirra:

4. og 5. mgr. 96. gr. og 2. mgr. 101. gr.

III. Kæruúrskurðir:

4. málsl. 1. mgr. 99. gr.

IV. Úrskurðir ríkisskattanefndar/yfirkassanefndar:

31. gr. laga nr. 37/1993.

I

Fyrir álagningu

a. Tilkynningar í kjölfar fyrirsagnar - 3. mgr. 96. gr. tsl.

Allt frá setningu fyrstu heildstæðu laganna um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 74/1921,¹ hefur verið mælt fyrir um að skattanefndir og síðar skattstjórar skuli gera aðvart um breytingar (áætlanir) sem gerðar eru vegna engra eða ófullnægjandi svara við fyrirsagnum til gjaldenda vegna tortryggilegs framtals (33. gr. laga nr. 74/1921). Með lögum nr. 6/1935 varð ákvæðið ítarlegra og þá rætt um framtals-skýrslu og einstaka liði hennar sem væru ófullnægjandi, óglöggir eða tortryggilegir og ekki fengjust fullnægjandi svör við (34. gr. laga nr. 6/1935). Samkvæmt þessum lagaákvæðum var þó ekki skylt að tilkynna breytingarnar ef hvorki var unnt að ná til framteljandans né umboðsmanns

hans með góðu móti.² Með 37. gr. laga nr. 70/1962 var lögfest að þessar breytingar (áætlanir) skyldi jafnan tilkynna skriflega, en orðið *jafnan* féll út með 7. gr. laga nr. 60/1973. Téð 37. gr. var í 38. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 70/1962. Í athugasemdum við 38. gr. var ekkert vikið að því að tilkynningin ætti vera skrifleg þótt í athugasemdunum hafi nokkuð verið fjallað um aðrar breytingar í þessari frumvarpsgrein. Í því ljósi og þar sem um veigamikla breytingu er að ræða hafi skriflegar tilkynningar ekki tíðkast áður, er sennilegt að ekki hafi verið litið á þetta sem efnisbreytingu.³ Í 96. gr. laga nr. 40/1978⁴ féll þetta tilkynningarákvæði niður (væntanlega fyrir mistök) en úr því var bætt með a-lið 43. gr. laga nr. 7/1980. Varð þá til ný 3. mgr. 96. gr. en í 1. málsl. hennar sagði orðrétt: „*Sé framtali breytt fyrir álagningu með stöð í 1. mgr. þessarar greinar skal skattstjóri tilkynna skattaðila eða þeim, sem framtalsskyldan hvílir á, skriflega um breytingarnar, þar með talin áætlun, og*

1. Áður giltu lög nr. 23/1877, um tekjuskatt, en samkvæmt þeim náði almennur tekjuskattur ekki til aðalatvinnuvega þjóðarinnar, sjávarútvegs og landbúnaðar. Það gerðist ekki fyrr 40 árum síðar með lögum nr. 54/1917.

2. Þegar dvalið er erlendis eða langt í burtu eða ókunngt er um dvalarstað gjaldanda eða umboðsmanns hans.

3. Þá má nefna að varla hefur verið gerlegt að koma þessum tilkynningum á framfæri öðru vísi en skriflega.

4. Með lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, varð gagnrýni breyting á fyrri skattalöggjöf bæði hvað varðar framsetningu og efnisreglur. Helstu nýmæli voru aðgreining launatekna, tekna einstaklinga af sjálfstæðri starfsemi og fjármagnstekna m.a. m.t.t. réttar til frádráttar frá þessum tekjum og skattprósentu. Einn þáttur aðgreiningar launatekna og tekna af einstaklingsrekstri var þá nýmæli að einstaklingum í rekstri bæri að reikna sér laun sem þá töldust jafnframt til gjalda í atvinnurekstri þeirra. Þá voru tekin upp verðbólguþrekingsskil og reglum um útreikning söluhagnaðar í atvinnurekstri gerð breytt. Löginn

komu til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 1980 með töluverðum breytingum með lögum nr. 7/1980 og minni háttar breytingum með lögum nr. 20/1980. Næst urðu breytingar með lögum nr. 2/1981 og 25/1981, en í 32. gr. síðarnefndu laganna var mælt fyrir um endurútgáfu laga nr. 40/1978 með síðari breytingum. Hin endurútgáfu lög urðu nr. 75/1981 og hélt það númer allt þar til að þau voru endurútgefin með breytingum sem lög nr. 90/2003. Stofnlög á undan lögum nr. 40/1978 voru: 68/1971, 90/1965, 55/1964, 70/1962, 46/1954, 6/1935 og 74/1921.



Höfundur greinarinnar er Sigmundur Stefánsson sviðsstjóri atvinnurekstrarsviðs RSK. Hann gegndi embætti skattstjóra í Reykjanesumdæmi frá 1986-2009, þegar embættið var lagt niður.

af hvaða ástæðum þær eru gerðar.“ Með þessu gerðist tvennt: Í fyrsta lagi var rætt um breytingar en ekki eingöngu áætlanir, eins og verið hafði allt frá setningu laga nr. 74/1921, og í annan stað skyldi greina ástæður breytinga (krafa um rökstuðning). Þessar breytingar var ekki að finna í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 7/1980, og breytingatillögu þessari fylgdu engar skýringar. Hefur lagaákvæðið staðið óbreytt allar götur síðan, sbr. nú 3. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003.

b. Tilkynningar án fyrirspurnar - 3. málsl. 1. mgr. 95. gr. tsl.

2. málsl. 1. mgr. 36. gr. frumvarps til laga nr. 6/1935 hljóðaði svo: „*Heimilt er skattanefnd að leiðrétta einstaka liði framtals, án þess að gera aðila aðvart, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög eða fyrirmæli, eða telja má að óbyggjandi upplýsingar um viðkomandi atriði séu fyrir hendi.*“ (Alþt. 1934, A-deild, bls. 93). Lagatextinn varð hins vegar þannig í 2.

og 3. málsl. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 6/1935: „*Heimilt er skattanefnd að leiðrétta einstaka liði framtals, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Sama gildir um önnur atriði, ef telja má, að óbyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal þá aðila aðvart um slíkar breytingar á framtali.*“ Þó að þessa heimild til breytinga á framtölunum hafi ekki verið að finna í lögum nr. 74/1921 er ljóst af athugasemdum við nefnda frumvarpsgrein að þær hafa engu að síður tíðkast í ríkum mæli og þá án tilkynningar.⁵ Greint orðalag hélt svo til óbreytt þar til bættist við í 2. málsl. 1. mgr. 37. gr. nýrra stofnlaga, nr. 70/1962, að skattstjóri skyldi leiðrétta augljósar reikningssekkjur í framtali. Ekkert var vikið að þessari breytingu í athugasemdum með frumvarpi að lögunum, en ætla má að þessi háttur hafi í raun gilt samkvæmt eldra ákvæði; hið minna rúmast innan hins meira. Því næst varð sú breyting með 1. mgr. 95. gr. laga nr. 40/1978, að án tilkynningar mætti ein-

ungis leiðrétta augljósar reikningssekkjur og það sem væri „í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli“ var fært yfir í 3. málsl. inn með þeirri breytingu að *fyrirmæli* urðu *fyrirmæli skattfyrivalda*. Að gerðum þessum breytingum hefur orðalagið staðið óbreytt, sbr. nú 2. og 3. málsl. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 90/2003.

Af ofangreindu sést, að í því lagaákvæði sem heimilað hefur skattfyrirvöldum að breyta framtölum einhliða fyrir álagningu, hefur aldrei verið gerð krafa um að breytingarnar skyldi tilkynna skriflega eða að gera þyrfti grein fyrir ástæðum þeirra (rökstuðningur). Hið fyrrnefnda hefur trúlega þótt sjálfgefið, a.m.k. hina síðari áratugi, enda vandséð hvernig tilkynningarskyldu verði sinnt öðruvísi en skriflega. Hitt er örðugra að skýra, að krafa um rökstuðning skuli aldrei rata í lagatextann. Hin þröngu mörk sem þessum breytingum eru sett hafa hugsanlega haft hér eitthvað að segja.

5 „Hér er skattanefnd og skattstjóra veitt heimild til að leiðrétta framtöl, innan vissra takmarka, án þess að gera aðila aðvart. Reykslan hefir sýnt t.d. í Reykjavík, að varla er nokkurt framtal svo úr garði gert, að ekki þurfi einhvern lagfæringar við, en margt af því eru smávegis breytingar til samræmis við gildandi fyrirmæli (s.s. fyrning húsa, iðgjöld, eða samkvæmt uppgæfnum heimildum (t.d. greiddur skattur og útsvar) ellegar burtfelling gjaldaliða, sem

ekki eru frádráttarþær (heimiliskostnaður etc.) o. m. fl. Verður þess varla krafist, að allar þessar breytingar séu tilkynntar gjaldendum. [...] Hér er farið fram á að lögfesta þá venju, sem um þetta hefir skapast og ekki mun óskað eftir, að frá verði horfið.“ Alþt. 1934, A-deild, bls. 106.

Endurákvarðanir og boðun þeirra - 4. og 5. mgr. 96. gr. og 2. mgr. 101. gr. tsl.

Fram að setningu laga nr. 70/1962 voru endurákvarðanir opinberra gjalda í höndum yfirsattanefnda og var þeim skylt að tilkynna gjaldendum um breytingar sem þær gerðu á álagningunni, sbr. 38. gr. laga nr. 74/1921, og síðar 39. gr.

svo: „Sé framtali breytt fyrir álagningu með stoð í 1. mgr. þessarar greinar skal skattstjóri tilkynna skattaðila eða þeim, sem framtals-skyldan hvílir á, skriflega um breytingarnar, þar með talin áætlun, og af hvaða ástæðum þær eru gerðar.“ Með 16. gr. laga nr. 145/1995 varð síðan sú breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að endurákvarðanir skattstjóra voru ekki lengur kæránlegar til þeirra heldur beint til yfirsattanefndar. Samhliða var mælt fyrir um „nýtt“ stig málsmeðferðar sem fól í sér að áður en til endurákvörðunar kæmi

skattstjóra. Ekki var mælt fyrir um rökstuðning í ákvæðinu. Vegna tilvísunar 3. mgr. 101. gr. laga nr. 40/1978 (áður 4. mgr. 42. gr. laga nr. 68/1971) til 96. gr. sömu laga komst rökstuðningsskyldan hins vegar á þegar 3. og 4. mgr. 96. gr. var breytt með 43. gr. laga nr. 7/1980. Sú skylda tók þó eingöngu til ákvarðana sem leiddu til hækkunar á álagningunni en ekki til lækkunar hennar jafnvel þó um væri að ræða verulegar breytingar til hækkunar á einstökum liðum framtalsgerðarinnar.⁸ Úrskurðir vegna erinda sem berast á grundvelli 2. mgr. 101. gr. tsl. (áður 3. mgr.) eru nú kveðnir upp samkvæmt 5. mgr. 96. gr. tsl., sbr. t.d. *úrskurð yfirsattanefndar* nr. 465/2012, og eru því háðir rökstuðningskröfu þess lagaákvæðis alveg óháð því hvort erindið leiði til hækkunar eða lækkunar á álagningunni. Þess vegna gildi rökstuðningsskylda þessa lagaákvæðis alltaf þegar skattstjórar afgreiddu 101. gr. erindi eftir framsendingu þeirra frá ríkisskattstjóra.⁹ Um rökstuðning endurákvörðana að frumkvæði ríkisskattstjóra gildir nú sama lagaákvæði og áður gildi um skattstjórana, þ.e. 5. mgr. 96. gr. tsl.

”

Í því lagaákvæði sem heimilað hefur skatt-yfirvöldum að breyta framtölum einhliða fyrir álagningu, hefur aldrei verið gerð krafa um að breytingarnar skyldi tilkynna skriflega eða að gera þyrfti grein fyrir ástæðum þeirra

laga nr. 6/1935 og 40. gr. laga nr. 46/1954. Í þessum lagaákvæðum var gert ráð fyrir að yfirsattanefndir skyldu einnig leita skýringa hjá gjaldendum teldu þær framtalskýrslur vera ófullnægjandi eða óljósar. Þegar endurákvarðanir færðust til skattstjóra með 38. gr. laga nr. 70/1962 var ekkert vikið að málsmeðferð að öðru leyti en því að áfram stóð að þær skyldi tilkynna gjaldendum, en bætt við að vekja skyldi athygli á kærurétti til skattstjóra.⁶ Úr þessu var bætt með 2. mgr. 8. gr. laga nr. 42/1964 hvar sagði að við endurákvörðun skatta skyldi eftir því sem við ætti gæta sömu ákvæða og giltu um vefengingu skattframtals fyrir álagningu. Enn er hins vegar óstigið það skref að tilgreina hinar efnislegu ástæður endurákvörðunarinnar. Það gerðist ekki fyrr en með b-lið 43. gr. laga nr. 7/1980 sem varð 4. mgr. 96. gr. laga nr. 40/1978 hvar sagði: „Sé gerð breyting á framtali eða sköttum eftir álagningu eða fari fram ný skattákvörðun, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal gæta ákvæða 3. mgr. eftir því sem við á [...]“ en 3. mgr. hljóðar

skyldi skriflega gera viðvart um hinar fyrirhuguðu breytingar og af hvaða ástæðum þær væru áformaðar.⁷ Varð þetta tilkynningarákvæði, sem í skattframtöllum hefur oft verið nefnt *fyrirhugun* eða *boðun*, að 4. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981, en endurákvörðunin færðist í 5. mgr. og kallaðist þá *úrskurður* sem skyldi vera rökstuddur. Með þessari breytingu færðist orðalagið sem áður var um endurákvörðunina yfir á fyrirhugunina/boðunina og í fyrsta sinn kemur inn sjálft orðið rökstuðningur varðandi endurákvarðanir. Hefur þetta staðið óbreytt síðan, sbr. nú 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003.

Með 16. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 68/1971, varð sú breyting á 4. mgr. 42. gr. síðarnefndra laga, að ríkisskattstjóri fékk heimild til að breyta ákvörðunum skattstjóra um skattákvörðanir samkvæmt þeim lögum og öðrum sem skattstjórar lögðu á eftir. Áður þyrfti ríkisskattstjóri að beina málum til ríkisskattanefndar teldi hann ástæðu til að breyta ákvörðunum

III

Kæruúrskurðir - 4. málsl. 1. mgr. 99. gr. tsl.

Í þeim lagaákvæðum sem fjölluðu um kærur til skattanefnda, skattstjóra eða yfirsattanefnda var lengst af ekki minnst á rökstuðning eða efnislegar forsendur fyrir niðurstöðu, sbr. 36. og 37. gr. laga nr. 74/1921, og síðar 37. og 38. gr. laga nr. 6/1935 og 38. og 39. gr. laga nr. 46/1954. Með lögum nr. 70/1962 voru skattanefndir og yfirsattanefndir aflagðar og störf þeirra færð til skattstjóranna, utan eftirlitshlutverksins sem fært var til nýs embættis - *ríkisskattstjóra*. Í 40. gr. þessara laga var að finna kæruheimild til skattstjóra en ekkert var minnst á að úrskurðir hans skyldu vera rökstuddir. Hins vegar var í 41. gr. laganna mælt fyrir um rökstuðning úrskurða ríkisskattanefndar. Það var síðan fyrst með 24. gr. laga nr. 30/1971 sem kveðið var á um skyldu skattstjóra til að rökstyðja kæruúrskurði. Þessi krafa um

6 Slíkur kæruréttur, sem var við lýði í 33 ár, var nýmæli, en úrskurðir yfirsattanefndanna voru ekki kæránlegir til þeirra heldur beint til ríkisskattanefndar.

7 Í framtöllum hafði reyndar lengi verið talið skylt á grundvelli andmælaeglunnar að boðun af þessu tagi yrði send gjaldanda áður en til endurákvörðunar kæmi,

sbr. úrskurð ríkisskattanefndar nr. 57/1980. Sjá og Þættir um vandamál skattaframtölda 2. hefti eftir Gunnar Jóhannsson, bls. 42, offsetfjölritað 1977 en merkt til kennslu á vegum ríkisskattstjóra.

8 Þessi aðstaða skapast þegar áætlanir skattstofna til álagningar (framtali ekki skilað) eru rýmlegar. Við afgreiðslu

þessara erinda myndi þó gilda rökstuðningsákvæði stjórnsýslulaganna, sbr. úrskurð yfirsattanefndar nr. 392/2010.

9 Heimild til slíkra framsendinga kom með 26. gr. breytingalaga nr. 25/1981 (breytti 101. gr. laga nr. 40/1978).

rökstuðning var ekki í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/1971 (Alpt. 1970, A-deild, bls. 1285) heldur kom hún fram án sérstakra skýringa sem breytingatillaga frá meirihluta fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis (Alpt. 1970, A-deild, bls. 1836 (1845)). Ekki var rökstuðningskrafan skýrð í 24. gr. laga nr. 30/1971 gagnstætt því sem gert var ári síðar með 15. gr. laga nr. 7/1972 um úrskurði ríkisskattaneftndar, sbr. D. lið hér á eftir. Í úrskurði ríkisskattaneftndar nr. 516/1980 segir, að í þessari rökstuðnings-skyldu skattstjóra „felst m.a. að í úrskurðum skuli koma fram að hvaða marki ekki er fallist á kröfur kæranda og af hvaða ástæðum.“ Er ákvæðið enn óbreytt (þ. e. án nánari skýringa á rökstuðningskröfunni) í 4. málsl. 99. gr. laga nr. 90/2003 þó svo að löggjafinn hafi á sínum tíma talið það „algjörlega“ óljóst hvað í rökstuðningsskyldunni fælist, sbr. umfjöllun í lið D hér á eftir.

IV

Úrskurðir ríkisskattaneftndar og síðar yfirsattaneftndar

Með lögum nr. 20/1932¹⁰ var komið á fót nefnd - ríkisskattaneftnd - sem m.a. hafði það hlutverk að úrskurða um kærur vegna úrskurða yfirsattaneftnda í málum um álagningu tekju- og eignarskatta og útsvara. Í lögum þessum var ekkert kveðið á um rökstuðning eða efnisbyggingu úrskurða, sbr. 4. gr. laganna. Það var ekki fyrr en með 41. gr. laga nr. 70/1962 sem mælt var fyrir um að úrskurðir ríkisskattaneftndar skyldu vera rökstuddir. Um rökstuðningsskylduna sagði þá þetta eitt í athugasemdum við viðkomandi grein lagafrumvarpsins (42. gr.): „Rétt þykir að kveða sérstaklega á um það, að úrskurðir ríkisskattaneftndar skuli vera rökstuddir.“ (Alpt. 1961, A-deild, bls. 854). Lagagreinin hlést óbreytt þar til 41. gr. laga nr. 68/1971 var breytt með 15. gr. laga nr. 7/1972 en í 5. mgr. 15. gr. sagði: „Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig, að aðilar megi sjá, á hvaða kæruatriðum og skattheimildum álagning sé byggð.“ Um þessa breytingu sagði svo í frumvarpsathugasemdum (14. gr.): „Í skattalögin hefur nýlega verið bætt ákvæðum um, að úrskurðir bæði skattstjóra og ríkisskattaneftndar skuli vera rökstuddir. Algjörlega er óljóst, hvað í þessu felst. Mætti

hugsa sér, að hér væri gerð krafa um, að úrskurðirnir væru rökstuddir á sama hátt og t.d. dómar í einkamálum skv. réttarfarslögum. Sú krafa á hendur úrskurðar- og álagningaraðilum er þó, þegar nánar er að gáð, óframkvæmanleg vegna hins mikla kærufjölda, nema með stórkostlega auknum vinnukrafti við úrskurðina. Þessi krafa um rökstuðning hefur án efa stórseinkað afgreiðslu á kærum t.d. frá ríkisskattaneftnd, þannig að til verulegs бага er orðið fyrir gjaldendur. Í þessari grein er reynt að skýra nánar, hvað í kröfunni um rökstuðning felst. Þegar um mál er að ræða, sem sætir venjulegri kærumedferð, þá er eigi gerð krafa um frekari rökstuðning en svo, að gjaldanda megi vera ljóst af úrskurði ríkisskattaneftndar og með athugun á gögnum málsins, á hvaða kæruatriðum álagning er reist og hvaða skattheimildum, eftir því sem við verður komið. Er ekki ætlað til, að úrskurðurinn þurfi að geyma lýsingu á málavöxtum eða kröfugerð aðila, enda eiga framtöl og kærur og önnur gögn málsins að hafa að geyma þær upplýsingar. Þegar aftur á móti um er að ræða sérstaka meðferð á kærumálum, sem gert er ráð fyrir í 6. mgr. greinarinnar, er eðlilegt að gera nokkru meiri kröfur til rökstuðnings í úrskurði.“ (Alpt. 1971, A-deild, bls. 557-8). Smávægileg orðalagsbreyting varð á greindu ákvæði með lögum nr. 40/1978 sem ekki hefur þýðingu hér, en næst dró til tíðinda með 16 gr. frumvarps um breyting á lögum nr. 75/1981. Þar var svofelld breyting lögð til á rökstuðningsákvæðinu: „Úrskurðir nefndarinnar skulu ítarlega rökstuddir, og í forsendum þeirra skal koma skýrt fram á hvaða málsástæðum og skattheimildum er byggt.“ Í athugasemdum við þessa frumvarpsgrein sagði: „Loks er í ákvæði þessu lagt til að úrskurðir ríkisskattaneftndar skuli vera ítarlega rökstuddir, en nokkuð hefur þótt á skorta að forsendur úrskurða ríkisskattaneftndar væru að fullu skýrar.“ (Alpt. 1991, A-deild, bls. 1876). Frumvarpið varð að lögum nr. 85/1991 en breytingaákvæðið um rökstuðning úrskurða ríkisskattaneftndar féll brott í meðförum Alþingis. Síðar á sama löggjafarþingi kom fram frumvarp um nýja úrskurðarneftnd - yfirsattaneftnd - sem varð að lögum nr. 30/1992. Samkvæmt þeim tók yfirsattaneftnd við úrskurðarlutverki ríkisskattaneftndar, sem um leið var lögð niður. Í 13. gr. laga nr. 30/1992 sagði orðrätt: „Úrskurðir yfirsattaneftndar skulu ítarlega rökstuddir þannig að í forsendum þeirra komi skýrt fram á hvaða máls-

ástæðum, kæruæfnum og skattheimildum sé byggt.“ Eins og sjá má er hér um að ræða sama orðalag og lagt var til í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 85/1991 nema hvað orðinu kæruæfnum var bætt við. Í athugasemdum frumvarps þess sem varð að lögum nr. 30/1992 sagði svo um téða 13. gt.: „Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að úrskurðir yfirsattaneftndar skuli ítarlega rökstuddir þannig að skýrt komi fram á hvaða kæruæfnum, málsástæðum eða skattheimildum sé byggt. Á það hefur þótt verulega skorta í úrskurðum ríkisskattaneftndar og því þykir nauðsyn að ákvæði þetta verði orðað mun skýrar í lögum um yfirsattaneftnd. Grundvallaratriði er í stjórnsýslunni að úrskurðir æðsta úrskurðarvaldshafa í skattamálum séu ítarlega rökstuddir þannig að aðilar velkist ei í vafa. Er þetta til að mynda sérlega þýðingarmikið ef málsaðilar eru eigi sáttir við niðurstöðu nefndarinnar og málssókn fyrir almennum dómstólum stendur fyrir dyrum. Er þá nauðsynlegt að rök yfirsattaneftndar fyrir skattákvörðun séu skýr og ótvíræð. Þá er það einnig mjög þýðingarmikið réttaröryggi að niðurstöður séu rökstuddar þannig að skattadilar sjái ótvírætt á hverju sé byggt, svo og ekki síst að ljóst sé af úrskurði hvaða fordæmi felist í honum fyrir skattframkvæmd.“ (Alpt. 1991-1992, A-deild, bls. 4533). Næsta vending í rökstuðningsskröfum varð síðan með 5. gr. laga nr. 96/1998, um breyting á lögum nr. 30/1992, er felldi niður ákvæði 13. gr. um rökstuðning. Í athugasemdum við frumvarpsgreinina sagði: „Eftir gildistöku laganna hafa verið sett stjórnsýslulög, nr. 37/1993, og er þar m.a. að finna fyrirmæli um rökstuðning í úrskurðum í kærumálum. Verður að telja að ákvæði stjórnsýslulaga séu fullnægjandi um þetta. Eru ekki efni til að ætla að gera beri ríkari kröfur til rökstuðnings í úrskurðum yfirsattaneftndar en almennt í úrlausnum hliðstæðra úrskurðaraðila.“ (Alpt. 1997-1998, A-deild, bls. 4659). Þær kröfur sem hér er vísað til eru í 31. gr. stjórnsýslulaganna. Í henni segir að í úrskurðum skuli á stuttan og glöggan hátt koma fram kröfur aðila, úrlausnarefnið (þ.á m. hin kærða ákvörðun), stutt yfirlit um málsatvik og ágreiningsefni málsins, rökstuðningur fyrir niðurstöðu máls, sbr. 22. gr. laganna, og samandregin aðalniðurstæða í sérstöku úrskurðarorði. Ljóst er að skoðun löggjafans á því hvað felast eigi í rökstuðningsskyldunni var nokkuð breytileg á því 36 ára tímabili sem hér er greint frá.

10. Sjálfstæð lög um ríkisskattaneftnd stóðu ekki lengi því ákvæðin um hana voru flutt í lög um tekjuskatt og eignarskatt, fyrst með lögum nr. 6/1935, og hældust í tsl. allt þar til ríkisskattaneftnd var aflögð frá og með 1. júlí 1992.

Samantekt á tilkomu rökstuðnings- skyldu í lög:

Breyting fyrir álagningu eftir fyrirspurn:

Með a-lið 43. gr. laga nr. 7/1980 (breyting á 96. gr. laga nr. 40/1978; br. 3. mgr.).

Breyting fyrir álagningu án fyrirspurnar:

Aldreí lögfest. Sjá nú 1. mgr. 95. gr. laga nr. 90/2003.

Endurákvörðun:

Með b-lið 43. gr. laga nr. 7/1980 (breyting á 96. gr. laga nr. 40/1978; ný 4. mgr.).
Boðun: Með 16. gr. laga nr. 145/1995 (ný 4. mgr. 96. gr. og 4. mgr. varð 5. mgr.).

Kæruúrskurður skattstjóra:

Með 24. gr. laga nr. 30/1971 (breyting á 40. gr. laga nr. 90/1965).

Ríkisskattanevnd (yfirsattanevnd):

Með 41. gr. laga nr. 70/1962.

Jóhannesson, Stjórnarfarsréttur - almennur hluti frá 1955, bls. 230 (óbreytt á bls. 78 í annarri útgáfu endurskoðaðri af Páli Sigurðssyni 1974): „En þó að efnisástæður geti legið til þess að krefjast rökstuðnings íþyngjandi stjórnarathafna og synjana, þá er nú samt talið, að án beinnar lagaheimildar verði stjórnvöldum ekki lögð sú skylda á herðar að rökstyðja ákvarðanir sínar.“ Á hinn bóginn má benda á Þætti[] um vandamál skattaframkvæmdar, 2. hefti, sem Gunnar Jóhannsson samdi árið 1977. Þar segir á bls. 34 í umfjöllun um breytingar á skattframtölum að undangenginni fyrirspurn til gjaldenda: „Álita verður að í tilkynningar-skyldunni felist, að tilkynna beri skattaðila skriflega þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattskýrslu hans þannig rökstutt að skattaðila sé fullkomlega ljóst hvaða liðum í skattskýrslu hefur verið breytt og af hvaða ástæðum.“ Sjá einnig umfjöllun um endurákvörðanir á bls. 41 og 42 í sama riti.

”

Fylgi við mál eða málstað ræðst iðulega af því
hvernig til tekst, hvort heldur í ræðu eða riti, að sýna
fram á réttmæti þess sem fram er haldið og þá eftir
atvikum kostum þess umfram annað sem jafnframt
kemur til álita

Rökstuðningur fyrir tilkomu lagabókstafs

Þegar skylda til rökstuðnings var fyrst leidd í lög vegna breytinga á skattframtölum og við uppkvaðningu úrskurða, var ekkert vikið að því í lögskýringargögnum að á ferðinni væri nýjung eða réttarbót fyrir gjaldendur. Vaknar því sú spurning hvort rökstuðningur hafi þá þegar verið talinn meginregla eða að hann hafi almennt tíðkast. Slíkt mætti hugsanlega ráða af athugasemd við 42. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 70/1962 (41. gr.) þegar rökstuðningsskylda ríkisskattanevndar var fyrst lögfest. Hins vegar má jafnvel ætla hið gagnstæða þegar horft er til athugasemda við breytingar á þessu sama rökstuðningsákvæði með 5. mgr. 15. gr. laga nr. 7/1972, en orðrétt er vísað til beggja þessara athugasemda í D-lið hér að framan. Um skyldu til rökstuðnings án beinna lagafyrirmæla má vitna í Ólaf

(Rökstuðningur endurákvörðana og 96. gr. tilkynninga kom fyrst með 43. gr. laga nr. 7/1980). Til stuðnings sjónarmiðum Gunnars má nefna úrskurði ríkisskattanevndar nr. 57/1980 og 304/1980. Í hinum fyrri sagði: „Í tilkynningu skattstjóra um breytingar á umræddum skattframtölum kemur ekki nægilega skýrt fram af hvaða ástæðum þeim er breytt og kærandi er ekki gerð grein fyrir því hvaða einstök atriði í svarbréfi hans dags. 23. mars 1979 töldust ófullnægjandi og hvers vegna. Gat kröfugerð af hálfu kæranda orðið áfátt af þeim sökum.“ Í þeim síðari stendur: „Þá er í tilkynningu skattstjóra um tekjuhækkunina, eigi nægum rökum stutt hví framtali var breytt og hvaða ástæður liggi til þess.“ Bæði málin voru ómerkt en í þeim var andmælaireglan ekki heldur virt (engin boðun). Þá sagði í úrskurði ríkisskattanevndar nr. 528/1980: „Þá kemur ekki nægilega ljóst fram í tilkynningu skattstjóra um breytingu þessa af hvaða

ástæðum hún var gerð og svarbréf kæranda var eigi tekið til rökstuddrar úrlausnar. Að þessu athuguðu þykir bera að fallast á kröfur kæranda.“ Í öllum þremur málunum var úrskurður ríkisskattanevndar kveðinn upp eftir gildistöku laga nr. 7/1980 en úrvinnsla skattstjóra átti sér stað fyrir hana. Úrskurðirnir sýna ótvírætt kröfur um rökstuðning þó beinu lagaboði sé ekki fyrir að fara. Í úrskurði nr. 423/1974, og fleiri úrskurðum síðar í samskonar málum, er tekjuviðbót skattstjóra vegna lágs lífeyris felld niður þar sem hún þótti ekki nægilega rökstudd. Hér gæti þó frekar verið átt við að fullnægjandi sönnun vanti fyrir réttmæti tekjufærslunnar fremur en eiginlegan rökstuðning en hér er mjótt mundangshófið. Af svipuðum toga má nefna úrskurð vegna gjaldfærðs bifreiðakostnaðar nr. 974/1977. Þar taldi ríkisskattanevnd fyrirspurnina ófullnægjandi en orðaði þó niðurstöðu sína þannig: „Teknaviðbót skattstjóra þykir því eigi nægilega rökstudd og ber að fella hana niður.“

Ekki eru efni til að fjalla frekar um rökstuðningskröfur fyrir tilkomu beinna lagaákvæða þar um. Að endingu má þó geta þess að fyrst í Úrtaki úrskurða ríkisskattanevndar 1980 (Reykjavík 1982) er rökstuðnings getið í atriðisorðaskrá, en slíkt úrtak bar að gera samkvæmt fyrir-mælum í lögum nr. 10/1974, fyrst frá og með árinu 1973.

Almennt um rökstuðning og orðafar lagamálsins

Það hefur löngum talist prýði hvers manns að rökstyðja sitt mál vel. Fylgi við mál eða málstað ræðst iðulega af því hvernig til tekst, hvort heldur í ræðu eða riti, að sýna fram á réttmæti þess sem fram er haldið og þá eftir atvikum kostum þess umfram annað sem jafnframt kemur til álita. Fyrir tíma ritmáls var það rökvisi hins mæltá máls sem úrslitum réð ef ekki var neytt aflsmunar. Með rökvisi er hér átt við það sem mælt er af munni fram á skýran og einfaldan hátt af þekkingu á staðreyndum og öllum málavöxtum. Námssveinar í latínuskólum fyrri alda voru látnir iðka hinar sjö frjálsu listir – septem artes liberales. Þær voru á þrívegin (trivium); latína, mælskufræði og rökfræði, og á fjórvegin (quadrivium); tölvísi, flatarmálsfræði, stjarnfræði og sönglist.¹¹ Rökfræði og mælskufræði var því gert hátt undir höfði en einn hluti rökfræðinnar var að greina rétt frá röngu með nákvæmum umræðum.

11 Óskar Guðmundsson: Snorri, bls. 41.

Elsta íslenska ritmálið var lagamál. Lagabálkurinn Vígslóði var skráður veturinn 1117-1118. Telur dr. Kristján Árnason að miklu máli hafi skipt fyrir þróun íslenskrar sagnahefðar að hér hafi þróast gott lagamál og íslensk lagahefð.¹² Um það hvernig setja eigi fram lögfræðilega niðurstöðu, einkum í dómum, og tungutak lögfræðinnar, hafa bæði verið ritaðar greinar og erindi flutt. Hluti þess máls eru vangaveltur um það fyrir hverja skrifa eigi dóma, þ.e. hvort þá eigi fyrst og fremst að skrifa fyrir málsaðila eina (og lögmenn þeirra) eða hvort einnig eigi að hafa í huga aðra hugsanlega lesendur eins og lögfræðinga almennt eða almenning.¹³

Í *Morgunblaðinu* 12. október 2001 er grein eftir Pál Sigurðsson, prófessor, þá forseta lagadeildar Háskóla Íslands. Í upphafi greinarinnar sem nefnist „Varðveisla og þróun íslensks lagamáls“, segir:

Orð tungunnar eru dýrgripir og tungan sjálf ótæmandi auðlind. Orðin eru höfuðtæki hugsunarinnar. Á það jafnt við um hversdagsræðu manna sem um sértækt mál á tilteknum fræða- og vísindasviðum. Í heimi fræðanna hefur lögfræðin oft verið nefnd „orðsins list“ vegna þess að þar reynir til hins ítrasta á nákvæma orðnotkun og skilgreiningu hugtaka. Sú fræðigrein byggist m.a. á rétttri beitingu orða og orðasambanda við skilgreiningu viðfangsefna og vandamála, sem við er að glíma, og gagnrýnni hugsun, er öguð hefur verið eftir kerfisbundnum lögmálum fræðanna. Lagamálið er sóknarfæri lagamannsins í baráttu hans fyrir málstað sínum. Með orð þess að vopni eyðir hann réttaróvissu, ræðst gegn ólögum, glæðir réttarvitund almennings og bætir réttarstöðu einstaklinga og eflir um leið þjóðarhag. Loðmulla í töluðu eða rituðu máli samrýmist ekki réttmætum kröfum um skýrleika og áhrifamátt lagamálsins. Sljóvar eggjar hæfa ekki vopnum tungunnar.

Í grein sinni „Málfar og stjórnarfar“ í Úlf-ljóti 1988, bls. 54, segir Sigurður Líndal:

Góður texti í stjórnsýsluplaggi er í sjálfu sér ekki ýkja frábrugðinn þeim sem almennt telst góður. Stjórnsýslumálið dregur mjög dóm af lagamáli svo að hér verður öðrum þræði rætt um það. Eins og lagamálið er stjórnsýslumálið hefðbundið í þeim skilningi að fylgt er eldri fyrirmyndum um orðafar og framsetningu. Það ein-kennist af hlutlægni, þannig að ekki er svigrúm fyrir einkaviðhorf og tilfinningar þess er ritar. Ef vel tekst til er stjórnsýslumálið nákvæmt og rökvislegt, í því er skipulegt samhengi og glöggur munur gerður á aðalatriðum og aukaatriðum; það er formfast, skýrt, einfalt og tilgerðarlaust; stíllinn er gagnorður.

Áfram heldur Sigurður á blaðsíðu 56:

Ein helzta orsök óskýrra stjórnsýslutexta er þó sú að þeir sem hlut eiga að máli gera sér ekki grein fyrir lesendahópnum sem alla jafna veit minna en stjórnsýslumennirnir og er lakar búinn til að skilja þann boðskap sem fluttur er. Því verða þeir að gera sér sérstakt far um að útlista öll málefni sem gleggst. Miklu varðar að hugað sé að orðavali og efnis-skipan, og er hið síðarnefnda ekki minna um vert: að hugsanir komi í eðlilegri röð, að hvert efnisatriði taki við af öðru eins og hlekkur í keðju og tengsl kafla þannig að samhengi verði sem ljósast. Því flóknara sem viðfangsefnið er þeim mun mikilvægara er að létta undir með lesandanum. Einatt má segja að niðurskipan efnis komi nokkuð af sjálfu sér, en oft er það yfirlegu- og þolinmæðisverk, jafnvel meira en útlista einstök atriði í orðum. Það er sannast sagna ekkert áhlaupa- verk að ganga frá skýrum texta, en

efnið batnar. Jafnan verður að hafa í huga þetta tvennt, að form og efni verður ekki sundur skilið. Efnið er sjaldan fyllilega ljóst fyrr en orðalag er orðið ótvírátt. Það sem er óljóst orðað er óljóst hugsað. Skýr texti er eini óumdeilanlegi vitnisburðurinn um að mál sé hugsað til hlítar.

Orð þessara reyndu fræðimanna endurspegla vel hvað hafa ber hugfast við afgreiðslu lögfræðilegra úrlausnarefna í stjórnsýslunni og eru jafnframt brýning til fyllstu vandvirkni.

Ógerlegt er að útfæra nákvæmlega í lögum hvernig rökstyðja skuli lögfræðilega niðurstöðu, „því að rökstuðningur hlýtur ávallt að vera jafn fjölbreytilegur og málin eru margvísleg. Það sem á við í einu máli á ekki við í öðru.“¹⁴ Þess vegna er 22. gr. stjórnsýslulaganna fæ-orð um efni rökstuðnings. Í megindráttum er þó ljóst, bæði af úrlausnum dómstóla og úrskurðarnefnda í stjórnsýslunni hvernig standa skuli að verki. Segja má að í lögfræði snúist rökstuðningur um að heimfæra tiltekna staðreyndir (gjörðir, málsatvik o.fl.) til lagaákvæða. Í þessu felst m.a. að útskýra hvernig/hvers vegna tilvitnað lagaákvæði eigi við í viðkomandi máli, og eftir atvikum að skýra hvers vegna annað eða önnur lagaákvæði, sem til álita koma, eigi ekki við. Þá ber að fjalla um sjónarmið gjaldanda (málsaðila) og taka rökstudda afstöðu til þeirra. Lengd rökstuðnings er síður en svo markmið heldur er meginatriðið að rökstuðningur skattákvæðana sé svo greinargóður að gjaldandi megi glöggst af honum sjá hvers vegna niðurstaða máls hefur orðið sú sem raun varð á,¹⁵ og fram komi þær upplýsingar sem þarf til að hann geti fullnýtt sér sinn andmælarétt, þ.m.t. kærurétt.

Samandregið má segja að rökstuðningur eigi að vera einfaldur og skýr og af honum eigi að vera unnt að sjá að lög hafi leitt til niðurstöðunnar, hvernig og hvers vegna. ■

12 Kristján Árnason: „Hugleiðingar um íslenskt lagamál“. Erindi flutt á fundi dómara og lögmanna 20. desember 1990. Málregnir 2000, 19:3-10.

13 Einar Arnórsson: „Gagnrýni dómurlausna“. Tímarit lögfræðinga 1953, bls. 1-4. Árni Tryggvason: „Afstaða dómara til andsvara og gagnrýni“. Tímarit lögfræðinga 1953, bls. 193-200. Benedikt Sigurjónsson, Haraldur Henrysson og Magnús Thoroddsen: „Samning dóma“. Erindi flutt á málþingi Dómarafélags Íslands þann 15. apríl 1978. Tímarit

lögfræðinga 1978, bls. 66-86. Hjördís Hákonardóttir: „Gagnrýni á dómstólana og forsendur dóma“. Skírnir vor 1988, bls. 164-171. „Tungutak lögfræðinnar“. Afmælisrit Gizur Bergsteinsson, níræður, 18. apríl 1992. „Lagamálið: tæki valds og réttlætis“. Málregnir 2002, 21:43-48. Þór Vilhjálmsson: „Rökfærsla í dómum og stjórnvaldsákvörðunum“. Skírnir haust 1988, bls. 378-388. Sigurður Líndal: „Málfar og stjórnarfar“. Úlfjótur, 1. töl. 1988, bls. 53-60. Kristján Árnason: „Hugleiðingar um íslenskt lagamál“. Erindi flutt á fundi dómara og lögmanna 20. desember


1990. Málregnir 2000, 19:3-10. Á nokkuð öðrum nótum má nefna Arnar Þór Jónsson: Tímarit lögfræðinga 2008, bls. 79-119.

14 Magnús Thoroddsen: „Samning dóma“. Tímarit lögfræðinga 1978, bls. 82.


15 Páll Hreinsson: Stjórnsýslulögin-skýringarrit. Forsætisráðuneytið, Reykjavík 1994, bls. 230.

Staðgreiðsla

Staðgreiðsluskyldar greiðslur 2013 og 2014



Breyting frá sama mánuði árið áður



Atvinnurekendur og aðrir launagreiðendur skila staðgreiðslu af öllum staðgreiðsluskyldum greiðslum. Hér er um að ræða laun og hlunnindi, reiknað endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, lífeyri, greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og atvinnuleysisbætur.

Í nóvember á þessu ári voru greiðslur skv. skilagreinum samtals 1.016,2 milljarðar, eða um 70,2 milljörðum hærri að nafnverði en á sama tíma árið 2013. Þetta er hækkun um 7,4% á milli ára. Ef að líkum lætur má ætla að staðgreiðsluskyldar greiðslur

verði rúmir 1100 milljarðar á þessu ári, eða hátt í 80 milljörðum hærri að nafnverði en árið 2013.

Hækkun frá fyrri ári var mest í maí og júní en þá voru þessar greiðslur um 8,6% og 8,4% hærri en þær höfðu verið sama mánuði árið áður. Þarna var rúmum 15 milljörðum meira greitt út en árið áður. Þá er athyglisvert að greiðslur í nóvember eru nú 7,4 milljörðum hærri en í nóvember í fyrra. Þetta er breyting um 8,2% á milli ára. ■

PK

Álagning lögaðila 2014



Páll Kolbeins
rekstrarhagfræðingur sér um
birtingu og vinnslu skattatölfræði
á vef ríkisskattstjóra og úrvinnslu
tölfræðilegra upplýsinga til
birtingar í Tíund.

”

Þrátt fyrir að lögaðilum hafi fjölgað mikið á milli árána 2012 og 2013 er merkilegt að hlutafélögum og einkahlutafélögum fjölgaði ekki nema um 198. Hlutafélögum hefur ekki fjölgað jafn lítið, hvort heldur lítið er til tiltölu eða fjölda, síðastliðna tvo áratugi

Um miðjan október lauk ríkisskattstjóri við að leggja skatta og gjöld á lögaðila vegna rekstrarársins 2013. Framtalsfrestur rann út í maí, lagt var á í lok október og í kjölfarið voru álagningarseðlar sendir út. Þó að framtöl séu enn að berast og tölur eigi því vafalaust eftir að taka nokkrum breytingum þegar lengra liður frá lokum álagningar má ráða af þeim gögnum sem þegar hafa borist að nokkrar grósku hafi gætt í atvinnulífinu árið 2013. Fleiri félög voru rekin með hagnaði, hagnaður og skattur á hagnað jukust. Þá skilaði tryggingagjald sem lagt er á laun og aðrar þóknarir fyrir vinnu meiru þrátt fyrir að gjaldið hafi lækkað á milli ára. Fleiri greiða nú meira í laun en áður.

Nú var tæpur 181,1 milljarður lagður á í opinber gjöld lögaðila. Þetta er 54,7 milljörðum eða 43,3% meira að raunvirði en var lagt á fyrir ári. Stór hluti þessarar aukningar var vegna sérstakra skatta á fjármálafyrirtæki sem jukust um 43,7 milljarða á milli ára. Skattur á hagnað fyrirtækja jókst um 8,9 milljarða á milli ára. Tryggingagjald hækkaði um 1,8 milljarða, eða 2,6%. Tekjuskattur var lagður á 16.332 félög og tryggingagjald á 17.559 félög. Nú greiddu rúmlega 580 fleiri félög tekjuskatt og tryggingagjald.

Það er athyglisvert að lögaðilum fjölgaði nú meira en einstaklingum á skattgrunnskrá. Einstaklingum fjölgaði um 4.258, eða 1,6% á meðan lögaðilum fjölgaði um 7.397 eða 15,6%. Húsfélög eru nú almennt sett á skattgrunnskrá en voru áður aðeins sett á skattgrunnskrá ef ástæða þótti til, t.d. ef þau voru með launaða starfsmenn eða einhverja sölu.

Það er frekar óvenjulegt að lögaðilum á skattgrunnskrá fjölgi hraðar en einstaklingum en þetta er þó ekki einsdæmi því lögaðilum fjölgaði um 2.700 á árunum 2008 til 2010 en einstaklingum fækkaði hins vegar á þessum tíma um 6.730, sem er afar óvenjulegt.


Þrátt fyrir að lögaðilum hafi fjölgað mikið á milli árána 2012 og 2013 er merkilegt að hlutafélögum og einkahlutafélögum fjölgaði ekki nema um 198. Hlutafélögum hefur ekki fjölgað jafn lítið, hvort heldur lítið er til tiltölu eða fjölda, síðastliðna tvo áratugi.

Hlutafélögum fjölgaði mjög hratt á tíunda áratugnum og í byrjun fyrsta áratugarins þegar margir sáu sér hag í því að flytja rekstur sem rekinn hafði verið í nafni og á ábyrgð eiganda yfir í hlutafélag. Á þessum árum var tekinn upp fjármagnstekjuskattur og skattar á fyrirtæki voru lækkaðir. Þetta var tími mikillar framtakssemi. Einkahlutafélög komu til sögunnar en skilyrði um hlutafé og fjölda hluthafa í einkahlutafélögum voru ekki jafn ströng og í hlutafélögum. Auðveldara varð að fá fé að láni til að hefja rekstur

Lögaðilar á skrá

Nú voru 54.678 lögaðila á skattgrunnskrá, 7.397 fleiri en fyrir ári. Hér er um að ræða tekjuskattsskyld fyrirtæki sem rekin eru í hagnaðarskyni jafnt sem opinbera aðila og félagasamtök.

Lögaðilar á skattgrunnskrá



Lögaðilum á skattgrunnskrá hefur fjölgað um 40.654 frá árinu 1992. Nú voru 54.678 lögaðilar á skattgrunnskrá en þar af voru 38.773 fyrirtæki sem rekin eru í hagnaðarskyni, hlutfélög, sameignar- og samlagsfélög. Dreigið hefur úr mikilli fjölgun tekjuskattskyldra lögaðila á undanförunum árum. Á síðustu tveimur árum hefur hlutfélögum á skattgrunnskrá fjölgað um 477. Sameignar- og samlagsfélögum, þröta- og dánarbúum hefur á sama tíma fjölgað um 1.053.

eða til fjárfestingar. Eignarhaldsfélögum fjölgaði mikið í kringum aldamótin. Hlutfélögum á skattgrunnskrá fjölgaði um 19.077, eða 168,1% á árunum 1997 til 2007 en þá voru 30.426 hlutfélög á skattgrunnskrá. Skráðum hlutfélögum fjölgaði svo um 2.669 á milli árunna 2006 og 2007 og hefur þeim ekki fjölgað jafnmikið síðan. Nú voru 34.569 hlutfélög á grunnskrá, 0,6% fleiri en fyrir ári.

Þó að nokkuð hafi dregið úr fjölgun hlutfélaga frá því sem var á uppgangsráunum fyrir hrun hefur sameignarfélögum og samlagsfélögum hins vegar haldið áfram að fjölga á síðustu árum. Langflest þeirra félaga sem skráð eru á skattgrunnskrá eru þó enn einkahlutfélög. Í álagningu 2014 var 33.401 einkahlutfélag, 3.214 sameignarfélög skráð í firmaskrá og 745 hlutfélög.

Frá árinu 2009 hefur hlutfélögum fjölgað um 1.463 á sama tíma og sameignarfélögum og samlagsfélögum, þröta- og dánarbúum hefur fjölgað um 1.601. Hér hefur orðið mikil breyting á. Nú greiddu 4.204 félög hærri tekjuskatt af hagnaði en hlutfélög og hefur þeim fjölgað um 385 á milli ára, eða 10,1%.

Ríki og sveitarfélög, opinberar stofnanir, ýmis konar félaga-, líknar- og hjálparsamtök, húsfélög, veiðifélög og

íþróttarfélög eru ekki tekjuskattskyld og þurfa því ekki að skila skattframtali. Þessir lögaðilar þurfa þó að skila staðgreiðslu og tryggingagjaldi af launum starfsmanna, ef einhverjir eru og virðisaukaskatti af virðisaukaskattskyldri starfsemi, s.s. veitingasölu. Nú voru 15.905 þessara lögaðila á skrá og hefur þeim fjölgað um 6.814, eða 75% á milli ára sem má að hluta rekja til skráningar húsfélaga á skattgrunnskrá. Nú voru 9.026 húsfélög á grunnskrá en þau voru 2.996 í fyrir ári.

Eins og gefur að skilja eru flest félög starfandi í atvinnugreinum þar sem tiltölulega auðvelt er að hefja rekstur. Oft verða miklar og jafnvel ófyrstíganlegar hindranir á vegi þeirra sem hyggjast stofna fyrirtæki. Það þarf að afla rekstrarfjár, hlutfjár eða lánsfjár. Framleiðslutæki og húsnæði geta verið dýr. Þá eru margar greinar þess eðlis að menn verða að hafa lokið starfsþjálfun eða áralöngu sérfræðinámi til að hefja störf innan greinarinnar. Þá þarf oft að afla alls konar leyfa frá fjölda stofnana og uppfylla skilyrði og reglugerðir. Flest fyrirtæki eru því stofnuð í greinum þar sem lítills undirbúnings og lítilla fjármuna eru þörf. Þá er einnig mikið um að eignum, verðbréfum eða fasteignum sé komið fyrir í félagi. Slík

félög eru oft ekki með starfsmenn í vinnu og mörg þeirra greiða engin laun. Það má því ætla að þau lifi sjálfstæðu lífi.

Árið 2013 voru 3.388 skattskyld félög skráð í atvinnugreinina leiga á atvinnuhúsnæði. Hér er um að ræða 8,7% þeirra fyrirtækja sem rekin eru í hagnaðarskyni. Þá var 3.101 eignarhaldsfélag skráð en það eru um átta prósent þeirra 38.773 félaga sem voru á skrá. Mörg félög eru í byggingariðnaði og var 2.251 félag skráð í þessa atvinnugrein árið 2013, eða 5,8% skráðra félaga í landinu. Þá störfuðu 1.134 félög við viðskipta- og rekstraráðgjöf en það eru 2,9% félaga. Þá gerðu 1.049 félög út smábáta og 908 félög voru í blandaðri heildverslun en tæpur þriðjungur félaga er í þessum atvinnugreinum, eða 30,5%.

Skattskyldum félögum fjölgaði um 583 á milli ára. Félögum í viðskiptaráðgjöf fjölgaði mest á milli árunna 2012 og 2013, eða um 51. Þessum félögum hefur fjölgað mest allra félaga frá árinu 2008, eða um 428. Félög sem framleiða kvikmyndir, myndbönd og sjónvarpsefni voru 39 fleiri en árið áður. Þessum félögum hefur fjölgað um 172 frá árinu 2008. Þá fjölgaði félögum sem sjá um bókunarþjónustu og starfsemi tengda ferðaþjónustu og ferðaskipuleggjendum um 36 í hvorri grein. Félögum í bókunarþjónustu fjölgaði um 241 frá árinu 2008.

Frá árinu 2008 hefur tekjuskattskyldum félögum fjölgað um 4.758. Mest hefur fjölgað í viðskiptaráðgjöf og þá hefur leigufélögum sem leigja atvinnuhúsnæði fjölgað um 284. Fyrirtækjum sem skráð eru í sérfræðilækningum hefur fjölgað um 200, starfsemi eignarhaldsfélaga um 174 og félögum í lögfræðipjónustu um 161.

Áætlanir

Stór hluti félaga skilar ekki skattframtali fyrir lok álagningar. Í álagningu 2014 voru 38.773 tekjuskattskyld félög á skattgrunnskrá en fyrir lok álagningar í október höfðu 10.946 þeirra ekki skilað skattframtali sem eru 28,2% skattskyldra félaga. Á síðustu árum hefur um þriðjungur félaga ekki skilað skattframtali fyrir lok álagningar og áætlaði ríkisskattstjóri þessum félögum tekjur, skatta og gjöld. Upp úr miðjum tíunda áratugnum og fram undir lok fyrsta áratugar þessarar aldar fjölgaði áætluðum félögum hlutfallslega. Rúmur þriðjungur félaga var áætlaður árið 2010, eða 35,1% en síðan þá hafa skattskil farið batnandi. Oftast er um lítil félög að ræða eða fyrirtæki sem hafa ekki enn hafið rekstur eða hafa hætt starfsemi en ekki verið afskráð.

Tekjuskattur

Tekjuskattur er lagður á hreinan hagnað fyrirtækja, það er tekjur að frádregnum leyfilegum frádrætti sem er sá kostnaður sem fellur til við reksturinn. Þá má einnig draga uppsafnað tap fyrri ára frá skattstofni.


Tekjuskattur var nú lagður á 16.332 félög, eða 581 fleira en fyrir ári. Tekjuskattur hefur ekki áður verið lagður á svona mörg félög en 22.427 skattskyld félög munu þó ekki greiða tekjuskatt af hagnaði ársins 2013. Um 57,8% félaga greiða ekki tekjuskatt og ýmist var lítil eða engin starfsemi í þessum félögum eða hagnaðurinn gekk til að jafna uppsafnað tap. Þá var enginn rekstur í sumum félögum og því hvorki fyrir tekjum né gjöldum að fara.

Upp úr aldamótum jókst hagnaður fyrirtækja mikið. Árið 2001 var tekjuskattstofn um 63,9 milljarðar. Skattskyldur hagnaður fyrirtækja hækkaði um 325,5 milljarða frá árinu 2001 fram til ársins 2007, eða rúmlega fimmfaldaðist á sjö árum. Þá var hagnaður fyrirtækja um 389,4 milljarðar.


Sem fyrr segir fjölgaði fyrirtækjum mikið á þessum árum þegar einstaklingar fluttu einstaklingsrekstur yfir í einkahlutafélög og þar með hreinan hagnað af atvinnustarfsemi einstaklinga með rekstur í eigin nafni yfir í álagningu lögaðila. Þá varð til alþjóðleg fjármálamiðstöð í landinu á árunum fyrir hrún. Alþjóðlegir bankar og fjárfestingafélög, fjármögnuð á alþjóðlegum fjármálamarkaði, voru orðin mjög fyrirferðarmikil í íslensku samfélagi. Hagnaður þessara fyrirtækja fór mikið eftir hlutabréfavísitölunni sem byggði á verði hluta í fyrirtækjum sem hækkuðu eða lækkuðu í takt við hlutabréfavísitöluna, sem hækkaði eða lækkaði í takt við eftirspurn eftir hlutabréfum í fyrirtækjum sem högnuðust aftur þegar hlutabréfavísitalan hækkaði.

Eftir að þessi hringekja fór af hjörunum hrundi hagnaður fyrirtækja aftur eins og hlutabréfavísitalan. Skattskyldur hagnaður minnkaði um 168,8 milljarða eða um 43,4 % fram til ársins 2011 en hefur síðan aukist um 47,4 milljarða, eða 21,5%.

Árið 2013 var skattskyldur hagnaður fyrirtækja tæpir 268 milljarðar sem var 43,7 milljörðum meiri hagnaður en árið áður. Skattskyldur hagnaður jókst um 19,5% á milli ára að raungildi. Þetta er meiri hagnaður en menn hafa séð síðan 2008 þegar skattskyldur hagnaður fyrirtækja var 291,4 milljarðar. Hér horfir því



Upp úr aldamótunum jókst skattskyldur hagnaður fyrirtækja mikið. Hann var 62,3 milljarðar árið 2000 en meira en sexfaldaðist fram til ársins 2007 er hann var 389,4 milljarðar. Tekjuskattstofn lögaðila lækkaði um 168,8 milljarða fram til ársins 2011, eða um tæp 43,4%. Síðan þá hefur skattskyldur hagnaður fyrirtækja aukist um 47,4 milljarða eða 21,5%. Stofninn hækkaði um 43,7 milljarða milli áranna 2012 og 2013, eða um 19,5%.




Þrátt fyrir að tekjuskattshlutfall fyrirtækja hafi lækkað að jafnaði úr 39,7% af tekjuskattstofni árið 1992 í 18,2% af tekjuskattstofni árið 2007, eða um 54%, greiddu félög nær sjö sinnum meira í skatt árið 2007 en árið 1992. Á þessum tíma fimmánfaldaðist skattstofninn. Árið 2008 var lagður tæpur 71 milljarður á hagnað fyrirtækja. Tekjuskattur lögaðila lækkaði um tæpa 36,2 milljarða fram til ársins 2009 en þá var meðalskattur kominn niður undir 15,4%. Síðan þá hefur meðaltekjuskattur fyrirtækja hækkað um 34,4%, úr 15,4% í 20,7%. Tekjur af skattinum hafa aukist um tæpa 20,7 milljarða eða um 59,4%.

til betri vegar. Það er þó enn nokkuð í að skattstofn fyrirtækja verði jafn hár og hann var árið 2007.


Á tekjuskattstofn voru lagðir 55,5 milljarðar í tekjuskatt en hann var nú tæpum 8,9 milljörðum hærri en fyrir ári. Tekjuskattur hækkaði ekki alveg jafn mikið og tekjuskattstofninn.

Í kjölfar þess að efnahagslíf landsins varð fyrir áfalli síðla árs 2008 dró verulega úr hagnaði fyrirtækja. Tekjuskattur lækkaði um 50,9% á milli áranna 2007 og 2009, fór úr 71 milljarði í 34,8 milljarða. Síðan þá hafa tekjur af skattinum hækkað aftur um 20,7 milljarða eða 59,4%.


Tekjuskattur



Fjöldi fyrirtækja



Tekjuskattur



Stöplarit: Fyrirtæki í 10 atvinnugreinum greiða um 34,6 milljarða í tekjuskatt. Þetta eru 62,3% þess sem var lagt á félög. Mest var lagt á eignarhaldsfélög eða 12,6 milljarðar. Um 22,7% tekjuskatts lögaðila voru lögð á eignarhaldsfélög. Þá voru rúmir átta milljarðar lagðir á önnur fjármálafyrirtæki. Þessar tvær greinar greiða um 37,5% tekjuskatts lögaðila. Fyrirtæki sem starfa við frystingu fiskafurða, krabbadyra og lindýra greiða samanlagt fimm milljarða, eða 9,4% álagningarinnar. Þá greiðir útgerð fiskiskipa 1,4 milljarða. Sérfræðilækningar og lögfræðipjónusta greiða samanlagt tæpa 2,9 milljarða í tekjuskatt sem var um 5,2% þess sem lagt var á í tekjuskatt.

Kökurit: Fremur fá fyrirtæki greiða stóran hluta tekjuskatts lögaðila. Tæp 58% tekjuskattsskyldra fyrirtækja greiða engan tekjuskatt. Þá greiða rúm 31% fyrirtækja minna en eina milljón. Þessi félög greiða rúm sex prósent álagðs tekjuskatts. Tæp 10% félaganna greiða eina til 10 milljónir í tekjuskatt. Þessi félög greiða 19,2% þess sem var lagt á. Þá greiða 1,2% félaga 10 til 100 milljónir í tekjuskatt hvert. Samanlagt greiða þessi félög tæpan fimmtung álagðs tekjuskatts. 32 félög greiða 100 milljónir til milljarð í tekjuskatt. Samanlagt eiga þau að greiða 18% þess sem lagt var á. Loks eru tæpir 20,3 milljarðar lagðir á sjö félög sem hvert um sig á að greiða meira en einn milljarð í tekjuskatt. Þessi félög munu greiða 36,7% þess tekjuskatts sem var lagður á lögaðila.

Skattar á fyrirtæki voru lækkaðir mikið á tíunda áratugnum og fyrsta áratugi þessarar aldar. Á þessum tíma uxu skattstofnar og tekjur af skattinum jukust þrátt fyrir að skatturinn sjálfur væri lækkaður. Í byrjun tíunda áratugarins greiddu félög að jafnaði 39,7% skatt af hagnaði. Skatturinn lækkaði niður undir 30% undir lok áratugarins og var svo lækkaður mikið í byrjun fyrsta áratugar þessarar aldar. Tekjuskattur lögaðila lækkaði um 39,3% á milli álagningaráranna 2002 og 2003, úr 30,4% í 18,3%. Nú var meðaltekjuskattur 20,7% en félög greiddu að jafnaði 20,8% tekjuskatt af tekjum ársins 2012. Hlutfélög greiddu 20% skatt af tekjum árið 2013 en sameignar- og samlagsfélög, þrota- og dánarbú greiddu 36% skatt. Meðalskattur er því aðeins hærri en skattur á hagnað hlutfélaga.

Þrátt fyrir að tekjuskattur lögaðila sé nú mun lægri en hann var í upphafi tíunda

áratugarins hefur hann hækkað mikið á undanförunum árum. Hlutfélög greiddu 15% skatt af tekjum ársins 2008. Skatturinn sjálfur hefur því hækkað um þriðjung.

Flest tekjuskattsskyld félög eru lítil, lítill hagnaður er af starfseminni og þau greiða því lítinn tekjuskatt. Það er óhætt að segja að fremur fá félög greiði bróðurpart skattsins. Í álagningu 2014 var lagður tekjuskattur á 16.332 félög og því mun 22.441 félag, eða tæp 57,9% tekjuskattsskyldra félaga, ekki greiða neinn tekjuskatt.

Þá munu flest þeirra félaga sem lagt var á, 12.057 félög, greiða minna en eina milljón í tekjuskatt, en þetta eru 73,8% félaga sem greiða tekjuskatt. Samanlagt munu þessi félög greiða rúma 3,6 milljarða í tekjuskatt, sem voru um 6,5% þess tekjuskatts sem lagður var á félög. Um 83,2% skattsskyldra félaga á grunnskrá og 60,1%

félaga sem greiða tekjuskatt munu greiða minna en 500 þúsund í tekjuskatt. Hér er um að ræða 9.819 félög sem munu samanlagt greiða tæpa tvo milljarða í tekjuskatt og þar af munu 4.993 félög greiða minna en 200 þúsund og 2.356 félög minna en 100 þúsund krónur í tekjuskatt. Tæpar hundrað milljónir voru lagðar á síðastnefndu félögin í tekjuskatt. Skiptingin er mjög ójöfn og þau 64% tekjuskattsskyldra félaga sem greiða minna en hundrað þúsund munu greiða 0,2% tekjuskatts félaga. Um 83,2% félaga greiða minna en 500 þúsund og munu þessi félög samanlagt greiða um 3,6% tekjuskatts lögaðila. Þá munu þau 89% félaga sem greiða minna en eina milljón í tekjuskatt greiða samanlagt 6,5% tekjuskatts lögaðila.

Um 11% félaga, og 26,2% þeirra félaga sem voru rekin með hagnaði, munu greiða meira en eina milljón í tekjuskatt.

Álagningarárið 2014 voru 4.275 félög yfir þessum mörkum og þar af voru meira en tíu milljónir lagðar á 488 félög og meira en hundrað milljónir á 39 félög. Meira en einn milljarður var lagður á sjö félög. Tæpir 20,4 milljarðar voru lagðir á þessi sjö félög sem starfa við fjármálastarfsemi og í sjávarútvegi. Það var um 36,7% þess tekjuskatts sem var lagður á félög. Lítið brot félaga, eða 0,02%, greiðir því meira en þriðjung þess tekjuskatts sem var lagður á lögaðila.

Fyrirtæki í sjö atvinnugreinum greiddu samtals meira en einn milljarð í tekjuskatt. Starfsemi eignarhaldsfélaga greiddi mestan tekjuskatt af tekjum ársins 2013 en rúmir 12,6 milljarðar voru lagðir á 3.142 eignarhaldsfélög. Ef að líkum lætur munu eignarhaldsfélög því greiða um 22,7% tekjuskatts lögaðila. Þá voru 8,2 milljarðar lagðir á önnur fjármálafyrirtæki en 83 fyrirtæki starfa í greininni. Þau greiða um 14,8% álagðs tekjuskatts. Fyrirtæki í þessum tveimur atvinnugreinum munu greiða um 37,5% tekjuskatts lögaðila. Ekki munu þó öll félög í þessum greinum greiða tekjuskatt því vafalaust voru mörg rekin með tapi.

Rúmir 5,2 milljarðar voru lagðir á 178 fyrirtæki sem starfa við frystingu sjávarafurða og munu þessi fyrirtæki greiða um 9,4% tekjuskatts. Þá voru lagðir tæpir 1,8 milljarðar á félög sem starfa við útleigu á atvinnuhúsnæði. Rúmir 1,6 milljarðar voru lagðir á 463 fyrirtæki sem bjóða upp á lögfræðipjónustu og eru það um þrjú prósent tekjuskatts lögaðila. Tæpir 1,5 milljarðar voru lagðir á 314 útgerðir fiskiskipa. Þá munu 650 sérfræðilæknar greiða rúma 1,2 milljarða í tekjuskatt. Samtals munu fyrirtæki í þessum sjö atvinnugreinum, sem hver um sig mun greiða rúman milljarð í tekjuskatt, greiða um 57,9% álagðs tekjuskatts lögaðila en 8.270 félög starfa í greinunum.

Tekjuskattur lögaðila hefur aukist að raungildi um rúma 11 milljarða frá árinu 2008. Þá greiddu lögaðilar tæpa 44,5 milljarða í tekjuskatt. Á þessum fimm árum hefur hreinn hagnaður aukist í 299 þeirra atvinnugreina sem Hagstofan skilgreinir í íslensku atvinnugreinaflokkuninni, Ísat 2008. Þessar atvinnugreinar greiða 21 milljarði meira í tekjuskatt en árið 2008.

Tekjuskattur í annarri fjármálastarfsemi hefur aukist um rúma 5,6 milljarða frá árinu 2008 og hefur hagnaður í þessari grein aukist mest allra atvinnugreina í landinu. Rúmur fjórðungur hagnaðaraukans varð í þessari einu atvinnugrein. Þá greiða fyrirtæki í frystingu fiskafurða,

krabbadýra og lindýra nú fimm milljörðum meiri tekjuskatt en árið 2008. Tekjuskattur sem lagður er á fyrirtæki í lögfræðipjónustu hefur aukist um tæpan 1,1 milljarð að raunvirði síðan 2008. Hagnaðaraukningin hefur orðið mest í þessum greinum. Tekjuskattur stórmarkaða og matvöruverslana hefur aukist um tæpar 730 milljónir og útgerð fiskiskipa greiðir nú um 692 milljónum meiri tekjuskatt en árið 2008. Þá greiða sérfræðilæknar nú rétt tæpum 648 milljónum meira í tekjuskatt en árið 2008. Einhverjum kann að þykja það merkilegt að sérfræðilæknar greiði meiri tekjuskatt en stórmarkaðir og matvöruverslanir, en sérfræðilæknar greiddu 1,2 milljarða í tekjuskatt af tekjum ársins 2013 á meðan fyrirtæki sem eru skráð í atvinnugreinina stórmarkaðir og matvöruverslanir greiða 884 milljónir.

Hagnaður fyrirtækja í 222 atvinnugreinum hefur hins vegar minnkað frá árinu 2008, samtals um tíu milljarða. Mest hefur hagnaður dregist saman í byggingariðnaði. Fyrirtæki í atvinnugreininni bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis

áætlanir voru 10,4% tekjuskattsstofns. Skattskil hafa batnað en í fyrra var 12,6% tekjuskattsstofns byggður á mati skattstjóra. Hlutfallið var 16,1% í álagningu 2012 og 19% árið 2013. Í álagningu 2009 var um helmingur skattskyldra tekna byggður á áætlun en þá voru aðstæður í þjóðfélaginu reyndar mjög sérstakar. Nú voru lagðir tæpir 5,9 milljarðar á í tekjuskatt á áætlaðan skattstofn.

Það er rétt að taka fram að vegna áhrifa samsköttunar er hagnaður rekstrarfélaga oft skattlagður hjá eignarhaldsfélögum. Skattskyldur hagnaður eignarhaldsfélaga getur því orðið til í öðrum atvinnugreinum, t.d. sjávarútvegi, ferðaþjónustu eða stóriðju.

Tryggingagjald

Tryggingagjald er lagt á allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf. Ekki skiptir máli hvort að greitt er í fríðu eða með vöru- eða vinnuskiptum. Þá er einnig



Árið 2013 greiddu lögaðilar 927,1 milljarð í laun, hlunnindi og lífeyri. Lögaðilar greiddu 34,4 milljörðum meira að raungildi í laun árið 2013 en árið 2012 og er það 3,9% hækkun á milli ára

greiddu tæpum 1,2 milljörðum minna í skatt árið 2014 en árið 2009 og fyrirtæki í atvinnugreininni bygging annarra ótalinna mannvirkja greiddu 818 milljónum minna árið 2014 en árið 2009. Álfyrirtæki greiddu tæpum 920 milljónum minna í tekjuskatt og starfsemi eignarhaldsfélaga greiddi rúmi 831 milljón minna í tekjuskatt af tekjum ársins 2013 en ársins 2008. Starfsemi verkfræðinga greiddi 374 milljónum minna árið 2014 en árið 2009.

Fimm atvinnugreinar sem heyra undir ferðaþjónustu: veitingastaðir, hótél og gistiheimili með og án veitingaþjónustu, ferðaskrifstofur og farþegaflutningar á landi greiddu samanlagt 1,4 milljarða í tekjuskatt, eða 2,5% álagðs tekjuskatts.

Tekjuskattsstofn félaga var tæpir 268 milljarðar og voru félögum áætlaðir rúmir 27,8 milljarðar í skattskyldan hagnað en


greitt tryggingagjald af lífeyrisðgjalda og móttframlagi launagreiðanda í lífeyrisjóð. Tryggingagjald er skattur á laun sem atvinnurekendum og einstaklingum með rekstur í eigin nafni ber að standa skil á auk þess sem þeim ber að skila staðgreiðslu af launum starfsmanna sinna.

Á tryggingagjaldsstofn var nú lagt almennt tryggingagjald sem var 5,29%. Þá var lagt á 2,05% atvinnutryggingagjald og 0,3% gjald í ábyrgðarsjóð launa. Þá greiðir útgerð 0,65% slysatryggingagjald af launum sjómanna. Samtals voru þessi gjöld 7,64% en einnig er lagt 0,05% markaðsgjald á tryggingagjaldsstofn.

Árið 2013 greiddu lögaðilar, það er lögaðilar undanþegnir tekjuskatti jafnt sem félög sem rekin eru í ágóðaskyni, 927,1 milljarð í laun, hlunnindi og lífeyri. Lögaðilar greiddu 34,4 milljörðum meira

Milljarðar


Tryggingagjaldsstofn



Tryggingagjald er lagt á laun, hlunnindi, lífeyrisðgjald og allt annað endurgjald fyrir vinnu. Á tíunda áratugnum var gróandi í íslensku atvinnulífi. Raunvirði launa jókst frá ári til árs. Árið 2004 markar ákveðin þáttaskil. Tryggingagjaldsstofn óx um 273,3 milljarða á árunum 2004 til 2007, eða um 32,5%. Hann lækkaði aftur um 251,2 milljarða fram til ársins 2010, eða 22,6%. Stofninn var þá enn 22,1 milljarði hærri en hann var árið 2004. Frá þeim tíma hefur tryggingagjaldsstofn hækkað aftur um 65,4 milljarða, eða 7,6%. Tryggingagjaldsstofn hækkaði um 34,4 milljarða, eða 3,9% milli árunna 2012 og 2013 og er nú tæpum 22,7 milljörðum lægri en hann var árið 2005.

Milljarðar

Tryggingagjald



Tryggingagjald er lagt á tryggingagjaldsstofn og breytist því eins og stofninn og gjaldið sjálf. Tryggingagjald var lengst af um 5,4%. Það hækkaði nokkuð á árunum 2003 til 2006. Þá var það um 5,8% og það svo lækkað aftur niður í 5,4% árin 2007 og 2008. Árið 2009 var tryggingagjald að meðaltali 6,2%. Þá hafði gjaldið hækkað um 15,6%. Það hækkaði aftur í 8,7% af launum ársins 2010. Tryggingagjald hafði þá hækkað um 62% á tveimur árum. Tryggingagjaldsstofn lækkaði um 251,2 milljarða á árunum 2007 til 2010. Tryggingagjald hækkaði um 15,1 milljarð á þessum tíma.

þegnir tekjuskatti, þ.e. lögaðilum sem eru ekki reknir í hagnaðarskyni.

Nú voru lagðir 71,6 milljarðar á laun og lífeyrisiðgjöld landsmanna. Til samanburðar má nefna að tekjuskattur einstaklinga var um 112 milljarðar og útsvar til sveitarfélaga var um 148 milljarðar. Tekjur af tryggingagjaldi jukust um 2,6% en gjaldið var lagt á 17.587 launagreiðendur.

Um miðjan tíunda áratuginn hófst uppgangsskeið í landinu. Tryggingagjaldsstofn hækkaði mikið á árunum 1997 til 2007, úr 537,4 milljörðum í 1.112,9 milljarða og hafði þá hækkað um 575,5 milljarða eða 107,1% á 10 árum. Stór hluti hækkunarinnar var á árunum 2004 til 2007 en þá hækkaði stofninn um 275,5 milljarða eða 32,5%. Stofninn lækkaði aftur um 251,2 milljarða fram til ársins 2010, eða 22,3%, en síðan þá hefur tryggingagjaldsstofninn hækkað aftur um tæpa 65,4 milljarða eða 7,6% að raungildi. Hann var 927,1 milljarður árið 2013.

Tryggingagjald hefur hækkað eins og tryggingagjaldsstofn í gegnum tíðina. Lengst af var gjaldið um 5,4%, það var hækkað í 5,8% á árunum 2003 til 2006 er það var aftur lækkað í 5,4%. Af launum ársins 2009 var greitt 6,2% tryggingagjald. Það var hækkað í 8,7% árið 2010 og 2011 en hefur síðan verið lækkað.

Það er athyglisvert að tekjur af tryggingagjaldi jukust um 15,1 milljarð frá árinu 2007 fram til ársins 2010, eða um rúman fjórðung, en á sama tíma dróst tryggingagjaldsstofn saman um 22,6%. Tryggingagjald var hækkað mikið á samdráttarárunum eftir hrun fjármála-kerfisins. Gjaldið hækkaði um 61,9% frá árinu 2007 til 2010. Það þurfti að takast á við afleiðingarnar, atvinnuleysi og kreppu.

Sem fyrr segir var lagður tekjuskattur á 17.587 lögaðila. Þar af voru 1.553 lögaðilar sem ekki voru tekjuskattsskyldir. Eins og gefur að skilja greiða flestir þeirra 54.678 lögaðila sem voru á skattgrunnskrá ekkert tryggingagjald. Það má því ætla að það hafi engin laun verið greidd í 37.091 félögum, eða 67,8% félaga. Á meðal félaga sem greiddu engin laun voru 22.739 tekjuskattsskyldir lögaðilar eða 58,6% skattskyldra lögaðila.


Minna en ein milljón var lögð í tryggingagjald á 12.479 félög og þar af voru 9.820 félög sem greiddu minna en 500 þúsund. Um 85,5% félaga greiddu ekkert eða minna en 500 þúsund í tryggingagjald og 90,7% félaga, 49.570 lögaðilar, greiddu minna en eina milljón í tryggingagjald. Þessir lögaðilar greiddu samanlagt minna en 5,3% af álögðu tryggingagjaldi.

að raungildi í laun árið 2013 en árið 2012. Það er 3,9% hækkun á milli ára.


Hlutfélag, samlags- og sameignarfélag greiddu um 623,9 milljarða í laun árið 2013. Þetta eru um tveir þriðju launa-

greiðslna í landinu. Lögaðilar sem eru undanþegnir tekjuskatti greiddu 303,3 milljarða í laun og mótframlag í lífeyrisjóð. Hátt í þriðjungur launa í landinu var því greiddur af lögaðilum sem eru undan-


Tryggingagjald



Fjöldi fyrirtækja



Tryggingagjald



■ Núll ■ <100 ■ 0,1-0,5 ■ 0,5-1 ■ 1-10 ■ 10-100 ■ >100

Stöplarit: Ríki og sveitarfélög greiða stóran hluta launa í landinu. Þessir lögaðilar eru skráðir í atvinnugreinina almenn stjórnsýsla og löggjöf. Lögaðilar í þessari atvinnugrein greiddu samtals 18,3 milljarða í tryggingagjald, eða 25,6% þess sem var lagt á. Fyrirtæki sem skráð eru í atvinnugreinina frysting fiskafurða, lindýra og krabbadýra greiða tæpa 3,2 milljarða, eða um 4,4% þess sem var lagt á. Þá greiða önnur fjármálafyrirtæki um 2,8 milljarða. Um þriðjungur launa í landinu var greiddur af lögaðilum í þessum þremur atvinnugreinum. Útgerð fiskiskipa greiddi 2,5 milljarða sem var um 3,5% tryggingagjalds í landinu. Flugfélög sem stunda áætlunarflug greiða um 1,4 milljarða í tryggingagjald. Um tvö prósent launa í landinu voru greidd af þessum félögum. Tæpur helmingur launa í landinu er greiddur af lögaðilum í 10 atvinnugreinum.

Kökurit: Tryggingagjald er greitt af endurgjaldi fyrir vinnu eða launað starf. Þá skiptir ekki máli hvort atvinnurekandinn er rekinn í hagnaðarskyni eða hvort um opinbera aðila eða félagasamtök er að ræða. Tveir þriðju hlutar lögaðila greiða engin laun og greiða því ekkert tryggingagjald. Þá greiða tæpa sex prósent lögaðila minna en 100 þúsund krónur í tryggingagjald. 18% greiða 100 til 500 þús. kr. í tryggingagjald. Þessi félög greiða 2,4% þess sem var lagt á. Fimm prósent lögaðila greiða 500 þús. kr. til milljón í tryggingagjald hvert. Þessi félög munu greiða 2,7% þess sem var lagt á. Þá munu 7,9% lögaðila greiða eina til 10 milljónir í tryggingagjald. Þessi félög munu samanlagt greiða 17,8% tryggingagjalds. Fáeinir lögaðilar munu greiða bróðurpartinn af því tryggingagjaldi sem er lagt á. Um 1,7% félaga munu greiða meira en tíu milljónir í tryggingagjald. Þessi félög greiða samanlagt 76,9% tryggingagjaldsins. Þar af munu 106 lögaðilar sem hver um sig greiðir meira en 100 milljónir í tryggingagjald greiða rúman helming tryggingagjaldsins, eða 51,6%. Þá greiða 10 atvinnurekendur meira en 500 milljónir í tryggingagjald. Þessir 10 atvinnurekendur greiða meira en fjórðung launa í landinu, eða 26,5% tryggingagjalds sem var lagt á.

Á hinn bóginn greiddu 5.108 lögaðilar meira en eina milljón í tryggingagjald og 812 greiddu meira en 10 milljónir. 106 lögaðilar greiddu meira en 100 milljónir í tryggingagjald. Þessi félög, sem greiddu meira en 100 milljónir í tryggingagjald, greiddu samtals tæpa 37 milljarða, eða um 51,6% álagðs tryggingagjalds. Það má því ætla að rúmlega 100 lögaðilar hafi greitt meira en helming launa í landinu, sem hlýtur að teljast nokkuð merkilegt. Í hópi þeirra launagreiðenda sem greiddu meira en hundrað milljónir voru 25 sem eru ekki tekjuskattsskyldir, þ.e. opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög.

Það er ekki ólíklegt að afkoma meira en þúsund fjölskyldna í landinu sé samtvinnuð með einum eða öðrum hætti


hag þessara atvinnurekenda. Hagur fyrirtækjanna sem greiða launin er háður eftirspurn, verði á mörkuðum, samkeppnisstöðu, dutlungum neytenda og aragrúa annarrar þátta sem ráða úrslitum um það hver lifir af í samkeppninni.

Átta atvinnugreinar greiddu meira en einn milljarð í tryggingagjald. Mest greiddu fyrirtæki í almennri stjórnsýslu og löggjöf en þeir 162 lögaðilar greiddu 18,3 milljarða í tryggingagjald, sem var um fjórðungur þess sem lagt var á. Sjávarútvegur, frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra greiddi tæpa 3,2 milljarð í tryggingagjald, sem var um 4,4% þess tryggingagjalds sem var lagt á. Þá voru tæpir 2,8 milljarðar lagðir á fjármálafyrirtæki, sem var 3,9% þess sem lagt var á. Útgerð fiskiskipa greiðir 2,5 milljarða í

tryggingagjald eða 3,5% tryggingagjalds sem lagt var á. Þá greiða níu félög sem starfa við farþegaflutninga með áætlunarflugi tæpan 1,4 milljarða. Félögin greiða tæplega tvö prósent launa í landinu. Rúmir 1,3 milljarðar voru lagðir á 2.285 félög í byggingariðnaði. Þá greiddu 848 veitingastaðir tæpan 1,2 milljarða í tryggingagjald eða tæpa 1,7% launa í landinu. Þessir 848 veitingastaðir greiða tæpum 90 milljónum meira í tryggingagjald en sjö fyrirtæki sem starfa við álframleiðslu. Þessar átta atvinnugreinar sem telja 3.886 fyrirtæki greiddu um 44,4% tryggingagjalds. Það er rétt að taka fram að hér er um að ræða lögaðila sem eru skráðir í þessum greinum en ekki fjölda þeirra sem greiða tryggingagjald í hverri atvinnugrein.

Milljarðar

Yfirfæranlegt tap



Fyrirtæki geta flutt tap síðustu ára yfir til næsta árs og nýtt það á móti skattstofni. Um síðustu aldamót áttu félög um 246,6 milljarða í uppsafnað yfirfæranlegt tap. Tapið jókst nokkuð fram til ársins 2005 og var þá orðið 308,5 milljarðar. Það jókst hins vegar um tæpa 300 milljarða 2006 og aftur árið 2007. Þá var það orðið 935,8 milljarðar og hafði þrefaldast á tveimur árum. Eftir að landið varð fyrir efnahagslegu áfalli stórkjóst yfirfæranlegt tap félaga. Árið 2011 var það orðið 6.836,1 milljarður. Síðan þá hefur það minnkað frá ári til árs, um tæpan helming. Uppsafnað yfirfæranlegt tap félaga var 3.514,7 milljarðar árið 2013.

Frá árinu 2008 hefur tryggingagjald hækkað að raunvirði um 14,7 milljarða. Það eru 394 atvinnugreinar sem greiða samanlagt 21,2 milljörðum meira en árið 2008. Á sama tíma er nú minna greitt í laun í 149 atvinnugreinum sem greiða nú um 6,5 milljörðum minna að raunvirði í tryggingagjald en þær gerðu árið 2008. Á þessum tíma hefur tryggingagjaldið sjálft hækkað að jafnaði um 44,3%.

Tryggingagjald hefur aukist mest í almennt stjórnsýslu eða um 5,1 milljarð. Þetta er langumsvifamesta atvinnugreinin og því ekki nema von að tryggingagjald hafi aukist mest í henni. Það hefur hins vegar ekki hækkað jafnmikið og gjaldið sjálft, eða 38,9%, og raungildi skattstofnsins hefur því minnkað. Í sjávarútvegi, frystingu fiskafurða, krabbadýra og lindýra hækkaði tryggingagjald um tæpa 1,5 milljarða, eða um 84,8%. Útgerð fiskiskipa greiddi tæpum 1,1 milljarði meira í tryggingagjald af launum ársins 2013 en ársins 2008 sem er aukning um 75,9%. Tryggingagjald í álframleiðslu hefur aukist um 634,6 milljónir eða 135,4%. Þetta er aðeins meiri aukning en hjá veitingastöðunum sem greiða nú 502 milljónum meira í tryggingagjald en árið 2009, af launum ársins 2008.

Tryggingagjald fyrirtækja í annarri fjármálastarfsemi lækkaði um tæpa 2,5

milljarða á milli álagningaráranna 2009 og 2014, eða um 47,2% og í byggingariðnaði, um 1,1 milljarð, eða 45,6%. Þá greiddu eignarhaldsfélög um 280,9 milljónum minna, eða 30,4%. Fyrirtæki í atvinnugreininni framleiðsla tilbúinnar steinsteypu greiddu 271,3 milljónum minna af launum ársins 2013 en 2008 sem er 79,1% minna en af launum ársins 2008. Launagreiðslur fyrirtækja í atvinnugreinum sem falla undir byggingariðnað hafa almennt lækkað mikið.

Á hinn bóginn hefur tryggingagjald hækkað mikið frá árinu 2009 í atvinnugreinum sem eru tengdar ferðaþjónustu en veitingastaðir greiddu 502 milljónum meira, eða 72,9%, í tryggingagjald af launum ársins 2013 en þeir gerðu þá. Fyrirtæki sem starfa við farþegaflutninga með áætlanarflugi greiddu tæpum 488 milljónum meira í tryggingagjald, sem var 53,5% meira en árið 2008. Þjónusta tengd flutningum með flugi greiddi tæpum 469 milljónum meira í tryggingagjald en það var 139% meira en árið 2008. Hótel og gistiheimili með veitingaþjónustu greiddu tæpum 447 milljónum eða 130,2% meira en árið 2008. Þá hefur tryggingagjald fyrirtækja sem starfa við millilanda- og strandsiglingar einnig aukist mikið, um rúmar 382 milljónir eða 183,6%. Þá virðast umsvif fyrirtækja á sviði upp-

lýsingatækni einnig verið að aukast. Ráðgjafastarfsemi á sviði upplýsingatækni greiddi tæpum 369 milljónum meira en árið 2009 í tryggingagjald og fyrirtæki sem starfa við hugbúnaðargerð greiddu tæpum 342 milljónum meira í tryggingagjald, eða 60,6% meira en af launum ársins 2008. Fyrirtæki sem veita lögfræðipjónustu greiddu um 278 milljónum meira sem er 105,6% meira en af launum ársins 2008. Tryggingagjald í þessum greinum hefur aukist um tæpa 11,6 milljarða að raungildi frá árinu 2008.

Yfirfæranlegt tap

Tekjuskattsskyld fyrirtæki geta flutt tap ársins yfir til næsta árs og nýtt það á móti hagnaði komandi ára, ólíkt hagnaðinum. Það þarf að greiða skatt af honum þegar hann myndast í rekstrinum. Fyrirtæki sem rekin eru með tapi geta því ekki fengið tekjuskatt fyrri ára endurgreiddan. Þetta á reyndar ekki við um söluhagnað. Fresta má að greiða skatt af honum. Fyrirtæki sem rekið er með hagnaði eitt árið og tapi hitt greiðir því hærri skatt en fyrirtæki sem rekið er með tapi eitt árið og hagnaði hitt. Yfirfæranlegt tap getur því verið verðmætt. Fyrirtæki sem á 100 milljónir í tap sleppur við að greiða 20% skatt af 100 milljóna króna tekjuskattstofni. Fyrirtæki sem rekin eru með tapi geta þó ekki greitt út arð til eigenda og þá verður ekki litið fram hjá því að það getur verið dýrt að skulda.

Yfirfæranlegt tap fyrirtækja jókst nokkuð undir lok tíunda áratugarins en hélt nær óbreytt fram undir miðjan fyrsta áratuginn, í kringum 300 milljarðar. Yfirfæranlegt tap hartnær tvöfaldaðist á milli árána 2005 og 2006, þá jókst það um 294,1 milljarð. Árið 2007 jókst það aftur um 333,2 milljarða, eða um 55,3% frá árinu á undan. Þegar þarna var komið sögu voru alþjóðleg fjárfestingafyrirtæki farin að ryðja sér til rúms. Þessi félög voru mjög umsvifamikil í samanburði við framleiðslufyrirtækin sem hafa verið hryggjarstykkið í íslensku atvinnulífi í gegnum tíðina. Yfirfæranlegt tap félaga var þá 935,8 milljarðar. Yfirfæranlegt tap jókst gríðarlega mikið árið 2008 þegar fjármálakerfi landsins féll og þar með fjöldi fjármála- og fjárfestingafélaga.

Tölurnar sem hér eru birtar sýna stöðu álagningar strax að loknum framtalskilum þegar lagt er á í október á hverju ári. Þá hafa allflest stærstu fyrirtæki lands-

Opinber gjöld lögaðila 2001 til 2014															Breyting	
Rekstrarár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2012-2013	
Tekjuskattur	18.946	19.439	25.901	24.810	41.663	58.351	67.220	58.273	44.513	34.823	41.458	45.744	46.639	55.520	8.881	19,0%
Fjármagnstekjuskattur	205	264	2.195	2.188	522	10.494	538	2.340	1.785	1.435	1.401	1.509	1.146	1.523	377	32,9%
Eignarskattur	4.115	3.916	2.332	2.480	2.686	-	-	-	-	-	-	-	-	-	0	0,0%
Sérstakur eignarskattur	857	816	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	0	0,0%
Búnaðargjald	211	184	349	201	222	288	168	154	171	188	200	206	225	211	-14	-6,4%
Jöfnunargjald alþjónustu	-	95	54	48	54	52	38	58	327	51	45	46	46	45	-1	-1,9%
lönaðarmálagjald	450	403	433	464	485	521	598	682	603	504	-	-	-	-	-	-
Útvarpsgjald	-	-	-	-	-	-	-	-	685	653	713	653	654	670	16	2,4%
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1.118	1.135	1.076	35.029	33.953	3156,9%
Viðbót á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2.423	2.295	-	-2.295	-100,0%
Sérstakt gjald á lifeyrissjóði	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1.669	-	-	-	-
Fjársýsluskattur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2.713	3.475	761	28,1%
Sérstakur fjársýsluskattur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1.767	13.017	11.250	636,6%
Tryggingagjald*	37.837	38.900	41.339	47.933	48.371	54.674	58.615	59.579	56.890	54.126	74.706	75.196	69.798	71.599	1.801	2,6%
Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	504	829	936	1.000	65	6,9%
Samtals	62.621	64.017	72.604	78.124	94.003	124.379	127.177	121.086	104.973	91.782	119.640	128.580	126.360	181.089	54.729	43,3%

* Markaðsgjald og iðgjald slysatryggingar sjómanna eru hér talin með í tölum um tryggingagjald.

Fjöldi gjaldenda															Breyting	
Rekstrarár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2012-2013	
Tekjuskattur	7.536	7.930	10.190	11.393	13.206	14.693	15.121	16.184	15.897	16.995	15.006	15.240	15.751	16.332	581	3,7%
Fjármagnstekjuskattur	84	88	83	75	82	89	172	191	234	265	301	374	447	583	136	30,4%
Eignarskattur	7.002	7.546	8.487	9.065	9.922	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Sérstakur eignarskattur	6.983	7.527	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Búnaðargjald	215	217	293	312	320	371	409	446	489	530	574	607	615	651	36	5,9%
Jöfnunargjald alþjónustu	-	30	20	19	39	41	35	41	38	41	41	47	44	52	8	18,2%
lönaðarmálagjald	4.156	4.444	4.772	5.204	5.497	5.691	6.101	6.315	6.264	6.198	-	-	-	-	-	-
Útvarpsgjald	-	-	-	-	-	-	-	-	31.629	32.444	34.890	32.002	33.424	34.547	1.123	3,4%
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	19	20	17	9	-8	-47,1%
Viðbót á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	20	17	0	-17	-100,0%
Sérstakt gjald á lifeyrissjóði	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	35	-	-	-	-
Fjársýsluskattur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	160	143	-17	-10,6%
Sérstakur fjársýsluskattur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	6	9	3	50,0%
Tryggingagjald*	10.925	11.293	12.850	13.911	14.401	15.414	15.910	16.697	16.860	16.461	16.527	16.838	16.973	17.559	586	3,5%
Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	50	70	84	93	9	10,7%
Fjöldi lögaðila á skattgrunnkrá	24.148	25.659	29.364	31.779	34.369	35.937	38.422	41.198	42.563	43.990	45.263	45.924	47.281	54.678	7.397	15,6%

* Markaðsgjald og iðgjald slysatryggingar sjómanna eru hér talin með í tölum um tryggingagjald.

Upplýsingarnar í töflunni hér að ofan sýna skatta og gjöld sem ríkisskattstjóri lagði á lögaðila á árunum 2001 til 2014 á rekstur árunna 2000 til 2013. Upplýsingarnar miðast við stöðu álagningar strax að lokinni frumálagningu í október á hverju ári, fyrir breytingar sem eru gerðar vegna síðbúinna framtala og kærumeðferðar. Fjöldi fyrirtækja skilar ekki skattframtali á tilsettum tíma. Skattar þessara fyrirtækja eru áætlaðir af ríkisskattstjóra. Álagningin á því vafalaust eftir að taka nokkrum breytingum þegar lengra líður frá henni.


ins skilað skattframtali og því gefa þessar tölur nokkuð góða mynd af því hvernig þróunin hefur verið á milli ára. Sem kunnugt er var árið 2008 mjög óvenjulegt ár. Bankar og fjármálafyrirtæki féllu og þúsundir milljarða töpuðust. Ekki höfðu öll fjármálafyrirtæki eða þrotabúa í landinu skilað skattframtali þegar lagt var á tekjur ársins 2008 og því er yfirfæranlegt tap skv. skattframtali ársins 2009 mun lægra en síðar kom í ljós þegar öll þrotabúin höfðu skilað framtali. Árin sem fylgdu í kjölfarið mörkuðust af þeim umbrotum sem urðu hér á haustdögum árið 2008. Uppsafnað yfirfæranlegt tap var 6.078,9 milljarðar árið 2009. Raunvirði tapsins jókst svo fram til ársins 2011 og var þá 6.836,1 milljarður. Síðan þá hafa fyrirtæki farið í þrot, þeim verið slitnið eða skuldir verið afskrifaðar. Yfirfæranlegt tap félaga hefur lækkað. Það var 3.514,7 milljarðar í árslok 2013.

Nú áttu 17.029 félög yfirfæranlegt tap, 156 fleiri en fyrir ári. Um 43,9% þeirra félaga sem voru búin að skila framtali voru með yfirfæranlegt tap. Þetta er heldur lægra hlutfall en í álagningu í fyrra þegar 44,2% félaga voru með yfirfæranlegt tap. Árið 2007 voru 35,6% félaga með yfirfæranlegt tap. Það er ekki ólíklegt að skuldir hafi verið gefnar eftir og taldar til tekna í mörgum félögum og tapið hafi á þann hátt verið jafnað. Árið 2013 voru 16.346 félög rekin með hagnaði og greiddu tekjuskatt en það eru 42,2% félaga. Þó að ýmislegt horfi nú til betri vegar er atvinnulífið enn að vinna úr því áfalli sem hér varð.


Sem fyrr segir áttu 17.029 félög yfirfæranlegt tap sem þau gátu flutt yfir til næsta árs og nýtt á móti hagnaði til að lækka tekjuskattstofn og því áttu 21.744 tekjuskattsskyld félög ekkert yfirfæranlegt tap. Rúmur þriðjungur þeirra félaga sem áttu yfirfæranlegt tap, eða 6.308 félög, áttu

minna en eina milljón í tap. Samanlagt tap þessara félaga var tæpur 2,1 milljarður. Þá áttu 12.963 félög minna en 10 milljónir í tap. Samanlagt tap félaganna var tæpir 27,6 milljarðar. Hins vegar voru 4.066 félög með meira en 10 milljónir í tap, 877 félög með meira en 100 milljónir í tap og 179 félög voru með meira en milljarð í yfirfæranlegt tap. Um 94,5% félaga, eða 16.152 félög, voru með minna en 100 milljónir í tap. Þessi félög voru samanlagt með tæpa 122 milljarða í yfirfæranlegt tap, sem var um 3,5% af yfirfæranlegu tapi félaga. Félög sem voru með meira en milljarð í tap voru samanlagt með 3.191 milljarð í yfirfæranlegt tap félaga. Rúmt eitt prósent félaga með tap átti 90,8% yfirfæranlegs taps félaga en þar af voru 37 félög sem voru með samanlagt tap upp á 2.842,4 milljarða, eða 80,9% tapsins. Sex félög voru með meira en 100 milljarða í yfirfæranlegt tap. Þessi félög áttu tæpa 1.882,7 milljarða í yfirfæranlegt tap


Yfirfæranlegt tap



Fjöldi fyrirtækja



Yfirfæranlegt tap



Stöplarit: Um þrír fjórðuhlutar þeirra 3.514,7 milljarða sem fyrirtæki áttu í uppsafnað yfirfæranlegt tap voru tap eignarhaldsfélaga. Eignarhaldsfélög áttu 2.620,2 milljarða í yfirfæranlegt tap. Þá áttu félög í annarri lánastarfsemi um 154 milljarða í tap. Leigufélög eiga einnig mikið yfirfæranlegt tap, 33,4 milljarða, í félögum sem leigja íbúðarhúsnæði og 128,4 í leigufélögum sem leigja atvinnuhúsnæði. Þá áttu félög sem starfa við heildverslun með lyf og lækningavörur og rannsóknir á þróun í líftækni einnig mikið tap. Fyrirtæki í þessum tveimur atvinnugreinum áttu 113,8 milljarða í yfirfæranlegt tap sem var um 3,2% af heildartapinu. Það er vert að hafa í huga þegar fjallað er um yfirfæranlegt tap að verg landsframleiðsla var um 1.873 milljarðar árið 2013.

Kökurit: Bróðurpart yfirfæranlegs taps félaga má rekja til nokkurra alþjóðlegra fjármálafyrirtækja sem voru mjög umsvifamikil hér á landi og erlendis árin fyrir hrún. Rúmur helmingur félaga sem rekin er í hagnaðarskyni, eða 56,1%, átti ekki yfirfæranlegt tap árið 2013. Þá voru 16,3% félaga með minna en eina milljón í tap en þar af voru 11,1% með minna en 500 þús. kr. í tap. Um 72,3% félaga voru með 0,06% tapsins. Þá áttu 17,2% félaga eina til 10 milljónir í tap. Þessi félög áttu samanlagt 0,7% heildartapsins. Um 8,2% félaga áttu 10 til 100 milljónir í tap hvert. Þessi félög áttu um 2,7% uppsafnaðs yfirfæranlegs taps félaga. Þá var 1,8% félaga með 100 til 1000 milljónir í tap. Þessi félög áttu 5,7% af tapi félaga. 37 félög áttu 2.842,4 milljarða í tap. Þessi félög voru hver og eitt með meira en 10 milljarða í tap. Þannig má rekja 80,9% yfirfæranlegs taps til 0,1% félaga sem hvert um sig átti meira en 10 milljarða í yfirfæranlegt tap.

sem var rétt rúmur helmingur, eða 53,6%, yfirfæranlegs taps.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að yfirfæranlegt tap er mest í atvinnugreinum tengdum fjármálastarfsemi. Samkvæmt skattframtali áttu eignarhaldsfélög 2.620,2 milljarða í uppsafnað yfirfæranlegt tap. Um 74,6% yfirfæranlegs taps var hjá 3.142 félögum í þessari atvinnugrein. Þá voru 24 fyrirtæki sem eru í annarri lánþjónustu með 154 milljarða í yfirfæranlegt tap, 4,4% yfirfæranlegs taps félaga. Í lok árs 2013 áttu 3.440 fyrirtæki sem stunda leigu á atvinnuhúsnæði tæpa 128,4 milljarða í tap, sem var um 3,7% heildartaps félaga. Heildverslun með lyf og lækningavörur var með 73,4 milljarða í yfirfæranlegt tap, sem er 2,1% yfirfæranlegs taps, en 68 félög eru í atvinnugreininni. Þá eru fyrirtæki sem reka hitaveitur með tæpa 50,5 milljarða í yfirfæranlegt tap, um 1,4% af yfirfæranlegu tapi.

Frá árinu 2008 hefur yfirfæranlegt tap 205 atvinnugreina aukist samtals um 2.137,5 milljarða. Tap í öðrum atvinnugreinum hefur hins vegar lækkað um 658,5 milljónir að raunvirði. Samtals hefur yfirfæranlegt tap því aukist um 1.479 milljarða á þessum tíma.

Yfirfæranlegt tap eignarhaldsfélaga hefur aukist um tæpa 1.882,2 milljarða, en það hefur aukist mest í þessari grein sem 3.142 félög eru í. Yfirfæranlegt tap eignarhaldsfélaga var 2.620,2 milljarðar árið 2013. Þá jókst yfirfæranlegt tap í annarri lánþjónustu um 154 milljarða en 24 fyrirtæki starfa í greininni. Yfirfæranlegt tap fyrirtækja sem starfa við heildverslun með lyf og lækningarvörur jókst um 16,6 milljarða. Þá jókst uppsafnað yfirfæranlegt tap í álframleiðslu um tæpa tíu milljarða. Tap jókst um 7,6 milljarða í leigu á íbúðarhúsnæði og 7,2 milljarð í framleiðslu á kvikmyndum, myndum og sjónvarps efni. Árið 2013 var 521 félag í greininni. Þá jókst yfirfæranlegt tap félaga sem starfa við þráðlaus fjarskipti um 6,7 milljarða.

Yfirfæranlegt tap hefur lækkað mest í sjávarútvegi frá árinu 2008. Tap fyrirtækja sem starfa við að frysta fiskafurðir, lindýr og krabbadýr minnkaði um tæpa 80,3 milljarða. Yfirfæranlegt tap útgerðar fiskiskipa minnkaði um 79,2 milljarða. Tap hitaveitu minnkaði um 52,6 milljarða og tap fyrirtækja sem starfa við fjármögnunarleigu minnkaði um 36,9 milljarða. Þá lækkaði yfirfæranlegt tap fyrirtækja sem starfa við leigu á atvinnuhúsnæði um 31,7 milljarða og annarra fjármálafyrirtækja um 29,2 milljarða.

Aðrir skattar og gjöld

Fjármagnstekjuskattur

Þótt lögaðilar sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni séu undanþegnir tekjuskatti þurfa þeir þó að greiða skatta af fjármagnstekjum. Venjuleg fyrirtæki færa fjármagnstekjur á móti fjármagnskostnaði. Tekjurnar eru síðan skattlagðar sem hverjar aðrar rekstrartekjur. Mörg fyrirtæki hafa ekki aðrar tekjur en fjármagnstekjur. Fyrirtæki sem undanþegin eru tekjuskatti greiða hins vegar fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum.

Á undanförnum árum hefur fjármagnstekjuskattur verið í kringum 1,5 milljarðar. Hann var rúmur 1,1 milljarður í fyrra en eru nú aftur um 1,5 milljarðar, eða 377 milljónum hærri en árið 2012. Á sínum tíma var stór hluti fjármagnstekna lögaðila tekjur af sölu eigna. Ríkið greiddi sjálft sér því fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði.

Skattar á fjármálafyrirtæki

Samtals var tæpur 181,1 milljarður lagður á í gjöld á lögaðila en þar af voru tekjuskattur og tryggingagjald 127,1 milljarður. Önnur gjöld voru því tæpir 54 milljarðar. Þessi gjöld eru að mestu lögð á fjármálastarfsemi. Skattar á fjármálafyrirtæki, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur voru samtals tæpir 51,5 milljarðar.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er 0,376% skattur sem lagður er á heildarskuldir umfram 50 milljarða, skv. skattframtali fjármálafyrirtækja. Hann er einnig lagður á banka í slitameðferð. Þessi skattur hefur verið hækkaður mikið á milli ára. Hann var 0,041% í álagningu 2013 og hefur því rúmlega nífaldaðist á milli ára. Skatturinn var fyrst lagður á árið 2011 á rekstur ársins 2010 og skilaði þá rúmunum 1,1 milljarði. Nú voru rúmir 35 milljarðar lagðir á ný fjármálafyrirtæki sem var tæpum 34 milljörðum meira en var lagt á fyrir ári.

Viðbót við sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki var ekki lögð á núna en hún var 0,0875% skattur sem var lagður á heildarskuldir fjármálafyrirtækja og skilaði tæpum 2,3 milljörðum í fyrra. Nú var sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki lagður á ný félög en á 17 félög í fyrra og vafalaust hefur 50 milljarða markið haft þar nokkuð að segja.

Fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur voru fyrst lagðir á árið 2013. Fjársýsluskattur leggst á allar tegundir launa og þóknana hjá fjármálafyrirtækjum,

verðbréfafyrirtækjum og tryggingafélögum auk íbúðalánasjóðs. Skatturinn var 5,45% í fyrra en var nú hækkaður í 6,75%, eða um 23,9%. Tekjur af skattinum jukust um 28,1% að raungildi og því má ætla að skattstofninn hafi hækkað um 3,4% umfram verðlag.

Rúmir 3,5 milljarðar voru nú lagðir á í fjársýsluskatt sem var 761 milljón meira að raungildi en fyrir ári. Hækkun fjársýsluskatts er áhugaverð í ljósi þess að færri félög greiða skattinn, 143 félög samanborið við 160 fyrir ári.

Sérstakur fjársýsluskattur er 6% tekjuskattur sem lagður er á tekjuskattstofn umfram einn milljarð hjá fjármálafyrirtækjum sem greiða fjársýsluskatt. Sérstakur fjársýsluskattur var nú rúmir 13 milljarðar og hefur hækkað um tæpa 11,3 milljarða á milli ára. Hagnaður yfir þessum mörkum hefur því aukist um tæpa 187,6 milljarða á milli ára. Nú var ekki hægt að færa yfirfæranlegt tap á móti stofni sérstaks fjársýsluskatts. Níu félög greiddu nú sérstakan fjársýsluskatt eða þremur fleiri en fyrir ári. Hagnaður undir mörkum fjársýsluskatts var því níu milljarðar.

Önnur gjöld

Búnaðargjald var nú lagt á lögaðila í landbúnaði. Gjaldið er 1,2% af heildarveltu búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum. Búnaðargjald var nú 211 milljónir og var lagt á 651 lögaðila. Velta þessara fyrirtækja hefur því verið tæpir 17,6 milljarðar. Búnaðargjald lækkaði um 14 milljónir að raungildi á milli ára sem þýðir að velta í landbúnaði hefur minnkað um tæpa 1,2 milljarða, eða 6,4% á milli ára. Fyrirtækjum sem greiða gjaldið hefur fækkað um 36 frá álagningu í fyrra.

Jöfnunargjald alþjónustu var lagt á fjarskiptafyrirtæki en það er 0,1% af veltu í fjarskiptastarfsemi. Það lækkaði um eina milljón að raungildi á milli ára og var lagt á 52 fyrirtæki, átta fleiri en í fyrra. Fyrirtækjum í þessari grein hefur fjölgað talsvert eða um hátt í fimmtung á milli ára.

Að lokum má nefna útvarpsgjaldið. Það er nefnskattur sem lagður er á einstaklinga og lögaðila. Útvarpsgjald var 19.400 kr. árið 2014, hefur hækkað um 3,2% að nafnvirði á milli ára. Lögaðilar greiða nú 670 milljónir í útvarpsgjald sem er 16 milljónum meira að raunvirði en fyrir ári. Gjaldið var lagt á 34.537 lögaðila. ■

Skattkerfisbreytingin mikla árið 1877

Tekjuskattur í stað tíundar

Fyrri hluti

Skattkerfið sem komið var á í lok 11. aldar varð ótrúlega lífseigt. Á því byggðist skattlagning Íslendinga í 800 ár. Kerfið tók nokkrum breytingum í aldanna rás en grunnurinn var alltaf sá sami. Þótt þjóðin vænti lengi réttlátara skattheimtakerfis varð henni ekki að ósk sinni fyrr en árið 1877. Þá var tekið upp tekjuskattkerfi fyrir hluta þjóðarinnar og árið 1921 fyrir hana alla. Í fyrri hluta ritgerðarinnar fjallar höfundur um tíundarkerfið og ástæðurnar fyrir langlífi þess en í þeim seinni, sem mun birtast í næsta tölublaði Tíundar, verður greint frá kerfisbreytingunni sem Alþingi samþykkti árið 1877.



Friðrik G. Olgeirsson

Skattheimtu var komið á árið 1097

Almennri skattheimtu var fyrst komið á hér á landi árið 1097. Kerfið hefur verið kallað tíundarkerfi og eign manna var undirstaða skattlagningarinnar, fyrst og fremst jarðir og búfé. Gjalda skyldi 1% af hreinni eign en víðast í öðrum löndum var tíund 10% tekjuskattur af arði manna og af því er nafnið dregið. Þótt tíund Íslendinga væri eignarskattur í framkvæmd er ljóst að hún var hugsuð sem 10% tekjuskattur. Vextir á þjóðveldisöld voru 10% og ef skatturinn miðaðist við hugsanlegar tekjur af eign varð hann því tíund af 10% eða 1% af verðmæti eignar. Tíundarskyldir voru allir, konur jafnt sem karlar, 16 ára og eldri sem áttu tiltekna skuldlausu eign.

Samdar voru jarðabækur þar sem jarðir voru metnar til hundraða til að byggja skattlagninguna á en þær hafa ekki varðveist. Gissur Ísleifsson biskup, sem mest beitti sér fyrir upptöku skattheimtunnar, lét telja alla skattbændur í landinu og voru þeir 4.560. Skattheimtufénu var skipt í fjóra hluta og var einn ætlaður fátæklingum, annar biskupi, þriðji kirkju og fjórði prestum.¹

Næstu 800 árin töldu landsmenn fram eigin sínar árlega á hreppasamkomum og sóru að rétt væri tíundað. Kerfið varð ótrúlega langlíft þótt það tæki nokkrum breytingum í aldanna rás.

Íslendingar gangast undir skattheimtu Noregskonungs

Samkvæmt Gamla sáttmála, sáttmála Íslendinga við Noregskonung sem gerður var á árunum 1262 - 1264, skuldbundu þeir sig til að borga konungi ævinlegan skatt sem kallaður var konungsskattur. Um var að ræða fastan skatt, nefnskatt, allir skattþegnar sem voru ofan við skattskyldumarkið borguðu það sama. Tíundin stóð eftir sem áður óbreytt og eftir þetta höfðu bæði konungur og Alþingi Íslendinga á Þingvöllum skattaálöguvald.²

Frá upphafi innheimtu hreppstjórar tíundina og nú bættist konungsskatturinn við. Sýslumenn veittu honum síðan viðtöku hver í sinni sýslu, en þær voru lög-gæslu- og skattheimtuumdæmi sem komu til sögunnar eftir að Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd. Kaupmönnum var gert skylt að flytja skattinn til Noregs

en hluti hans varð þó eftir á Íslandi til að launa embættismenn konungsvaldsins. Seinna bættust við fleiri skattar: Gjaftollur, manntalsfiskur og lögmennstollur.³

Þjónar kirkjunnar voru undanþegnir skatti frá upphafi og einnig kirkjueignir. Með Píningsdómi árið 1490 var svo dæmt að allir nefndarmenn og handgengnir menn skyldu vera skattfrjálsir. Um miðja 16. öld var um helmingur allra jarðeigna kominn í eigu kirkjulegra stofnana. Það þýddi minni skattheimtu sem hlaut meðal annars að skapa hreppunum vanda við fátækraframfærslu því þurfamannatíundin dróst saman. Við bættist að fátækraframfærsla kirkjunnar varð aðeins svipur hjá sjón eftir siðaskiptin miðað við það sem hún hafði verið í kaþólskum sið.⁴

Undir veldi Danakonungs

Ísland fylgdi Noregi sem skattland í konungssamband við Danmörku árið 1383 og síðan inn í Kalmarsambandið árið 1397 en það var ríkjasamband Norðurlanda sem stóð að nafninu til fram til ársins 1523. Á þeim tíma færðist stjórn Íslandsmála til valdhafa í Kaupmannahöfn en þó taldist Ísland tilheyra Noregi til siðaskipta um miðja 16. öld. Þá skildist það frá Noregi í stjórnskipunarlegum skilningi enda var norska ríkisráðið þá úr sögunni.⁵ Eftir það var landið hjálenda Dana til ársins 1918.

Vitað er að væntingar voru meðal Íslendinga um uppstokkun skattkerfisins með siðbótinni en þær vonir rættust ekki. Líklegast vantaði fyrst og fremst grundvöll

Leiguliðar greiddu
landeigendum landskuldir
og leigur. Hér sést jörð
handsöluð til leigu fyrir á
öldum. Úr Jónsbókarhandriti
frá því um 1400.

til að byggja á, t.d. nýja jarðabók, en ef til vill líka áhuga yfirvalda. Tíundin var áfram við lýði en um hana urðu átök, einkum biskupstíund, sem konungur sölsaði undir sig að miklu leyti. Eftir þetta runnu skattar meira úr landinu en áður. Innheimta þeirra var sem fyrr í höndum sýslumanna og smám saman komst á sú skipan sýslanna sem hélst til okkar daga. Á 17. öld var byrjað að bjóða sýslumanns-embættin upp og veita þau hæstbjóðanda. Það gat leitt til þess að uppboðsgjaldið yrði svo hátt að sýslumenn gengju af meiri hörku en áður að almenningi um skattheimtu. Ýtti þessi skipan mála undir misjafnar álögur í einstökum héruðum og ekki var alltaf farið að lögum. Á þessu var í rauninni ekki tekið fyrir en árið 1877 en þá voru sýslumenn settir á launaskrá ríkisins eins og aðrir embættismenn.

Eftir siðaskipti var byrjað að endurnýja jarðabækurnar og má nefna sem dæmi að árið 1657 var höfuðsmanni boðið að láta semja jarðabók yfir allar fasteignir landsins með upplýsingum um dýrleika, eigendur, landskuldir og leigukúgildi. Bókin var hugsuð sem skattheimtugrundvöllur en um þær mundir var framkvæmd skattheimtunnar orðin erfið sökum sérréttinda



Á 17. öld má merkja aukinn áhuga margra á því að efla hag landsins með ýmsum endurbótum og nýjum atvinnugreinum. Það reyndist erfitt. Harðindi, aflaleysi og aðrir erfiðleikar settu mark sitt á þjóðina á seinustu áratugum 17. aldar. Svo illa var almenningur leikinn að á Alþingi samþykktu lögréttumenn árið 1700 að senda konungi beiðni um að lögmaður mætti fara næsta sumar á hans fund og ræða landsins gagn og nauðsynjar. Það var

Í nefndinni voru Páll Vídalín lögmaður og Árni Magnússon prófessor og afrakstur vinnu þeirra var jarðabókin sem við þá hefur verið kennd og manntalið 1703. Því hefur miklu meira verið haldið á lofti að jarðabókin hafi verið hugsuð sem undirstaða endurreisnar landsins fremur en grunnur að nýju og endurbættu skattkerfi. Það er rétt að endurreisnin var mönnum ofarlega í huga en skattalegum tilgangi verksins má þó ekki gleyma. Til að undirstrika þann tilgang má vitna til skrifna Jóns Eiríkssonar konferensráðs árið 1780 en hann starfaði í stjórnarráðinu danska:

Jafnframt því, sem hér er rætt um jarðyrkjuna, verð ég að geta þess, sem undir stjórn vors allranáðugasta konungs hefur verið gert til þess að taka saman fullkomna Jarðabók fyrir Ísland. Því að það hefur verið ljóst ráðamönnum landsins, að slík jarðabók gefur öllum hlutum fremur aðgengilegt yfirlit, svo að hægt sé að skapa sér rétta skoðun á hag landsins. En hún er einnig nauðsynleg undirstaða þess, að komið verði á landskattgreiðslu, sem sé í réttu samræmi við frjósemi landsins og framleiðslu, en slíkur skattur er, ef hann er réttilega lagður á, skýrasti mælikvarðinn á dugnað bændastéttarinnar.⁷

”

Þótt tíund Íslendinga væri eignarskattur í framkvæmd er ljóst að hún var hugsuð sem 10% tekjuskattur

fjölda jarða sem skorti jarðamat. Árið 1680 barst krafa til landsmanna frá Dönum um stríðshjálp og þá áttu sýslumenn að láta jarðamat sýslna sinna fylgja með sem fylgiskjöl með reikningum sínum og þá og á næstu árum urðu til fyrstu varðveittu jarðabækurnar.

Hugmyndir um nýjan grundvöll skattheimtu

Atvinnuvegum Íslendinga hnignaði smám saman samfara minnkandi landgæðum.

leyft og sumarið 1701 fór Lauritz Gott-
rup til Kaupmannahafnar með bænarskrá
frá landsmönnum.⁶ Meðal annars gagn-
rýndi Gottrop að einstökum mönnum
hefðu verið seldar á leigu tekjur af land-
inu. Ábendingar hans leiddu til þess að
kauptaxtar voru lækkaðir og refsingar við
brotum á verslunarlöggjöfinni voru mild-
aðar. Mestu skipti þó að jarðabókarnefnd
var skipuð í apríl 1702 til að fá grundvöll
til að byggja tillögur á við endurreisn
landsins og sem grunn að nýju skattkerfi.



Grímur Jónsson amtmaður setti fram hugmyndir um nýtt skattkerfi árið 1840 sem leiddu næstum 40 árum seinna til afnáms hins forna tíundarkerfis að hluta.

Jarðabók Árna og Páls leiddi ekki til skattkerfisbreytingar, líklegast fyrst og fremst vegna þess að hún reyndist ekki henta sem grundvöllur til að ákvarða skattstofna. Jarðabókin var ekki fasteignamatsskrá, eins og að hafði verið stefnt í erindisbréfi nefndarmanna, heldur jarðalýsing og fleiri ágallar voru á verkinu. Þess vegna var Skúli Magnússon landfógeti fenginn seinna til að bæta úr þessum ágöllum og árið 1769 lauk hann við að semja jarðabók sem kölluð hefur verið Harmoniska

fundio „skattajöfnuðinum hentuga undirstöðu“.¹⁰

Vaxandi óánægja með manntalsbókargjöldin

Á 19. öld var fjárskipan Íslands ekki aðgreind frá fjárskipan Danmerkur og því lögð undir atkvæði ríkisþings Dana. Það fól í sér fjárveitingarvald þeirra á Íslandi og skattvald yfir þjóðinni. Þótt beinir skattar væru ekki háir þóttu þeir ósanngjarnir af mörgum ástæðum. Þeir voru misháir í

voru skattbændur 2100, helmingi færri en þegar þeir voru fyrst taldir á 11. öld.⁹

Af framansögðu má ljóst vera að stjórnvöld skorti grundvöll til að byggja á ef breyta átti skattkerfinu á Íslandi. Til að rökstyðja þá skoðun enn frekar má benda á ummæli konungsfulltrúa á stéttaþinginu í Hróarskeldu árið 1840. Í máli hans kom fram að lengi hefði staðið til að breyta skattkerfinu á Íslandi en menn ekki

greiðenda.¹¹ Við þetta ófremdarástand bættist að lítið sem ekkert fjármagn var til staðar í landinu til verklegra framkvæmda. Þetta hafði mörgum hugsandi mönnum lengi verið ljóst en enginn hafði lagt í það að leggja fram tillögur með formlegum hætti fyrir stjórnvöld um nýtt skattkerfi enda á fárra færi að gera það.

Íslendingar verða að „gerast myndugir“

Þegar Grímur Jónsson var amtmaður í fyrra skiptið í Norður- og Austuramt 1824–1833 kynnti hann sér vel búnaðarástandið, hag almennings og fjárhagslega stöðu Íslands sem hann sá að var bág. Skoðanir hans um margt voru þess eðlis að vegna embættis síns átti hann erfitt með að tala um þær eða skrifa opinberlega. Hann taldi meðal annars að jafnvel þótt Danir yrðu að greiða um 20 þúsund ríkisdali með landinu umfram tekjurnar af því, eins og danskir embættismenn voru þá farnir að halda fram, mætti ekki gleyma því að þeir hefðu meiri tekjur af verslunargróðanum af landinu. Grímur taldi að sárlega vantaði fé til framkvæmda í landinu, Íslendingar yrðu umfram allt að „gerast myndugir“ og hann stakk upp á því við yfirvöld að nýtt jarðamat yrði unnið og fasteignaskattur tekinn upp. Fyrir tillögurnar og ýmsar embættisfærslur varð hann óvinsæll víða og alþýða manna taldi hann ranglega hinn „mesta kammers og kanselli-vín“. Stjórnvöld töldu nýtt jarðamat of kostnaðarsamt og leiða af sér allt of mikið umstang.¹²

Grímur amtmaður gerist brautryðjandi

Eftir júlíbyltinguna í Frakklandi árið 1830 og aukna andstöðu gegn einvaldsskipulaginu var stofnað til fjögurra stéttaþinga í Danmörku með bréfi Friðriks VI. 28. maí 1831. Ári seinna var ákveðið að Íslendingar skyldu eiga tvo fulltrúa á þingi Eydana í Hróarskeldu en stefnt var að því að þeir fengju sitt eigið þing heima á Íslandi seinna. Þingin voru háð annað hvert ár, í fyrsta sinn 1835–1836. Konungur valdi fulltrúa Íslands og sat Finnur Magnússon prófessor öll þingin fjögur á árunum 1835–1842 og Grímur Jónsson, fyrrverandi amtmaður á Íslandi, tvö en hann var þá bæjarfógeti í Middelfart á Sjálandi og héraðsdómari.

”

Í tveimur blöðum í Kaupmannahöfn birtust nafnlausar greinar um skattamálið og framgöngu Gríms Jónssonar á Hróarskelduþinginu

jarðabókin. Vissulega var hún til bóta en jarðamat Skúla var eins og í öllum eldri jarðabókum miðað við forna hefð en ekki samtíðarverðgildi. Það var augljós galli og líklegast var hann ástæða þess að ekkert var aðhafst um að breyta skattkerfinu.⁸ Einnig má reikna með að erfiðleikarnir og hörmungarnar sem yfir Íslendinga gengu í lok 18. aldar hafi valdið því að valdhafar héldu að sér höndum, á sama hátt og ýmsar tilraunir um endurreisn atvinnuveganna runnu að mestu leyti út í sandinn. Athyglisvert er að árið 1753

einstökum sýslum og allir embættismenn ríkis og kirkju voru undanþegnir greiðslu þeirra. Einnig höfðu fjölmargar jarðeignir með tímanum orðið undanþegnar konungstíund. Engar samræmdar reglur voru til og mest hvíldu skattarnir á landbúnaðinum, ekki síst þeim bændum sem sendu vinnumenn sína í verið og urðu því að greiða sérskatt, manntalsfisk sem svo var kallaður. Sumir skattanna studdust ekki við lög heldur fornar venjur. Loks má nefna að skattheimtan var aðeins að óverulegu leyti miðuð við gjaldþol skatt-

Fyrsta stéttapíngið sem Grímur sat var haldið í Hróarskeldu sumarið 1840. Þar lagði hann fram frumvarp um breytt skattkerfi á Íslandi sem olli miklum úlfarþyt en varð róttítt að afnámi hins forna tíundarkerfis þótt það yrði ekki fyrir en rúmum 40 árum seinna. Í frumvarpinu var lagt til að tekinn yrði upp landskattur, hundradshluti allra eigna manna, og átti hann að vera jafnhár konungstíundinni sem gert var ráð fyrir að héldist. Konungsskattur, gjaf tollur og lögmennstollur áttu að falla niður enda væru það ósanngjörnstu skattarnir. Allir áttu að greiða skattinn, líka þeir sem áður höfðu verið lausir við tíund, en fram kom í máli Gríms að hann var þeirrar skoðunar að hinar miklu undanþágur frá skatti ættu mikinn þátt í hnignun Íslands og ógæfu. Hann taldi frumvarpið fela í sér aukinn jöfnuð því hækkun skatta bitnaði einungis á þeim ríku. Gert var ráð fyrir að leigur og landskuldir, leigugjöld leiguliða til landeigenda, minnkuðu. Sýslumenn áttu að fá föst laun en þeir höfðu haft sýslurnar á leigu og hagnast á skattkerfinu. Það taldi Grímur meðal annars vera ástæðu þess að tíundarkerfið hefði lifað svona lengi. „Það er öll von, að hverjum sem ekki er kunnugur ástandi og háttum Íslands, blöskri, að þetta skattaskrímsl skuli hafa lifað, eða réttar að segja, tórt umskiptalaust, hérumbil um 560–580 ár“, sagði hann þegar hann talaði fyrir frumvarpi sínu. Hann vildi að nýtt jarðamat færi fram sem byggði á þeim bústofni sem hver jörð bæri og eftir því yrði landskatturinn lagður á. Grímur fór ekki fram á það að þingið tæki afstöðu til frumvarpsins, vissi sem var að fæstir þingfulltrúanna þekktu nægilega vel til aðstæðna á Íslandi. Hann bað því um að það yrði sent konungi með þeim ummælum að hann sendi það embættismannanefndinni í Reykjavík sem hafði verið skipuð árið 1838.¹³

Finnur Magnússon taldi frumvarpið áriðandi og verðskulda skoðun. Konungsfulltrúinn á þinginu benti á, eins og áður hefur komið fram, að lengi hefði staðið til að breyta skattkerfinu en aldrei hefði tekið að finna nýjan grundvöll til að byggja á. Eftir stutta umræðu var kosin nefnd til að veita frumvarpinu umsögn. Hana skipuðu Finnur Magnússon, Grímur Jónsson og kammerhera Tillisch. Í nefndarálitinu kom fram að nauðsynlegt væri að koma á nýju skattkerfi á Íslandi en vandinn væri sá að það væri bara Grímur Jónsson sem hefði eitthvert vit á málinu og því þyrði nefndin ekki að mæla með frumvarpinu. Í lagi væri samt að konungur fengi það og



Sjálfsþurftarþúskaþur einkenndi atvinnuhætti landsmanna til loka 19. aldar og jafnvel lengur. Miðstjórnarvald var óburðugt og opinbert fé til verklegra framkvæmda lítið sem ekkert. Verslun var þó bændum nauðsynleg. Hér sést ullarlest koma til Eyrarbakka laust fyrir aldamótin 1900. Lefolierverslun til vinstri.

kæmi því í hendurnar á embættismannanefndinni á Íslandi sem ætti að hafa burði til að afgreiða það. Þessi umsögn var samþykkt.¹⁴ Áður en málið var endanlega afgreitt tók Grímur til máls og lýsti því yfir að tilgangur frumvarpsins væri að fá peninga til framfara og uppbyggingar á Íslandi.¹⁵

Fyrstu viðbrögð við tillögum Gríms

Í tveimur blöðum í Kaupmannahöfn birtust nafnlausar greinar um skattamálið og framgöngu Gríms Jónssonar á Hróarskelduþinginu. Böndin bárust strax að Jóni Sigurðssyni sem var að byrja afskipti sín af málefnum Íslands um þær mundir og var náinn aðstoðarmaður Finns Magnússonar. Grímur var harðlega gagnrýndur í greinunum en þess ekki getið til hvers nota ætti nýja skattinn. Bæði í greinunum og á öðrum vettvangi taldi Jón Grím hafa hlaupið illilega á sig í rökstuðningi sínum með frumvarpinu þar sem hann viðurkenndi 20 þúsund ríkisdala framlag Dana til Íslendinga á hverju ári, gjöld til landsins umfram tekjur af því, eins og danskir stjórnálamenn héldu fram. Með því væri sagt að landið væri ómagi. Var þessi meinta viðurkenning, gjarnan kölluð „ómagamálið“, tekin og henni hampað í Danmörku og á Íslandi og hlaut Grímur bág fyrir meðal landa sinna. Hefur því verið haldið fram að ummæli Gríms hafi orðið kveikjan að hinum miklu rannsóknnum Jóns Sigurðssonar forseta á fjármálum og fjárhag Íslands en hann eyddi miklum tíma í að hrekja ómagakenninguna. Fyrir þetta hlaut Grímur neikvæð eftirmæli og hefur

hann lengst af verið álitinn íhaldssamur embættismaður sem hafi lagt það til að auka skattheimtu til að setja upp í 20 þúsund króna tap Dana á Íslendingum en það er alltof einhæf mynd af honum og skoðunum hans – ef ekki beinlínis röng.¹⁶

Ef til vill hafði Grímur, eins og sumir aðrir embættismenn á Íslandi á þessum tíma, aðra skatta í huga sem hann þó gat ekki stungið upp á stöðu sinnar vegna og tíðaranda en það voru tollar á lúxusvörur. Bjarni Thorarensen, sem varð amtmáður á Möðruvöllum næstur á eftir Grími og raunar líka forveri hans því Grímur tók aftur við embættinu að Bjarna látnum árið 1841, hafði lengi verið vinur Gríms og í síðasta bréfi sínu til hans, 15. febrúar 1841, skrifaði Bjarni:

... gét því ei þackað þér sem skyldi þitt elskurika Bréf af 20ta Septbr. næstl. en einungis látid þig vita að mér er Mótlæti að verda að vera annarar Meiníngar en þú í Skattafrumvarpinu, og mér þykir það mótlætislegast að þú einmitdt hefir verid sömu Meiníngar sem eg að indirecte Skattar væru betri, en ecki þorad vegna Ördugleikans að fara þeim á flot.¹⁷

Embættismannanefndin tekur skattamálið til skoðunar

Embættismannanefndin sem fékk frumvarp Gríms til skoðunar var undanfari hins endurreista Alþingis. Hún var stofnuð með úrskurði Friðriks VI. konungs 22. ágúst 1838 og í henni sátu tíu helstu embættismenn landsins. Nefndin átti að koma saman í Reykjavík annað hvert ár

Bjarni Thorarensen
amtmaður.

Bjarni Thorsteinsson
amtmaður.



til að ræða nauðsynjamál þjóðarinnar og veita konungi ráðgjöf. Hún kom þó aðeins tvisvar saman, árin 1839 og 1841, en var lögð niður með tilskipun um endurreisn Alþingis sem gefin var út árið 1843.

Eftir lok Hróarskeldupingsins kynntu starfsmenn rentukammersins skattamálið fyrir konungi og 21. apríl 1841 úrskurðaði hann að embættismannanefndin tæki íslenska skattkerfið til skoðunar á fundi um sumarið og gaumgæfði þá frumvarp Gríms Jónssonar. Eftir að nefndin var komin saman í Reykjavík og byrjuð að ræða málin sem fyrir henni lágu kusu fundarmenn undirnefnd úr sínum hópi til að

tollur og manntalsfiskur að renna saman í einn skatt og greiðast í ríkissjóð Dana. Skatturinn yrði lagður á fasteignir, þ.e. jarðir, eftir verðgildi þeirra og hann síðan metinn til vissrar og fastákveðinnar upphæðar í landaurum eða peningum eftir gildandi verðlagsskrá. Útsvörum átti að jafna niður eins og verið hafði.¹⁸

Á 14. fundi embættismannanefndarinnar 17. júlí las Bjarni Thorsteinsson upp samantekt undirnefndarinnar og tóku embættismennirnir vel í málið. Hölluðust þeir fremur að hugmyndum Bjarna en Gríms. Athygli vekur að fram kom í ræðum þessara æðstu embættismanna Ís-

á. Bjarni Thorsteinsson og Þórður Sveinbjörnsson töldu ekki hægt að lappa upp á kerfið, það yrði að sameina öll gjöld og leggja á jarðir eftir mati. Niðurstaðan varð því sú að embættismannanefndin ákvað að svara rentukammerinu á þá leið að best væri að fá góða menn til að semja frumvarp um skattlagningu sem væntanlegt Alþingi fengi til meðferðar. Bjarna Thorsteinssyni var falið að semja bréf til kammersins og las hann það upp á fundi nefndarinnar 29. júlí 1841.¹⁹

Millipinganefnd skipuð árið 1845

Alþingi var endurreist árið 1845 sem ráðgefandi stofnun og kom það saman á tveggja ára fresti. Stjórnvöld lögðu fram töluverðan fjölda frumvarpa til umsagnar en skattamálið var ekki þar á meðal. Aftur á móti fól konungur fulltrúa sínum með bréfi 23. apríl 1845 að skipa fimm manna nefnd til þess að rannsaka skattamál landsins og koma fram með tillögur um úrbætur. Á skattamál var því lítið minnst á þessu fyrsta þingi en því barst þó bænarskrá úr Barðastrandarsýslu þar sem þess var farið á leit að ekki yrði farið út í skattabreytingar fyrr en búið væri að ná samkomulagi við Dani um fjárhag landsins og finna sanngjarnan skattstofn. Konungsfulltrúi lagðist gegn því að bænarskráin yrði tekin fyrir þar sem málið væri í ákveðnum farvegi og að loknum þingstörfum skipaði hann skattanefnd 6. ágúst. Í hana valdi hann Þórð Sveinbjörnsson háyfirdómara, Pál Melsteð sýslumann, Jón Johnsen yfirdómara, Eggert Briem sýslumann og Pétur Havstein sýslumann. Bar nefndinni að rannsaka skattamál landsins og koma með tillögur um úrbætur. Átti hún að nota eldri gögn frá Grími amtmanni Jónssyni og embættismannanefndinni og starfa milli þinga 1845–1847.²⁰

”

Athygli vekur að fram kom í ræðum þessara æðstu embættismanna Íslands að það vantaði aukna réttssýni og réttlátari skiptingu byrðanna í gildandi skattkerfi

fjalla sérstaklega um skattamálið. Í hana völdust Bjarni Thorsteinsson amtmaður í Vesturamti, Bjarni Thorarensen amtmaður í Norður- og Austuramti, Þórður Sveinbjörnsson háyfirdómari, Páll Melsteð sýslumaður og Björn Blöndal sýslumaður. Daginn eftir las Bjarni Thorsteinsson upp skjal sem hann sagðist hafa samið um nýbreytni skattamála áður en hann vissi af frumvarpi Gríms. Í því gagnrýndi Bjarni gildandi kerfi og vildi koma á nýjum skatti sem hann kallaði landskatt eins og Grímur hafði nefnt sinn skatt. Hann átti einnig að byggjast á nákvæmri jarðabók. En ólíkt Grími var Bjarni ekki að leggja til viðbótarskatt heldur áttu konungstíund, konungsskattur, gjaftollur, lögmanns-

lands að það vantaði aukna réttssýni og réttlátari skiptingu byrðanna í gildandi skattkerfi. Lögin væru gömul, í sumum tilvikum væri aðeins um gamlar venjur að ræða og því væri hreinlega mikil óvissa hvað hver og einn ætti að greiða og kerfið væri ótrúlega misjafnt eftir landsvæðum. Nefndarmenn sögðust þó varla þora að kasta gamla kerfinu algerlega fyrir róða – hætta að skattleggja lausaféð en leggja allt á fasteignina eftir hundraðtali eins og Bjarni legði til. Hinn forni grundvöllur ætti best við hér á landi, þ.e. að leggja mest á kvikféð. Frekar ætti því að lappa upp á gildandi kerfi. Embættismennirnir vefengdu útreikninga Gríms Jónssonar en sögðust vanta allar skýrslur til að byggja

Álitsskjal millipinganevndarinnar

Fljótlega myndaðist mikill meirihluti innan nefndarinnar með því að leggja það til að konungsskattur, gjafatollur, konungstíund, lögmennstollur og manntalsfiskur yrðu felldir niður en landskattur tekinn upp í staðinn. Samtals námu gömlu skattarnir um 19 þúsund ríkisbankadöllum árlega um þær mundir og hugmyndin var sú að landskatturinn yrði jafnhár. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að matsvirði allra jarða landsins væri nálægt 80 þúsund hundruðum og tala lausafjárhundraða væri að meðaltali rúmlega 51 þúsund hundruð. Það sveiflaðist eftir árferði en jarðamatið lítið. Þetta áleit nefndin vera þann grundvöll sem skattheimtukerfið nýja ætti að byggja á; spurningin væri bara sú hvað ætti að skattleggja. Um þrennt var að velja, leggja á lausafé eða jarðir eða blöndu af þessum stofnum. Nefndin rökstuddi ítarlega það meirihlutaálit sitt að hvorki væri hægt að leggja bara á lausafé né bara jarðir. Best væri að leggja á báða stofnana, til dæmis 3/5 hluta skattsins á lausaféð og 2/5 á jarðir. Helst ættu engar undanþágur að vera frá skattskyldu. Til þess að koma þessari kerfisbreytingu á yrði að láta fara fram nýtt jarðamat.²¹

Landskatturinn var þungamiðja fyrir hugaðra breytinga en fleira var að finna í tillögum millipinganevndarinnar. Hún lagði til að sérstakur húsaskattur yrði lagður á Reykvíkinga og íbúa verslunarstaða eftir stærð húsa. Hús tómthúsanna áttu að vera undanþegin sökum efnaleysis þeirra. Loks gerði nefndin tillögu um að tekinn yrði upp tekjuskattur á jarðeigendur, þeim yrði gert að greiða skatt af afgangnum sem þeir fengu af jörðum sínum og leigufé. Hugmyndin var að ná sköttum af efnuðum landeigendum og var lagt til að skatthlutfallið yrði 5% af tekjum þeirra. Áætlað var að tekjuskatturinn gæti skilað um 4.500 ríkisbankadöllum. Ekki voru þó allir nefndarmenn sammála um þennan nýja skatt.²²

Jón Johnsen myndaði einn minnihluta nefndarinnar. Hann vildi leggja allan landskattinn á jarðir en ekkert á lausafé bænda. Þó áttu þeir sem ekki héldu jörð að greiða skatt af lausafjáreign sinni. Máli sínu til stuðnings vísaði Jón meðal annars í bréf Gríms Jónssonar amtmanns til rentukammers 25. júlí 1843 þar sem Grímur sagðist vera búinn að bollaleggja skattamálið enn frekar frá Hróarskeldu-fundinum árið 1840 og væri kominn á þá skoðun að eingöngu ætti að skattleggja

jarðir. Einnig vísaði Jón til uppástungu Bjarna Thorsteinssonar frá árinu 1841. Líkt og meirihlutinn taldi Jón brýna nauðsyn bera til að nýtt jarðamat yrði unnið.²³

Álitsskjal nefndarinnar var dagsett 25. september 1846 og í kjölfarið var það sent stjórnvöldum með haustskipum. Líkt og embættismannanefndin hafði gert nokkrum árum fyrr benti millipinganevndin á að gildandi skattkerfi væri ranglátt, skattsvik væru mjög algeng en það væru þeir fátækustu sem teldu réttast fram. Leiða ætti í öndvegi það „aðalaugnaðið skattsins, sem er, að gjaldið hitti þann, sem efni hefir til að greiða“.²⁴

Kyrrestaða í 30 ár

Sumarið 1847 lagði stjórnin frumvarp fyrir Alþingi um jarðamat með þeirri athugasemd að það væri nauðsynlegur undanfari og grundvöllur nýrra skattalaga. Jafnframt var ljóst að stjórnvöld tengdu saman skattamálið og hugsanlegar breytingar á lögum um verslun við Ísland sem Jón Sigurðsson forseti og stuðningsmenn hans börðust fyrir. Þau héldu því fram að taka þyrfti með í reikninginn tolla, sem líklegast yrðu teknir upp samfara rýmkun verslunar, þegar gerðar yrðu breytingar á skattalöggjöfinni. Jón Sigurðsson óttaðist að jarðamatið tefði verslunarmálið því matið tæki svo langan tíma. Þegar það væri svo tilbúið tæki breytingin á skattalöggjöfinni líka langan tíma. Síðast kæmi verslunin og þá gæti stjórnin sett á þá tolla sem hún vildi eftir eigin höfði. Þannig vildi hún hafa tögl og hagldir um tekjur af landinu og skammta síðan úr hnefa fjármagn til umbóta. Jón vildi knýja fram umbætur fyrst, fá sjálfstjórn og fjárforræði og haga síðan sköttum og álögum eftir þörfum þjóðarinnar. Hann vildi því fresta jarðamatinu en varð undir og frumvarpið var samþykkt.²⁵

Tilskipun um að nýtt jarðamat skyldi fara fram var gefin út 27. maí 1848. Vinnan við það tók langan tíma eins og Jón Sigurðsson hafði haldið fram. Meðan unnið var að því barst Alþingi bænarskrá árið 1853 um breytingu á skattalögunum. Borin var fram tillaga um að kosin yrði nefnd til að ræða málið en hún var felld. Jarðamatið nýja hlaut löggildingu 1. apríl 1861 en skattamálið sjálft var þó ekki tekið upp aftur fyrr en árið 1875. Ástæðan var framvinda sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, skattamálið þvældist innan um mörg önnur mál og samstaða varð um að fresta því þangað til Alþingi hefði fengið lögjafarvald.²⁶ ■

Heimildir

- ¹ Grágás, 205–218. (Fornritafélag Norðurlanda í Kaupmannahöfn 1852). - Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson: *Íslandssaga til okkar daga*, 65–66. (Sögufélag 1991).
- ² Einar Arnórsson: *Réttarstaða Íslands*, 66–67 og 235. (Hið íslenska þjóðvinafélag 1913). - Jón Jóhannesson: *Íslendinga saga I*, 64. (Almenna bókafélagið 1958).
- ³ Einar Arnórsson: *Réttarstaða Íslands*, 271, 237–238, 240–241.
- ⁴ Jón Jóhannesson: *Íslendinga saga II*, 62. - Vilborg Auður Ísleifsdóttir: *Byltingin að ofan. Stjórnskipunarsaga 16. aldar*, 65 og 305. (Hið íslenska bókmenntafélag 2013).
- ⁵ Vilborg Auður Ísleifsdóttir: *Byltingin að ofan*, 33–34, 53 og tilvísun 63 á bls. 57.
- ⁶ Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson: *Íslandssaga til okkar daga*, 229.
- ⁷ Jón Eiríksson: „Forspjall“, 40. Í Ólafur Olavíus: *Ferðabók I*. (Bókfellsútgáfan hf. 1964).
- ⁸ Jón Eiríksson: „Forspjall“, 42–45.
- ⁹ Páll Vídalín og Jón Eiríksson: *Um viðreisn Íslands*, 28–29. (Örn og Örylgur 1985).
- ¹⁰ *Fréttir frá fulltrúafinginu í Hróarskeldu viðvíkjandi málefnum Íslendinga 1840*, 52. (Nokkrir Íslendingar 1840).
- ¹¹ Valdimar Briem: „Landstjórn“, 9. *Fréttir frá Íslandi* 5. árg. 1876. (Hið íslenska bókmenntafélag 1877).
- ¹² Páll Eggert Ólason: *Jón Sigurðsson. Foringinn mikli I*, 180. (Ísafoldarprentsmiðja 1945). - Kristmundur Bjarnason: Amtmaðurinn á einbúasetrinu. *Ævisaga Gríms Jónssonar*, 229. (Íðunn 2008).
- ¹³ *Fréttir frá fulltrúafinginu í Hróarskeldu viðvíkjandi málefnum Íslendinga 1840*, 49–51, 64.
- ¹⁴ *Fréttir frá fulltrúafinginu í Hróarskeldu viðvíkjandi málefnum Íslendinga 1840*, 52, 59, 69.
- ¹⁵ *Fréttir frá fulltrúafinginu í Hróarskeldu viðvíkjandi málefnum Íslendinga 1840*, 60–61.
- ¹⁶ Kristmundur Bjarnason: *Amtmaðurinn á einbúasetrinu*, 290–294. - Páll Eggert Ólason: *Jón Sigurðsson. Foringinn mikli*, 158. - Guðjón Friðriksson: *Jón Sigurðsson. Ævisaga I*, 203–204. (Mál og menning 2002).
- ¹⁷ *Húsfreyjan á Bessastöðum. Bréf Ingibjargar Jónsdóttur til bróður hennar Gríms amtmanns*, 212. (Reykjavík 1946). Sbr. Kristmundur Bjarnason: *Amtmaðurinn á einbúasetrinu*, 294.
- ¹⁸ *Tíðindi frá nefndarfundum íslenskra embættismanna í Reykjavík. Síðari deild. Tíðindi frá nefndarfundinum 1841*, 130–139. (Kaupmannahöfn 1842).
- ¹⁹ *Tíðindi frá nefndarfundum íslenskra embættismanna í Reykjavík. Síðari deild. Tíðindi frá nefndarfundinum 1841*, 130–139.
- ²⁰ *Alþingistíðindi* 1845, 65–67. - Jón Sigurðsson: „Fjárhagsmál Íslands og stjórnarmál“, 74–75. *Ný félagsrit* 1867. - Lovsamling XIII, 318–320.
- ²¹ [Jón Sigurðsson]: „Skattamálið“, 11–28, 37, 41–54. *Ný félagsrit* 1847.
- ²² [Jón Sigurðsson]: „Skattamálið“, 54–55 og 58.
- ²³ [Jón Sigurðsson]: „Skattamálið“, 2, 64–66, 92.
- ²⁴ [Jón Sigurðsson]: „Skattamálið“, 1, 20, 73–74. - Páll Eggert Ólason: *Jón Sigurðsson. Foringinn mikli*, 202–203.
- ²⁵ *Alþingistíðindi* 1847, 500–558, 634–657. Sjá einkum bls. 510–515.
- ²⁶ *Alþingistíðindi* 1853, 46–50. - Jón Sigurðsson: „Fjárhagsmál Íslands og stjórnarmál“, 73–75. - *Norðanfari* 13.4. 1875, 39.

Árlegur fundur lögfræðinga fyrirtækjaskráa á Norðurlöndum

Árlegur fundur lögfræðinga fyrirtækjaskráa Norðurlandanna var að þessu sinni haldinn í Reykjavík 6. – 7. nóvember 2014. Skipulagning og utnumhald var í höndum Bryndísa Gunnlaugsdóttur og Sigríðar L. Lúðvíksdóttur hópstjóra skráningardeildar en allir sérfræðingar fyrirtækjaskrár tóku þátt í fundinum.



Fundirnir hafa verið haldnir árlega frá árinu 2005 og er samstarf af þessu tagi mikilvægt út frá faglegum sjónarmiðum ásamt því að tengsl myndast milli þátttakenda sem nýtast þegar afla þarf upplýsinga um hvernig framkvæmd er annars staðar á Norðurlöndunum.

Í þessari grein verður farið yfir það helsta sem kom fram á fundinum en hefð er fyrir því að hvert land fari stuttlega yfir stöðu mála í sínu landi ásamt því að sérstök umræðuefni eru tekin fyrir á hverju ári.

Hluthafaskráning

Í tilefni af umræðu sem átt hefur sér stað hér á landi um hluthafaskráningu var óskað eftir því að þetta málefni væri tekið fyrir á fundinum. Fram kom að í Danmörku hefur nú þegar verið hafin skráning hluthafa og eru birtir opinberlega allir hluthafar er eiga 5% eða meira í félögum. Danska fyrirtækjaskráin bjó til tölvukerfi þar sem félögum er gert að skrá hluthafa og geta félögin nýtt sér þetta tölvukerfi sem hina formlegu hluthafaskráningu. Í Noregi var verið að vinna

skýrslu um þetta málefni fyrir ráðuneytið og var þar meðal annars horft til Ítalíu þar sem einnig er búið að taka upp opinbera skráningu hluthafa. Einnig kom fram að umræða er hafin í Svíþjóð um hvort taka eigi upp opinbera skráningu hluthafa.

Rafræn skráning félaga

Flest lönd hafa tekið upp rafræna skráningu nýrra fyrirtækja sem og breytingar á þeim. Reynt er að hafa fyrirtækjaskráningu eins rafræna og hægt er en þó hefur gengið illa að finna leiðir til að staðfesta

Fundargestir fylgjast áhugasamir með kynningu
Bryndísar Gunnlaugsdóttur um rafræna
fyrirtækjaskrá á Íslandi.

Þátttakendur fundarins. **Efri röð frá vinstri:**
Peter Källenfors Svíþjóð, Ólafur Magni Sverrisson
Íslandi, Franck Mertens Finnlandi, Henrik Rähä
Finnlandi, Søren Nue Clausen Danmörku, Bjarni
Hliðkvist Kristmarsson Íslandi, Stefán Jóhann
Jóhannsson Íslandi, Jan Westerberg Svíþjóð.
Neðri röð frá vinstri:
Christina Wikström Svíþjóð, Svala Hilmarisdóttir
Íslandi, Sigríður L. Lúðvíksdóttir Íslandi, Trine
Blix Noregi, Aud-Silje Wæhle Noregi, Bryndís
Gunnlaugsdóttir Íslandi.



greiðslu hlutafjár rafrænt og er það enn
gert með pappír á öðrum Norðurlöndum
sem hægir mjög á skráningarferlinu.
Umræðurnar á fundinum voru mjög
gagnlegar fyrir sérfræðinga fyrirtækja-
skrár ríkisskattstjóra þar sem nú er unnið
að því að smíða rafræna fyrirtækjaskrá og
því mikilvægt að læra af reynslu annarra
þjóða.

Félagasamtök

Fram kom að eingöngu í Finnlandi eru
lög um félagasamtök og þau lög ná yfir

allar gerðir af félagasamtökum, stór sem
smá. Í öðrum löndum byggist skráningin
á lagagreinum í lögum um fyrirtækjaskrár
og eru skráð öll félagasamtök og hópar að-
ila sem óska eftir skráningu og kennitölu.
Til þess að tryggja að ekki verði of mikið
af óvirkum félagasamtökum eða hópum
á skrá hafa Danir sett í lög að staðfesta
þarf skráningu á hverju ári annars fellur
skráningin úr gildi ásamt kennitölunni
og í Noregi þarf að greiða gjald á hverju
ári til að viðhalda skráningu. Með þessum
aðferðum er hægt að tryggja að skráin sé
uppfærð og kennitölur sem ekki eru í
notkun falli af skrá.

Opinbert rafrænt pósthólf

Danir kynntu fyrir fundarmönnum að í
Danmörku er búið að taka upp opinbert
rafrænt pósthólf. Það þýðir að danska
ríkið útvegar öllum félögum rafrænt pósthólf
inn á sérstakri síðu á vegum ríkisins.
Er danska ríkið því nánast hætt að senda
bréfpóst heldur sendir eingöngu tölvupóst

í þessi pósthólf og samkvæmt lögum telst
allt er sent er í þetta pósthólf vera féluginu
kunnugt. Hægt er síðan að stilla þessi
pósthólf þannig að tölvupósturinn fram-
sendist á ákveðið netfang vilji aðilar ekki
fara inn á þessa sérstöku síðu og þannig
eru auknar líkur á að tölvupósturinn sé
lesinn. Sparar þetta danska ríkinu tölu-
verðar upphæðir á hverju ári.

Eins og sjá má af ofangreindu er mikil
starfsemi í gangi hjá fyrirtækjaskrá
Norðurlandanna og virkilega gott og lær-
dómsríkt fyrir lögfræðinga fyrirtækjaskráa
að hittast á fundum sem þessum einu
sinni á ári og skiptast á upplýsingum og
hugmyndum. Fyrir starfsmenn fyrirtækja-
skrár á Íslandi, sem er mjög fámenn, er
enn mikilvægara að eiga greiðan aðgang
að sérfræðingum og umræðum hjá ná-
grannalöndum okkar. Á næsta ári verður
fundurinn í Svíþjóð og vonir standa til að
hægt verði að kynna nýja rafræna fyrir-
tækjaskrá á þeim fundi. ■

BG/SLL

Bindandi álit

Álit 03/14

Málavextir eru þeir að álitsbeiðandi á allt hlutafé í dótturfélagi sínu sem stofnað var til að taka þátt í fjármögnunarsamningum með álitsbeiðanda. Frá stofnun dótturfélags hafa álitsbeiðandi og dótturfélagið verið samsköttuð. Eini tilgangur dótturfélagsins hefur verið að sinna samningsskyldum sem framseldar voru til félagsins frá álitsbeiðanda. Þannig hefur álitsbeiðandi framselt dótturfélaginu sjóðstreymi og réttindi vegna tiltekinna samninga. Dótturfélagið hefur gefið út skuldaviðurkenningar til kröfuhafa álitsbeiðanda en nýtt andvirði þeirra til að greiða útistandandi kaupverð til álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi upplýsir að í október sl. hafi verið lokið við endurfjármögnun á samstæðu hans og að gert hafi verið samkomulag við fyrri kröfuhafa um uppgjör á skuldbindingum dótturfélagsins. Uppgjör milli álitsbeiðanda og dótturfélagsins fóru fram með skuldajöfnun og afhendingu eigna og að auki greiddi dótturfélagið fjármuni til álitsbeiðanda.

Rekstur dótturfélagsins sé nú óverulegur og skuldi álitsbeiðanda verulega fjármuni. Dótturfélagið eigi engar eignir fyrir utan smávægis reiðufé, hefur engar tekjur og engin starfsemi fer fram í því núna. Þá sé eigið fé dótturfélagsins neikvætt og verulegt yfirfæranleg rekstrartap sé til staðar hjá félaginu.

Að virtri stöðu dótturfélagsins telur álitsbeiðandi að grípa verði til aðgerða og eru það einkum þrjár leiðir sem álitsbeiðandi hefur hug á að kanna. Álitsbeiðandi fer fram á að ríkisskattstjóri staðfesti að:

- sameining hans og dótturfélagsins muni ekki hafa skattalegar afleiðingar og uppsafnað rekstrartap dótturfélagsins geti færst yfir til álitsbeiðanda við samruna félaganna og það geti nýst til frádráttar frá skattskyldum tekjum álitsbeiðanda;
- ef breyting á kröfu álitsbeiðanda á hendur dótturfélaginu í nýtt hlutafé í dótturfélaginu, með þeim hætti að krafa í heild sinni myndi kaupverð hins nýja hlutafjár, teljist mynda skattskyldar tekjur hjá dótturfélaginu, þá geti álitsbeiðandi gjaldfært sömu fjárhæð á móti sem tap og ráðstöfunin hafi þannig ekki skattalegar

afleiðingar fyrir samstæðuna, enda sé dótturfélagið áfram samskattað með álitsbeiðanda;

- ef álitsbeiðandi gefi eftir skuld sína gagnvart dótturfélaginu þá hafi það ekki skattalegar afleiðingar fyrir samstæðuna þar sem tekjur dótturfélagsins af eftirgjöfinni muni dragast frá sambærilegu tapi álitsbeiðanda.

Í bindandi álit ríkisskattstjóra kemur fram að samkvæmt lögum um bindandi álit skuli afmarka ítarlega þau atvik og álitaefni sem spurt sé um. Í álitsbeiðni séu settir fram þrír möguleikar sem ríkisskattstjóri er beðinn að veita bindandi álit um. Þannig megi skilja beiðnina sem ósk um ráðgjöf með tilliti til gildandi laga. Slíkt hefur ríkisskattstjóri ekki talið falla undir embættisskyldur sínar, þ.e. að veita ráðgjöf um margar mismunandi mögulegar ráðstafanir.

Að þessu virtu vísaði ríkisskattstjóri síðari álitaefnunum tveimur frá enda kom fram í álitsbeiðni að það hugnaðist álitsbeiðanda best að sameinast dótturfélagi sínu.

Í bindandi álit ríkisskattstjóra kemur fram að fyrirhugaður samruni álitsbeiðanda og dótturfélags uppfylli skilyrði 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga og myndi þannig ekki skattskyldar tekjur í hendi álitsbeiðanda.

Hvað varðar nýtingu á rekstrartapi dótturfélagsins kemur fram í bindandi álit ríkisskattstjóra að uppfylla þurfi fjögur skilyrði fyrir því að heimilt sé að nýta rekstrartap frá yfirteknu félagi í yfirtökufélagi og að uppfylla þurfi þau öll. Skilyrðin eru:

1. Félag sem við tekur verður að hafa með höndum skyldan rekstur eða starfsemi og það félag sem slitið var.
2. Félag sem slitið var má ekki fyrir slitin eiga óverulegar eignir eða hafa engan rekstur með höndum.
3. Sameining verður að vera gerð í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi.
4. Yfirfært tap verður að hafa myndast í sams konar rekstri og það félag sem við tekur.

Ríkisskattstjóri bendir á að skilyrði 1 og 4 séu náskyld, þó sé skilyrðið um að yfirfært tap skuli hafa myndast í sams konar

rekstri og það félag er í sem við tekur ívið strangara en hið fyrsta.

Ríkisskattstjóri telur að þegar litið er til tilgangs álitsbeiðanda og dótturfélags hans, bæði samkvæmt samþykktum og skýrslum stjórnar í ársreikningnum þá sé um að ræða skyldan rekstur hjá félögum og að rekstrartap dótturfélagsins hafi myndast í sams konar rekstri og álitsbeiðandi hafi með höndum.

Hvað varðar skilyrði 2 hér að framan þá telur ríkisskattstjóri með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 202/2000 að skilyrðið sé uppfyllt þó með þeim fyrirvara að samruni fari fram á síðari hluta árs 2014 eða fyrri hluta árs 2015.

Að síðustu komst ríkisskattstjóri að þeirri niðurstöðu að þegar litið væri til fjárhagslegrar stöðu dótturfélagsins væri tæpast séð hvaða venjulegi og eðlilegi rekstrartilgangur væri til að sameina rekstur álitsbeiðanda og dótturfélagsins.

Álit 04/14

Álitsbeiðendurnir, A og B, óskuðu eftir bindandi álit ríkisskattstjóra á fyrirhuguðum samruna. Upplýst var að frá stofnun B hafi eignarhald á félaginu haldist í megindráttum í hendur við eignarhald á A. Á árinu 2014 hafi þó allir hlutir í B komist í hendur A. Nú sé fyrirhugað að sameina félögin þannig að B verði slitið án skuldaskila og A taki yfir öll réttindi og skyldur B.

Í tilefni af fyrirhuguðum samruna er ríkisskattstjóri beðinn um að veita bindandi álit á því hvort:

- skilyrði 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga verði uppfyllt fyrir því að fyrirhugaður samruni hafi ekki í för með sér skattalegar tekjur fyrir A, B eða hluthafa þeirra og að A taki við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum B við samrunann;
- skilyrði 1. mgr. 54. gr. tekjuskattslaga verði uppfyllt fyrir því að við fyrirhugaðan samruna flytjist til A rekstrartap B, þar með taldar eftirstöðvar rekstrartaps frá fyrri árum.

Vegna fyrra álitaefnisins bendir ríkisskattstjóri á að ákvæði 1. mgr. 51. gr. fjallar ekki um skattalega stöðu hluthafa í yfirtökufélagi heldur beinist ákvæðið

um skattalegt hlutleysi að hluthöfum í yfirtekna félaginu. Ekki er unnt að taka afstöðu til skattleysis hluthafa A enda tekur ákvæði 1. mgr. 51. gr. ekki til þeirra. Hvað varðar hluthafa í B þá kemur fram í álitinu að skilyrði 1. mgr. 51. gr. séu uppfyllt enda sé A eini hluthafinn í B, sbr. úrskurð yfirskattaneftndar nr. 202/2005.

Hvað síðara álitafnið varðar bendir ríkisskattstjóri á að uppfylla þurfi fjögur skilyrði samkvæmt 1. mgr. 54. gr. tekjuskattslaga svo að unnt sé að nýta yfirfæranglegt tap í yfirtökufélagi. Skilyrðin eru:

1. Félag sem við tekur verður að hafa með höndum skyldan rekstur eða starfsemi og það félag sem slitið var.
2. Félag sem slitið var má ekki fyrir slitin eiga óverulegar eignir eða hafa engan rekstur með höndum.
3. Sameining verður að vera gerð í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi.
4. Yfirfært tap verður að hafa myndast í sams konar rekstri og það félag sem við tekur.

Skilyrði 1 og 4 eru náskyld þó svo að síðasta skilyrðið sé öllu strangara en hið fyrsta enda er þar gerð krafa um sams konar rekstur en í því fyrsta er skilyrði um skyldan rekstur. Þegar horft er til tilgangs álitsbeiðenda verður tæpast talið að um sé að ræða skyldan rekstur eða starfsemi. Tilgangur B er kaup og sala fasteigna, rekstur þeirra og skyld starfsemi en tilgangur A er verslunarrekstur bæði í heildsölu og smásölu. Í þessu sambandi skiptir ekki máli þó svo að B hafi leigt A húsnæði undir verslunarrekstur sinn og að um sérhæft húsnæði sé að ræða.

Þar sem fyrsta og fjórða skilyrði 1. mgr. 54. gr. tekjuskattslaga eru ekki uppfyllt er ekki ástæða fyrir ríkisskattstjóra að taka afstöðu til annarra skilyrða í ákvæðinu.

Álit 05/14

Málavextir eru þeir að álitsbeiðandi seldi með hagnaði hlutabréf í íslensku einkahlutafélagi. Söluandvirðið var greitt með reiðufé og með ríkisskuldabréfum. Álitsbeiðandi taldi sig eiga rétt á að fresta skattlagningu af hluta söluhagnaðarins með vísan til 1. mgr. 27. gr. tekjuskattslaga og að ríkisskuldabréf teldust vera skulda-viðurkenningar í skilningi ákvæðisins.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra kemur fram að í bréfi ríkisskattstjóra frá 1990 hafi því verið slegið föstu að ríkisskuldabréf teldust ekki skuldaviðurkenningar samkvæmt ákvæði 1. mgr. 27. gr. tekju-

skattslaga. Þá er vísað til lögskýringagagna þar sem fram kemur að umrædd frestunarmeild ætti að ná til verðbréfa sem raunverulega fela í sér frestun á greiðslu en ekki til verðbréfa sem eru ígildi greiðslu með reiðufé. Ríkisskattstjóri telur að ríkisskuldabréf feli í sér ígildi greiðslu með reiðufé í skilningi 1. mgr. 27. gr. tekjuskattslaga.

Álit 07/14

Álitsbeiðandi er fjármálafyrirtæki í slita-meðferð skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Álitsbeiðandi upplýsir að um það bil 12 þúsund kröfur hafi borist í kröfulýsinga-fresti og að umtalsverður hluti þeirra hafi verið byggður á innstæðum. Slíkar kröfur voru gerðar að forgangskröfum en ágreiningur hafi risið um réttmæti forgangsréttarins og að endanleg niðurstaða fyrir dómstólum hafi legið fyrir haustið 2011 þegar Hæstiréttur Íslands staðfesti forgangsréttinn.

Í kjölfar staðfestingardóms Hæstaréttar fóru fram hlutagreiðslur til kröfuhafa. Greitt var beint til kröfuhafa þegar um óvefngdar kröfur var að ræða eða vefngdar kröfur sem ekki var lengur ágreiningur um. Samhliða þessum greiðslum til kröfuhafa var greitt inn á geymslureikninga vegna annarra forgangskrafna sem enn var ágreiningur um en krafist var að nýtu forgangs. Álitsbeiðandi upplýsir að þegar ágreiningur um kröfu hafi verið leiddur til lykta og í ljós komi að kröfuhafi eigi lögvarða forgangskröfu eigi sá kröfuhafi tilkall til hlutdeildar sinnar á geymslureikningi auk samsvarandi hlutdeildar í þeim vöxtum sem til hafa fallið á geymslureikninginn.

Álitsbeiðandi upplýsir einnig að hann hafi innt af hendi hlutagreiðslur í fjórum gjaldmiðlum, evrum, sterlingspundum, bandaríkjadollurum og íslenskum krónum. Einn geymslureikningur hefur verið stofnaður fyrir hvern gjaldmiðil.

Vegna fyrirhugaðrar úthlutunar til kröfuhafa fer álitsbeiðandi fram á að ríkisskattstjóri veiti bindandi álit um hvort:

1. litið verði svo á þegar greiddar verða fyrirhugaðar hlutagreiðslur upp í kröfur að verið sé að greiða hluta af höfuðstól eða hvort skattyfirvöld líti svo á að greiðslan verði aðgreind hlutfallslega í höfuðstól og vexti,
2. fyrir hendi sé afdráttar- og skilaskylda álitsbeiðanda við útborgun til kröfuhafa á vöxtum sem myndast á innlendum geymslureikningi, og við hvaða tímamark sú skylda miðast, sé hún fyrir hendi,

3. fyrir hendi sé afdráttar- og skilaskylda álitsbeiðanda í þeim tilvikum sem vextir sem myndast á geymslureikningi á nafni álitsbeiðanda hjá skandinavískri innlánsstofnun, eru greiddir til innlendra aðila,
4. fyrir hendi sé skattskylda á Íslandi af vaxtatekjum sem myndast á geymslureikningi hjá skandinavískri innlánsstofnun sem greiddir eru til erlendra kröfuhafa.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra kemur fram að upplýst hafi verið að hlutagreiðslur hafi þegar farið fram. Af þeim sökum sé ekki uppfyllt það lagaskilyrði í lögum um bindandi álit að ekki hafi verið ráðist í þær aðgerðir sem óskað er eftir bindandi áliti um. Álitafni nr. 1 var þannig vísað frá afgreiðslu bindandi álita.

Þá vísað ríkisskattstjóri álitafni nr. 4 einnig frá þar sem ekki væri spurt um skattalega hagsmuni álitsbeiðanda sjálfs heldur kröfuhafa hans sem ekki væru aðilar að beiðni um bindandi álit.

Álitafnum 2 og 3 svaraði ríkisskattstjóri efnislega á þann veg að á álitsbeiðanda hvíldi ekki afdráttar- eða skilaskylda vegna vaxta sem myndast á geymslureikningum hvort sem um sé að ræða vexti af geymslureikningum í innlendri eða erlendri innlánsstofnun.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra segir orðrét:

Í 1. gr. laga nr. 94/1996 kemur fram að innheimta skuli í staðgreiðslu 20% tekjuskatt af vöxtum og arði eins og nánar sé kveðið á um í lögum. Þá kemur fram í 1. mgr. 2. gr. að allir þeir sem fá vaxtatekjur skuli sæta innheimtu skattsins í staðgreiðslu nema þeir séu undanþegnir sbr. 3. mgr. 2. gr. Um skilaskyldu er svo fjallað í 3. gr. laganna en ákvæðið er svohljóðandi: „Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.“ [fæitl. hér]

Þá var vísað til þess að álitsbeiðandi hefði ekki milligöngu um greiðslu vaxtanna og myndi því ekki teljast milligönguaðili í skilningi ofangreinds ákvæðis.

HÉRAÐSDÓMUR



Dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-269/2014

Bifreiðahlunnindi

Með dómi héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 28. nóvember 2014 var íslenska ríkið sýknað af kröfum Árna Þormars Baldurssonar.

Málavextir eru þeir að ríkisskattstjóri endurákvæðaði opinber gjöld stefnanda gjaldárið 2012 á þeim forsendum að stefnandi hefði ekki talið fram bifreiðahlunnindi af Land Cruiser bifreið sem vinnuveitandi stefnanda átti. Í úrskurði ríkisskattstjóra var vísað til þess að stefnandi og eiginkona hans hefðu átt 58,3% í vinnuveitanda stefnanda og þá hefði stefnandi verið framkvæmdastjóri, formaður stjórnar og prókúruhafi. Ríkisskattstjóri byggði á reglum um skattmat þar sem fram komi að eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar og aðrir í sambærilegum störfum, sem og stjórnarmenn félaga teljist ætíð hafa full og ótakmörkuð umráð með fólksbifreiðum sem þeim eru látnar í té og þeir hafa til einkanota.

Stefnandi hélt því fram að honum hefði ekki verið látnin bifreiðin í té til persónulegra nota og að hann hafi ekki haft einkanot af umræddri bifreið. Einkanot af bifreiðinni hafi verið óheimil og að haldin hefði verið dagbók fyrir bifreiðina þar sem skráðar voru ferðir starfsmanna.

Úrskurði ríkisskattstjóra var skotið til yfirséðanefndar sem hafnaði öllum kröfum stefnanda öðrum en þeim sem lutu að niðurfellingu álags.

Fyrir héraðsdómi hélt stefnandi því fram að ríkisskattstjóri hafi brostið lagaheimild til að úrskurða um hækkun á tekjuskatts- og útsvarsstofni. Úrskurðurinn sé haldinn formgöllum þar sem m.a. hafi verið vísað til rangrar auglýsingar. Af þessum sökum beri að fella úrskurðinn úr gildi með vísan til lögmætisreglunnar.

Þá vísaði stefnandi til þess að ekki hefði verið tekið mark á skýringum hans við meðferð málsins hjá ríkisskattstjóra og á löglíkindareglu byggð. Ríkisskattstjóri

hafi vísað til þess að formlegar bannreglur um notkun bifreiðarinnar hafi skort og að ekki hafi verið upplýst hvernig eftirliti með notkunarbanni hafi verið háttað. Löglíkindaregla sé hvergi lögfest í skattalögum. Ríkisskattstjóri hafi ekki tekist að sýna fram á að stefnandi hafi farið með rangt mál og af þeim sökum sé endurákvörðun óheimil. Ljóst sé að ríkisskattstjóri hafi ekki gætt að því að upplýsa og sanna að stefnandi hafi haft umrædda bifreið til persónulegra nota á árinu 2011. Félaginu sé nauðsynlegt að eiga bifreiðar enda eigi það í viðskiptum við marga erlenda viðskiptamenn sem þurfi að sinna m.a. með akstri.

Stefnandi hélt því enn fremur fram að hann hafi engin persónuleg afnot haft af bifreiðinni og því mótmælt að byggja verði á því að hún hafi verið í umsjá stefnanda. Umsjá hafi ekki verið sönnuð.

Af hálfu íslenska ríkisins, stefnda, var krafist sýknu og vísað til þess að yfirséðanefnd hafi staðfest í úrskurði sínum að ríkisskattstjóri hafi rakið efnislega á viðunandi hátt reglur um skattlagningu bifreiðahlunninda. Annmarkar á tilvísun hafi þannig hvorki haft áhrif á efni ákvörðunarinnar né valdið stefnanda réttarspjöllum. Úrskurður ríkisskattstjóra sé því ekki haldinn þeim formgöllum sem leiða eigi til ógildingar.

Stefndi ítrekaði að engar haldbærar upplýsingar hefðu verið lagðar fram um takmarkanir á notkun bifreiðarinnar gagnvart stefnanda né heldur um eftirlit með slíku. Þá hafi ekkert heldur komið fram um að bifreiðin hafi verið í umsjá annarra starfsmanna en stefnanda og upplýst hafi verið að geymslustaður bifreiðarinnar hafi verið á starfsstöð félagsins sem jafnframt er heimili stefnanda. Af þessum sökum hafi réttilega verið á því byggt að bifreiðin hafi verið í umsjá stefnanda sjálfs.

Stefndi vísaði til þess að ekkert haldbært hafi komið fram um að stefnandi

hafi verið bundinn sérstökum takmörkunum um notkun bifreiðarinnar og eftirlit um afnot af henni utan vinnutíma. Stöðu sinnar vegna hafi stefnandi sjálfur haft ákvörðunarvald um afnot sín af bifreiðinni í einstökum tilfellum. Almennt orðuð tilkynning til starfsmanna hniki því ekki.

Tilvísun stefnanda til notkunarýfirlits taldi stefndi heldur ekki hafa þýðingu. Engin kílómetrastaða er tilgreind á yfirlitinu og skýrar upplýsingar vantar um notkun bifreiðarinnar utan tímasetninga skráðra erinda í þágu félagsins. Gögn málsins hafi þannig ekki borið með sér að allur akstur bifreiðarinnar hafi verið í þágu félagsins.

Stefndi benti að lokum á að raunnotkun bifreiðar og umfang hafi ekki áhrif á mat tekna til skattlagningar, enda sé verið að skattleggja umráðin sem slík en ekki notkunina.

Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að fallist sé á það með stefnda að misritun í úrskurði ríkisskattstjóra hafi hvorki haft áhrif á efni ákvörðunar né valdið stefnanda réttarspjöllum. Misritunin skerti ekki möguleika stefnanda á að halda uppi efnislegum vörnum og getur hún því ekki leitt til ógildingar á úrskurði ríkisskattstjóra.

Hvað efnishlið málsins varðar vísaði héraðsdómur til þess að með hliðsjón af aðstæðum og með hliðsjón af ákvæði 2.3. í auglýsingu um skattmat, verði að telja það eðlilega kröfu af hálfu skattýfirvalda að gerð yrði viðhlítandi grein fyrir því með hvaða hætti umráð stefnanda yfir bifreiðinni gætu verið algerlega takmörkuð. Líta yrði til þess í þessu sambandi að bifreiðin var geymd á starfsstöð félagsins sem jafnframt er heimili stefnanda. Dómurinn taldi að stefnandi hefði ekki tekist að sýna fram á að staðhæfingar hans væru réttar.

Frávísun – Málatilbúnaður í andstöðu við meginreglur einkamálaréttarfars

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 16. desember 2014 var máli Óskars Karls Guðmundssonar gegn íslenska ríkinu vísað frá dómi.

Málavextir eru þeir að stefnandi og eiginkona hans skiluðu skattframtali á pappír fyrir gjaldárið 2012 vegna tekjuársins 2011. Við yfirferð á framtalinu

margir liðir þess voru ekki í samræmi við tekjuskattslög, úrskurði yfirkattanefndar og leiðbeiningar skattyfirvalda. Ríkisskattstjóri tilkynnti stefnanda að tiltekna breytingar hefðu verið gerðar á innsendu framtali og að álagning 2013 myndi taka mið af þeim breytingum. Álagning 2013 var svo færð af hálfu stefnanda og

uppfylli ekki lágmarksskilyrði laga um meðferð einkamála og að í stefnu sé því hvergi lýst hvernig stefnandi kemst að þeirri niðurstöðu að stefndi eigi að greiða kr. 12.333.107. Þá sé engin tilraun gerði í stefnu til að rökstyðja einstaka dómkröfu-liði. Í stefnu virðist sem að gerð sé krafa sem varði eiginkonu stefnanda en hún eigi ekki aðild að málinu með stefnanda. Skilyrði laga um meðferð einkamála um samaðild sé ekki uppfyllt. Gagnaframlagningu sé áfátt þar sem slitrum úr ýmsum dómskjölum er hrúgað saman og þá sé vísað á ófullnægjandi hátt til lagaákvæða án rökstuðnings.

Í úrskurði héraðsdóms er vísað til ákvæða laga um meðferð einkamála þar sem mælt er fyrir um að í stefnu skuli greina á glöggan hátt dómkröfur stefnanda s.s. fjárhæð kröfu í krónum, vexti, viðurkenningu á tilteknum réttindum o.fl. Þá kemur einnig fram að í stefnu skuli greina glögg málásástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á ásamt öðrum atriðum sem greina þurfi til þess að samhengi málásástæðna verði ljóst.

Orðrétt segir í úrskurði héraðsdóms:

„Í stefnu er að óverulegu leyti gerð grein fyrir því hvaða atvik valdi því að fella beri breytingar sem ríkisskattstjóri gerði á skattframtölum stefnanda úr gildi. Enn fremur er óljóst og jafnvel útilokað að greina á hvaða lagarökum stefnandi byggir málsókn sína. Þess í stað er í stefnunni vísað vítt og breitt til hinna ýmsu lagaákvæða án nánari rökstuðnings.“

kom í ljós misræmi við fyrri framtöl stefnanda eins og þau höfðu verið leiðrétt af hálfu ríkisskattstjóra og af því tilefni var óskað eftir skýringum á tilteknum atriðum í framtalinu. Meðal annars var óskað eftir upplýsingum um misræmi á eignaskrá, misræmi á upplýsingum um bankainnstæður og söluhagnað. Eftir að svör stefnanda við fyrirspurn ríkisskattstjóra bárust var framtalinu vísað frá og stefnandi tilkynnt að álagning opinberra gjalda 2012 yrði byggð á áætlun enda veittu innsent framtal og skýringar stefnanda ekki þær upplýsingar um niðurstöðu rekstrar né um eignir og skuldir að unnt væri að byggja rétta álagningu á því.

Stefnandi kærði álagninguna og sendi viðbótargögn með kærunni. Með úrskurði ríkisskattstjóra var kærunni hafnað þar sem rökstuðningur stefnanda fyrir þeim leiðréttingum sem óskað væri eftir væri ekki í samræmi við lög. Stefnandi gerði athugasemdir við úrskurðinn og leit ríkisskattstjóri svo á að um endurupptökubeiðni væri að ræða. Synjað var um endurupptöku þar sem lagaskilyrði 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga væru ekki uppfyllt.

Stefnandi stóð svo skil á skattframtali 2013 vegna tekjuársins 2012 í apríl 2013. Við skoðun á því framtali kom í ljós að

í úrskurði ríkisskattstjóra var nær öllum kröfum stefnanda hafnað.

Að svo komnu máli stefndi stefnandi íslenska ríkinu fyrir dóm og krafðist þess að breytingar á framtölum 2012 og 2013 yrðu felldar úr gildi og að stefnda yrði gert að greiða kr. 12.333.107 með áföllnum vöxtum og kostnaði.

Til stuðnings kröfum sínum virtist stefnandi vísa til þess að ríkisskattstjóri hefði ekki farið að lögum við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013. Ríkisskattstjóri hafi með ólögsmætum hætti m.a. fellt niður aukningu á lausafé frá rekstri 2011 og fært stefnanda til tekna sem hafi haft í för með sér kr. 4.076.503 í skattgreiðslu, breytt skattstofni auðlegðarskatts með því að endurmeta aflahlutdeild, hækkað tryggingagjald, lagt á stefnanda tvisvar sinnum gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald, fellt niður sjómannaafslátt, byggt á því að sala aflamarks sé ekki söluhagnaður heldur leiga, fellt niður fyrningar á lausafé o.fl.

Íslenska ríkið krafðist þess aðallega að kröfum stefnanda yrði vísað frá dómi en til vara var krafist sýknu.

Aðalkröfu sína studdi stefndi m.a. þeim rökum að kröfugerð og málatilbúnaður stefnanda væri svo óljós og vanreifaður að það varði frávísun málsins. Dómkrafan

Héraðsdómur Reykjavíkur taldi að málatilbúnaður stefnanda í heild væri í andstöðu við meginreglu einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað. Af þeim sökum væru verulegir annmarkar á málatilbúnaði hans og að vísa bæri málinu frá dómi.

Úrskurðir yfirskattanefndar

228/2014

Frádráttarheimild 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003

Ríkisskattstjóri færði kæranda, sem er hlutafélag, til tekna í skattframtali árið 2008 vantalda arðgreiðslu frá dótturfélagi, að fjárhæð 590.000.000 kr., en til frádráttar í skattframtalinu á móti tekjufærðum arði færði ríkisskattstjóri 375.797.020 kr. með vísan til 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Samkvæmt þessu hækkaði tekjuskattstofn kæranda um 214.202.980 kr. gjaldárið 2008. Er kæruefni málsins sú ákvörðun ríkisskattstjóra að takmarka frádrátt samkvæmt 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 í skattframtali kæranda árið 2008 við 375.797.020 kr. Byggði ríkisskattstjóri á því að mismunur þessara fjárhæða, þ.e. greiðsla frá dótturfélagi að fjárhæð 214.202.980 kr., fæli í sér óheimila úthlutun af fjármunum dótturfélagsins á árinu 2007, sbr. tilgreind ákvæði XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, sem ekki félli undir frádráttarheimildina í 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, sbr. orðalag þess ákvæðis. Ríkisskattstjóri vísaði til þess að í ársreikningi dótturfélagsins fyrir rekstrarárið 2006 kæmi fram að óráðstafað eigið fé félagsins hinn 31. desember 2006 næmi 594.294.000 kr. auk þess sem tilgreind hefði verið neikvæð staða yfirverðsreiknings um 218.497.000 kr. Raunveruleg staða óráðstafaðs eigin fjár félagsins hinn 31. desember 2006 hefði því numið 375.797.000 kr. Meðal eiginfjárreikninga hafi verið færður yfirverðsreikningur hlutafjár sem var neikvæður um 17.651 þús. kr. í upphafi rekstrarársins 2006 og neikvæður um 218.497 þús. kr. í lok ársins vegna færslu kaupverðs eigin hluta í hlutafélaginu umfram nafnverð. Kom fram af hálfu kæranda að af þessum sökum hafi yfirverðsreikningur hlutafjár orðið tímabundið neikvæður, en úr því hefði verið bætt með ákvörðun aðalfundar dótturfélagsins í febrúar 2007 um að lækka hlutafé félagsins til jöfnunar á yfirverðsreikningi. Með því að fyrir hafi legið að til þeirrar ráðstöfunar yrði gripið

hafi arðsákvörðunin samrýmst ákvæðum 1. mgr. 99. gr. laga nr. 2/1995, enda hafi óráðstafað eigið fé í lok árs 2006 samkvæmt samþykktum ársreikningi ekki staðið í vegi fyrir henni.

Fram kom hjá yfirskattanefnd að í úrskurðaframkvæmd hafi ekki verið fallist á að líta megí á yfirverðsreikning hlutafjár sem frjálsan sjóð í skilningi 1. mgr. 99. gr. laga nr. 2/1995. Verði að líta svo á að fjármunir, sem lagðir eru í sjóð þennan, teljist bundið eigið fé og að um ráðstöfun þess fari eftir þeim reglum sem gildi um vara-sjóð, sbr. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 2/1995. Af þessari ástæðu geti ekki talist heimilt að hlutafélag nýti yfirverðsreikning til kaupa á eigin hlutum, sbr. og 4. mgr. 55. gr. laga nr. 2/1995. Í tilviki dótturfélagsins sé raunar til þess að líta að þegar kaup félagsins á eigin hlutum fóru fram á árinu 2005 hafi yfirverðsreikningi hlutafjár ekki verið til að dreifa, enda hafi eiginfjárreikningur með því nafni þá þegar verið tilgreindur með neikvæðri fjárhæð. Það leiði af framansögðu að við umrædd kaup hafi borið að færa mismun á kaupverði og nafnverði keyptra hluta til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé eða öðrum frjálsum sjóðum. Kaup hafi farið fram alllöngu áður en ákvörðun hafi verið tekin um lækkun hlutafjár í dótturfélaginu og verði því ekki talið að undanþáguákvæði 1. tölul. 57. gr. laga nr. 2/1995 geti átt við í málinu.

Því féllst yfirskattanefnd á að færa yrði hinn neikvæða yfirverðsreikning hlutafjár til frádráttar tilgreindri fjárhæð óráðstafaðs eigin fjár dótturfélagsins í árslok 2006 við útreikning á mögulegri arðsúthlutun á árinu 2007. Miðað við það væri ljóst að ekki voru forsendur til frekari úthlutunar arðs á árinu 2007 en nam þeirri fjárhæð sem ríkisskattstjóri byggði á, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 2/1995. Krafa kæranda varð því ekki tekin til greina á þeim grundvelli að umrædd greiðsla til B ehf. að fjárhæð 214.202.980 kr. á árinu 2007 hafi verið lögmæt úthlutun af fjármunum dótturfélagsins, sbr. 98. gr. laga nr. 2/1995.

Samkvæmt 1. málsl. 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, eins og ákvæði þetta hljóðaði á þeim tíma þegar umrædd fjárhæð var greidd B ehf., þ.e. fyrir breytingu með 4. gr. laga nr. 166/2007, sem öðlaðist gildi 21. desember 2007, mátti draga frá tekjum af atvinnurekstri þá fjárhæð sem hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, hefðu fengið greidda í arð samkvæmt 4. tölul. C-liðar 7. gr. af hlutum og hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna.

Með b-lið 4. gr. laga nr. 166/2007, um breyting á lögum nr. 90/2003 var bætt við 1. málsl. 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 tilvísun í XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Í athugasemdum við 4. gr. í frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 166/2007, sagði svo um ástæðu tillögu-greinarinnar að henni væri „... einungis ætlað að hnykkja á því að frádráttarheimild 9. tölul. 31. gr. sé einvörðungu bundin við löglega úthlutaðan arð, skv. XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, en taki ekki til dulinnar arðsúttektar.“

Í niðurstöðu yfirskattanefndar sagði síðan: „Að því virtu sem fram kemur í fyrrgreindum lögskýringargögnum vegna laga nr. 166/2007 þykir vera ótvírætt að umræddri breytingu á 1. málsl. 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 með 4. gr. laga nr. 166/2007 hafi verið ætlað að slá því föstu að frádráttarheimild 9. tölul. 31. gr. væri einvörðungu heimil á móti löglega úthlutaðum arði samkvæmt þeim ákvæðum laga nr. 2/1995 og 138/1994 sem rakin voru hér að framan. Er það öndverð regla við það sem áður var talið gilda samkvæmt úrskurðaframkvæmd, sbr. úrskurð yfirskattanefndar nr. 177/2007 sem varðaði gjaldárið 2000. Þykir varhugavert að byggja á því að breytingar með lögum nr. 133/2001, sem öðluðust gildi 1. janúar 2002, hafi haggað þeirri úrskurðaframkvæmd. Að svo vöxnu þykir bera að taka til greina kröfu kæranda um frádrátt 590.000.000 kr. á móti arðstekjum sömu fjárhæðar frá [dótturfélagi] í skattframtali [B] árið 2008.“

Breyting á 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 sem gerð var með lögum 166/2007 gildi ekki þegar arðsúthlutun fór fram.

229/2014

Eignfærsla hlutabréfa á skattframtali

Í málinu var kærð sú ákvörðun ríkisskattstjóra að hækka tilgreint verð á hlutabréfum kæranda í A ehf. í skattframtölum árána 2011 og 2012 með vísan til 72. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Leiddu framangreindar breytingar til hækkunar á auðlegðarskattsstofni kæranda um sömu fjárhæð umrædd gjaldár, sbr. ákvæði XXXIII til bráðabirgða í lögum nr. 90/2003. Í svari kæranda við fyrirspurnarbréfi ríkisskattstjóra kom fram að eignfærsla á skattframtali hans hefði miðað við eigið fé félagsins í árslok tekjuárs. Svarbréfinu fylgdu ársreikningar umrædds félags og dótturfélaga þess.

Hlutabréf eru framtalsskyld eign samkvæmt 72. gr. laga nr. 90/2003. Um mat framtalsskyldrar hlutabréfaeignar segir svo í 1. málsl. 5. tölul. 73. gr. laga nr. 90/2003: „Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess.“ Það ber undir kæranda að sýna fram á að miða beri við annað verð til eignar en nafnverð bréfanna. Af hálfu hans er fram komið að helsta eign A hafi verið eignarhlutur í S, sem aftur átti eignarhlut í H og B. Kærandi reisti máláttilbúnað sinn aðallega á upplýsingum í ársreikningum umræddra félaga fyrir árið 2011. Hafi B verið rekið með verulegu tapi undanfarin ár og hafi eigið fé félagsins verið neikvætt.

Með hinum kærða úrskurði sínum hafnaði ríkisskattstjóri kröfu kæranda. Tók ríkisskattstjóri fram að hann liti svo á að þrátt fyrir að félög væru rekin með tapi eða að skattalegt eigið fé væri neikvætt eða lægra en hlutafé gæti falist í félögum ákveðið virði m.t.t. réttinda í eigu þeirra, viðskiptavildar o.fl. Fjallaði hann síðan um framlögð gögn félagsins og taldi að ekki hefði verið sýnt fram á að raunvirði A væri lægra en nafnvirði hlutabréfa kæranda í félaginu.

Í niðurstöðu yfirséðanefndar sagði m.a.: „Þótt það beri undir kærendum að sýna fram á að miða beri við annað verð til eignar en nafnverð hlutabréfanna verður ekki talið að það leysi ríkisskattstjóra undan skyldu hans til að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því og

að rökstyðja niðurstöðu sína með viðhlítandi hætti, sbr. 10. og 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003. Eins og málið lá fyrir ríkisskattstjóra var tilefni til rækilegri umfjöllunar að þessu leyti, eftir atvikum að undangenginni frekari upplýsinga- og gagnaöflun. Samkvæmt framansögðu þykir verulega hafa skort á það að ríkisskattstjóri vandaði nægilega þá ákvörðun sem hann tók um kærufnið með úrskurði sínum, dags. 21. mars 2013. Skorti m.a. á að ríkisskattstjóri tæki afstöðu til tilgreiningar á verðmæti eigna og skulda í ársreikningum [A] með hliðsjón af því hvort verðmæti eigna að frádregnum skuldum væri lægra en hlutafé félagsins eða stofnverð, sbr. 1. málsl. 5. tölul. 73. gr. laga nr. 90/2003. Þykir því ekki verða hjá því komist að ógilda úrskurðinn. Með úrskurði þessum er þá engin efnisafstaða tekin til ágreiningsefnisins.“

Ríkisskattstjóra ber að sjá til þess að mál séu nægilega upplýst áður en hann tekur afstöðu til kærufnis.

230/2014

Bifreiðahlunnindi

Ríkisskattstjóri færði kæranda til tekna bifreiðahlunnindi á skattframtali hans árið 2012. Fram kom í málinu að kærandi var skráður framkvæmdastjóri og stjórnarmaður í R ehf. á árinu 2011 og var þá jafnframt eigandi alls hlutafjár í félaginu en í bréfi umboðsmanns R ehf. til ríkisskattstjóra var greint frá því að í ársbyrjun 2012 hefði hluthöfum félagsins fjölgað og nýr framkvæmdastjóri verið ráðinn til starfa. Þar kom einnig fram að kærandi hefði ekki verið launamaður hjá félaginu frá árinu 2006. Samkvæmt skattframtali kæranda árið 2012 var ekki um að ræða neinar launagreiðslur til hans á árinu 2011.

Lagaákvæði um skattskyldu bifreiðahlunninda byggja á því að um sé að ræða afnot launamanns af bifreið í eigu launagreiðanda hans, sbr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 og skattmatsreglur. Í tilviki kæranda var ekki um að ræða launasamband milli hans og eiganda bifreiðarinnar að því er séð varð. Taldi yfirséðanefnd að þrátt fyrir fram kominn bifreiðahlunnindamiða hafi ríkisskattstjóra borið að grafast nánar fyrir um það hvernig sambandi kæranda og R ehf. var háttað umrætt ár, sbr. 1. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, áður en hann hófst handa um tekjufærslu bifreiðahlunninda hjá

kæranda. Yfirséðanefnd felldi því endurákvörðun ríkisskattstjóra úr gildi.

Bifreiðahlunnindi byggja á afnotum launþega af bifreið í eigu launagreiðanda.

245/2014

Virðisaukaskattur. Umfjöllun um 4. mgr. 12. gr. Ófullnægjandi reikningur

Í máli þessu hafnaði ríkisskattstjóri innskatti sem kærandi hafði fært vegna kaupa á innréttingum og tækjum. Taldi ríkisskattstjóri að viðskiptin féllu undir ákvæði 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem hefði þá þýðingu að ekki væri heimilt að færa innskatt af viðskiptunum. Einnig byggði ríkisskattstjóri á því að sölureikningur seljanda teldist ekki fullnægjandi til sönnunar á innskatti samkvæmt ákvæðum 1. og 7. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988.

Samkvæmt 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 má ekki telja eignayfirfærslu vörubirgða, véla og annarra rekstrarfjármuna til skattskyldrar veltu þegar yfirfærslan á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess og hinn nýi eigandi hefur með höndum skráðan eða skráningarskyldan rekstur samkvæmt lögum. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laganna telst sala eða afhending véla, tækja og annarra rekstrarfjármuna til skattskyldrar veltu skráðs aðila. Taka lagaákvæðin í 3. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 12. gr. til sams konar verðmæta, en meðferð virðisaukaskatts við afhendingu þeirra fer eftir því hvort um er að ræða almenn viðskipti eða eignayfirfærslu í tengslum við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess. Ákvæði 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 hefur í úrskurðafarmkvæmd verið skýrt svo að það geti ekki átt við nema í þeim tilvikum þegar seljandi hættir rekstri fyrirtækis eða hættir rekstri afmarkaðs rekstrarþáttar (hluta fyrirtækis) og kaupandi annað hvort heldur áfram rekstri fyrirtækisins eða notar hinar keyptu vörubirgðir á annan sambærilegan hátt við atvinnustarfsemi sína. Eins og umræddu ákvæði 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 er farið er ljóst að athugun á því hvort ákvæðið eigi við í einstökum tilvikum krefst almennt vandaðs undirbúnings og fullnægjandi sönnunar og eftir atvikum öflunar gagna og upplýsinga frá viðkomandi skattaðila og öðrum.

Gögn kæranda sem fram voru lögð báru með sér að hann hefði aflað sér þeirra

muna sem fram komu á sölureikningi í því skyni að reka veitingasölu í tilgreindu húsnæði. Er óumdeilt að þeirra var aflað til nota í skráningarskyldri starfsemi hans. Ekki varð ráðið með neinni vissu af sölureikningi eða öðrum gögnum að seljandi hefði að öllu leyti eða að hluta hætt rekstri í tengslum við sölu. Ríkisskattstjóri óskaði eftir skýringum á viðskiptunum m.a. með tilliti til ákvæðis 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, en beindi engum ákveðnum spurningum til gjaldanda og ekki aflaði ríkisskattstjóri gagna frá öðrum aðilum í því skyni að upplýsa um rekstrarlok eða aðrar aðstæður. Kaupsamningur aðila virðist ekki hafa legið fyrir hjá ríkisskattstjóra. Yfirséðanefnd taldi málið naumast nægilega upplýst og tók því ekki efnisafstöðu til ágreiningsefnis varðandi 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 telst til innskatts á hverju uppgjörstímabili virðisaukaskattur af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum, vinnu, þjónustu og öðrum aðföngum sem eingöngu varða sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu. Samkvæmt 7. mgr. 20. gr. laganna skal kærandi leggja fram reikninga eða önnur gögn sem uppfylla skilyrði 1. mgr. greinarinnar til sönnunar á innskatti. Nánar er kveðið á um slík gögn í 1. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, og 15. gr., sbr. 3. - 6. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. Á reikningi þeim sem málið varðar kom ekki fram að hann uppfyllti kröfur reglugerðar nr. 505/2003. Var því gengið út frá því að hann stafaði ekki frá rafrænu bókhaldskerfi. Á reikningnum var svofelld áritun: „Reikningur # 2013101“ Áritun þessi var færð í haus reikningsins ásamt upplýsingum um útgefanda og dagsetningu. Þykja þau bera með sér að hafa ekki verið fyrirfram prentuð á reikningseyðublaðið. Samkvæmt því taldist ekki vera um fyrirfram tölusettan reikning að ræða í skilningi ákvæðis 1. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988 og reglugerðar nr. 50/1993. Reikningurinn gat því ekki orðið grundvöllur innskattsfrádráttar.

Innskattur verður ekki byggður á ófullnægjandi reikningi.

246/2014 Skipting félags

Kærandi var einkahlutafélag stofnað 26. apríl 2006 og var tilgangur félagsins út-

gerð smábáta og rekstur fasteigna. Þann 30. desember 2006 gerðu eigandi kæranda og V ehf. með sér kaupsamning um kaup V ehf. á öllum hlutum í óstofnuðu einkahlutafélagi sem skipt yrði út úr kæranda, sbr. 133. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Í hinu óstofnaða félagi skyldu vera hlutdeild í aflamarki og fiskiskipið H ásamt öllu því sem fylgdi og fylgja bæri. Engar nettóskuldir yrðu í hinu óstofnaða félagi. Afhending hinna seldu hluta skyldi fara fram um leið og hinna tæknilegu vinnu við skiptingu væri lokið og hinu óstofnaða félagi hefði verið úthlutað kennitölu. Kæranda var breytt í hlutafélag með tilkynningu til fyrirtækjaskrár þann 27. febrúar 2007 og stofnun S ehf. var tilkynnt 13. mars 2007. Var tilgangur sagður útgerð smábáta og rekstur fasteigna. Með tilkynningu til fyrirtækjaskrár þann 7. maí 2007 var tilkynnt um lok skiptingar kæranda í tvö félög S ehf. og kæranda. Eigandi kæranda fékk í skiptum fyrir hlut sinn í kæranda öll hlutabréf í S ehf.

Ríkisskattstjóri taldi að í þessum ráðstöfunum hefði eingöngu falist yfirfærsla tiltekinna atvinnurekstrareigna frá kæranda til V ehf. Í raun hefði farið fram sala á atvinnurekstrareignum frá kæranda til V ehf., en ekki sala á einkahlutafélagi frá hluthafa kæranda til félags þessa. Taldi ríkisskattstjóri að skiptingin hefði verið óþörf í rekstrarlegu tilliti og að eini tilgangur umræddrar skiptingar kæranda hefði verið skattalegir hagsmunir og í því sambandi tilgreindi ríkisskattstjóri að í stað skattlagningar hagnaðar vegna sölu umræddra eigna hjá kæranda eftir reglum um lögaðila kæmi til hagstæðari skattlagning hjá hluthafa kæranda í fjármagnstekjuskatti á hagnað vegna sölu hlutabréfa. Þá rakti ríkisskattstjóri að gagngjaldsskilyrði 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/2003 hefði ekki verið uppfyllt, enda hlutir í S ehf. þegar verið seldir þegar afhending hlutabréfanna hefði farið fram. Niðurstaða ríkisskattstjóra var því að hafa að engu þá skiptingu kæranda sem í málinu greinir.

Í niðurstöðu yfirséðanefndar segir m.a.: „Samkvæmt þessu hafði hluthafi kæranda ráðstafað öllum hlutum í umræddu félagi, [S ehf.], áður en það félag hafði verið stofnað og þannig var félagið ekki til að lögum þegar ráðstöfun hlutafjárins fór fram. Þá var skiptingarferli það, sem í málinu greinir, ekki hafið þegar salan fór fram, en því lauk ekki fyrr en 7. maí 2007. Samkvæmt framansögðu þykir blasa við að hluthafi kæranda fékk ekki afhent hlutabréf í [S ehf.] sem gagn-gjald fyrir hlutabréf sín í kæranda nema

þá að nafninu til, enda hafði hluthafinn þá þegar selt rétt sinn til hlutafjárins í hinu óstofnaða félagi. Engu máli skiptir að formleg afhending hlutafjárins hafði ekki farið fram, eðli málsins samkvæmt, þar sem hluthafinn hafði skuldbundið sig til að afhenda það að skiptum kæranda loknum og þegar formlega hefði verið gengið frá stofnum [S ehf.] Verður því eigi talið að gagngjaldsskilyrði 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/2003 hafi verið uppfyllt og fær viðskiptalegur tilgangur skiptingarinnar út af fyrir sig engu breytt um það.“ Fram kom hjá yfirséðanefnd að vandséð væri hvaða rekstrarlegar forsendur hefðu legið að baki ráðstöfunum í kringum sölu þessa. Kærandi vísaði einnig til þess að æskilegt hafi verið talið að takmarka áhættu í rekstrinum með skiptingu eigna milli tveggja félaga. Yfirséðanefnd féllst ekki á þá forsendu. Síðan sagði: „Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir ekki leika vafi á því, þegar þær ráðstafanir, sem í málinu greinir, eru virtar í heild sinni, að þær voru verulega frábrugðnar því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, og gerðar í því skyni einu að tryggja lægri skattgreiðslur. Verður því að fallast á það með ríkisskattstjóra að rétt hafi verið að víkja hinum umdeildu ráðstöfunum til hliðar í skattalegu tilliti á þeim grundvelli að um ólögmeða skattasniðgöngu hafi verið að ræða. Verður krafa kæranda því ekki tekin til greina á þeim grundvelli að efnislegar forsendur hafi ekki staðið til breytinga ríkisskattstjóra hvað þennan þátt málsins varðar.“

Söluhagnaður eignanna færðist því til tekna hjá kæranda.

Sé gagngjaldsskilyrði 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/2003 ekki uppfyllt við skiptingu félags samkvæmt ákvæðinu kemur ekki til þess skattalega hagræðis sem mælt er fyrir um í lagagreininni.

247/2014 Úttekt fjármuna úr rekstri

Málið varðar hækkun ríkisskattstjóra á launatekjum kæranda í skattframtali 2007 vegna meintrar óheimillar útgreiðslu fjármuna frá H hf. (kærandi í úrskurði nr. 246), sbr. 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., og jafnframt lækkun á framtöldum fjármagnstekjum að sömu fjárhæð.

Í úrskurði nr. 246/2014 varð niðurstaðan sú að gagngjaldsskilyrði 52. gr. laga nr. 90/2003 teldust ekki hafa verið uppfyllt

við skiptingu H hf. Afhending kæranda á hlutabréfum í H hf. var því talin leiða til skattlagningar hjá kæranda. Hann hafði talið söluhagnað af sölu á eignarhluta sínum í H hf. til tekna í framtali sínu 2007 og varð ekki haggð við þeirri skattlagningu. Breytingum ríkisskattstjóra á skattframtali kæranda var því hnekk.

Tekjufærsla launa, sbr. 1. og 2. mgr. 11. gr., sbr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. felld úr gildi. Talið söluhagnaður.

248/2014

Þjónusta aðila sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 90/2003 seld í gegnum erlent félag

Kærandi í máli þessu sem byggir á rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins var eigandi að erlendu félagi sem stofnað var fyrir milligöngu A og skráð á Bresku Jómfrúareyjum. Fyrir lá að félagið hafði selt þjónustu hérlandis. Ríkisskattstjóri taldi að líta bæri fram hjá félaginu og skattleggja greiðslur fyrir selda þjónustu þess hjá kæranda enda hefði tekjuöflun félagsins byggst á vinnuframlagi kæranda. Í úrskurði yfirsattaneftndar kom fram að ekki væru efni til annars en að leggja til grundvallar að félagið hafi verið lögformlega stofnað á Bresku Jómfrúareyjum í samræmi við þarlenda löggjöf, enda hefði það ekki verið vefengt af hálfu ríkisskattstjóra. Kærandi hafði gert grein fyrir eignarhaldi sínu á félaginu í skattskilum sínu. Í niðurstöðu yfirsattaneftndar segir m.a.: „Þótt tekjuöflun hins erlenda félags hafi alfarið eða nánast alfarið verið byggð á vinnuframlagi kæranda sjálfs sem sérfræðings á sviði ..., eins og gögn málsins benda til, verður ekki talið að af þeirri ástæðu einni saman sé grundvöllur til þess að líta framhjá félaginu í skattalegu tilliti og skattleggja tekjur af hinum umdeildu verkefnum í þágu ...hf. hjá kæranda persónulega. Þá er tilefni til að benda á, vegna deiluefnis málsins, að ástæða þótti til að bæta 57. gr. a laga nr. 90/2003 við lögum með 2. gr. laga nr. 46/2009, um breytingu á hinum fyrrnefndu lögum.“ Yfirsattaneftnd taldi ekki grundvöll fyrir því að skattleggja tekjur samkvæmt söluveikningum útgefnum af hinu erlenda félagi hjá kæranda.

Ekki fallist á að líta fram hjá erlendu félagi sem talið var lögformlega stofnað.

252/2014

Gjaldfærsla ábyrgðarskuldbindingar

Kærandi er hlutafélag um eignaumsýslu, m.a. kaup og sölu hlutabréfa og annarra verðbréfa. Á skattframtali félagsins voru færðar til gjalda kr. 100 millj. sem „Tekjur/gjöld af fjármálagerningum“. Ríkisskattstjóri felldi umrædda gjaldfærslu niður á þeim forsendum að um ábyrgð í greiðaskyni væri að ræða.

Samkvæmt 1. mgr. 3. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er heimilt að draga tap á útstandandi viðskipta-kröfum, ábyrgðum og lánveitingum, sem beint tengjast atvinnurekstrinum, frá tekjum á því tekjuári sem eignir þessar eru sannanlega tapaðar. Í 13. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, er nánar kveðið á um skilyrði slíkrar gjaldfærslu. Þar kemur m.a. fram að ekki er heimil gjaldfærsla ábyrgða sem veittar eru í greiðaskyni eða sem aðstoð við stofnun fyrirtækis eða rekstrar.

Á stjórnarfundum í kæranda árin 2004 var samþykkt að selja hlutabréf í B hf. og H hf. Kaupandi var félag í meirihluta eigu þriggja dætra þáverandi eiganda kæranda og í umsjá X í Lúxemborg. Á síðari stjórnarfundum sama ár var samþykkt að kærandi myndi standa að stofnun hins nýja félags Bg S.A sem kaupa myndi allt hlutafé í framangreindum félögum. Kaup Bg voru fjármöggnuð með láni frá X og veitti kærandi Bg ábyrgð vegna kaupanna. Var gengið frá kaupum og ábyrgðaryfirlýsingu 30. desember 2004. Þá var eignarhald Bg í eigu systranna að 60% og ótengdra að 40%. Í desember 2005 urðu systurnar eigendur kæranda sem í framhaldi af því var skipt í 4 félög, eitt fyrir hverja systur og kæranda. Var skiptingu kæranda lokið 6. september 2006.

Í nóvember 2008 var Bg tilkynnt um gjaldfellingu lánasamnings frá desember 2004 og að heimilt væri að leita fullnustu í öllum tryggingum fyrir efnendum lánsins.

Í niðurstöðu yfirsattaneftndar kemur fram að þegar virt séu gögn málsins um tildrög að ábyrgðarveitingunni sé ekki unnt að fallast á að um ábyrgðarveitingu í greiðaskyni hafi verið að ræða, enda verði ekki framhjá því litið að veiting ábyrgðarinnar tengdist með beinum hætti sölu kæranda á hlutafjáreign félagsins í B hf. og H hf. til hins nýstofnaða félags Bg. Veiting ábyrgðarinnar hafi verið forsenda þess að af þeim viðskiptum gæti orðið vegna kröfu lánveitanda, X, sem fjármagnaði kaupin að mestu leyti. Í

niðurstöðu yfirsattaneftndar segir m.a.: „Þótt ábyrgð kæranda hafi að því leyti verið í þágu kaupanda hlutanna, Bg, eru engin efni til að draga í efa að tilgangur kæranda með ráðstöfunum þessum hafi verið að takmarka áhættu félagsins af eignarhaldi á hlutum í B hf. og H hf. og innleysa hagnað vegna sölu hlutabréfanna, ... en fram er komið að hin seldu hlutabréf voru verulegur hluti af eignasafni kæranda á greindum tíma. Skráður tilgangur kæranda er m.a. eignaumsýsla og kaup og sala hlutabréfa og fyrir liggur að umtalsverður hagnaður varð af sölu hlutabréfanna á árinu 2004. ... Þá geta eignatengsl kæranda og Bg á þeim tíma sem um ræðir ekki girt fyrir gjaldfærslu í þessu sambandi, ...“

Ákvörðun ríkisskattstjóra var hnekk og fallist á að hin hin umdeilda ábyrgð teldist áfallin á tekjuárinu 2009 þegar X leitaði fullnustu hennar í eignum kæranda.

Ekki fallist á að ábyrgð hafi verið veitt í greiðaskyni.

261/2014

Útleiga og sala sumarhúsalóða

Málið varðaði meðferð á tekjum af útleigu og sölu sumarhúsalóða úr landi kæranda. Fyrir lá að kærundur stunduðu atvinnurekstur, þ.e. búrekstur, á jörð sinni. Í skattskilum þeirra var jörðin færð ásamt fyrnanlegum eignum, bæði fasteignum og lausafé, meðal varanlegra rekstrarfjármuna. Að því athuguðu taldi yfirsattaneftnd að byggja yrði á því að útleiga og sala spildna úr landi jarðarinnar félli undir atvinnurekstur þeirra og að tekjur kæranda af útleigu og sölu þeirra teldust tekjur af atvinnurekstri, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ekki þótti fá breytt þeirri niðurstöðu að sá hluti jarðarinnar, sem tekinn hafði verið til þessara nota, hafði verið leystur úr landbúnaðarnotum á grundvelli heimildar í 1. mgr. 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. nú lög nr. 81/2004, um sama efni, enda lúta þær ráðstafanir eingöngu að landnotkun eftir jarðalögum en varða með engum hætti skattalega meðferð.

Sala og leiga lóða fyrir sumarhús úr landi bújarða þar sem búskapur er stundaður í atvinnuskyni telst til atvinnurekstrar.

Líf G. Gunnlaugsdóttir

Gleðin er í litlu stundunum



Þegar þetta er ritað er rúm vika síðan fyrstu niðurstöður umsókna um höfuðstólsleiðréttingu voru birtar og hef ég ásamt góðum hópi starfað við deild sem kennd er við það verkefni frá því í maí sl. Inga Hanna bað mig að skrifa lokaorð í næstu Tíund, en tók það fram

vikum áður en ég skilaði af mér meist-araritgerð minni við Háskóla Íslands. Ég hef lengi haft áhuga á rafrænni stjórnsýslu og þjónustu og fannst blasa við að þarna fengi ég áhugavert verkefni að kljást við. Verkefnið væri augljóslega stórt umfangs og því hlyti ég að fá nóg af krefjandi verkefnum og læra eitthvað í leiðinni. Ljóst er að ég hafði rétt fyrir mér. Síðan þá hefur tíminn liðið hratt í samræmi við afar annasama tíma. Að baki er mikil vinna sem þó er enn ekki að fullu lokið.

Við framkvæmd höfuðstólsleiðréttinga hefur þurft að spyrja margra spurninga og það á hverjum degi. Þá á ég ekki aðeins við þá umsækjendur sem til okkar hafa leitað heldur ekki síst þurftum við nýju starfsmennirnir sífellt að vera að leita okkur upplýsinga, læra á ný kerfi og nýtt umhverfi. Fyrstu viðbrögð mín þegar ég kom til starfa voru ánægjuleg undrun yfir því hversu boðnir og búnir allir voru til að aðstoða okkur og tilbúnir til þess að velta málum upp frá hinum ýmsu hliðum. Á hversu

í samfélaginu sem á sér mögulega stoð í liðinni tíð. Ég hafði þó kynnst því á námsárum mínum að starfa hjá ríkinu og komist að því að þetta þarf ekki að vera svona. Hins vegar hef ég einnig starfað í þjónustustarfi á einkamarkaði og þekki vel hversu miklu máli góð þjónusta skiptir ekki bara fyrirtæki og viðskiptavinum heldur starfsmenn. Góð þjónusta á sér ekki aðeins stað út á við heldur jafnframt inn á við. Eins má færa sterk rök fyrir því að góð þjónusta og gott viðmót geri starfið ekki aðeins skemmtilegra heldur auðveldara því þeir sem hafa fengið góða þjónustu einu sinni eru líklegri til að leita hennar aftur sem leiðir til þess að færri vandamál skapast. Hjá einkafyrirtækjum er góð þjónusta drifin áfram af samkeppni og áður fyrr var því ekki mikill metnaður fyrir þjónustu hjá hinu opinbera enda hvatarnir ekki eins augljósir.

Mér varð strax ljóst þegar ég kom til starfa hjá RSK að hér hefur fólk mikinn metnað fyrir því að veita góða þjónustu og því hef ég margsinnis velt því fyrir mér hvað felst í góðri þjónustu hjá hinu opinbera. Löglærðir myndu gjarnan vísa til leiðbeiningarskyldunnar en hér er ekki aðeins vísað til hennar heldur framsetningu leiðbeininga og viðmóti þeirra er þær veita. Góð þjónusta hjá hinu opinbera felst auðvitað fyrst og fremst í réttum upplýsingum og upplýsingaflæði. Með aðdáun hef ég fylgst með þeim sem taka á móti fjölda fólks á hverjum degi á fyrstu hæðinni af eftirtektarverðri rósemi og athygli þrátt fyrir flóknar og erfiðar fyrirspurnir og mikið álag.

Ég hef einnig orðið vör við að starfsmenn ríkisskattstjóra eru almennt ánægðir í vinnunni og stoltir af sínu starfi og velti ég því fyrir mér hvort kemur á undan í því samhengi, eggði eða hænan. Nú þekki ég þá sannarlega ekki alla, hugsa eflaust einhverjir, en hér hefur verið gott að vera heilt yfir og það virðist ekki skipta máli hvort ég hef hringt á Egilsstaði, Akureyri, Hellu eða

”

Mér varð strax ljóst þegar ég kom til starfa hjá RSK að hér hefur fólk mikinn metnað fyrir því að veita góða þjónustu og því hef ég margsinnis velt því fyrir mér hvað felst í góðri þjónustu hjá hinu opinbera

að ég þyrfti ekki að skrifa um vinnuna frekar en ég sjálf vildi, enda lokaorðið frjálst. Hins vegar er það svo að vinnan hefur verið mér hugleikin síðustu vikur og mánuði og því þykir mér það liggja beinast við að líta yfir farinn veg þegar það er um það bil hálft ár um þessar mundir síðan ég hóf störf hjá ríkisskattstjóra. Starfið sótti ég um nokkrum

mörgum vinnustöðum eru til dæmis svona vinalegir tæknimenn?

Staðalímyndin er gjarnan sú að hjá ríkinu mæti maður fúla starfsmanninum sem vilji ekkert fyrir mann gera eða aðstoða mann og sé jú alltaf í fúlu skapi, enda sé svo leiðinlegt að vinna hjá ríkinu. Ég tek fram að þetta er ýkt útgáfa, en hins vegar viðhorf einhverra



Starfsmenn Leiðréttingarinnar á haustdögum. Frá vinstri: Gunnar Freyr Þórisson, Magnús Bragi Ingólfsson, Jón Stefán Björnsson, Líf G. Gunnlaugsdóttir, Thelma Þorbjörg Sigurðardóttir, Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir, Lóa Ólafsdóttir, Helga Lilja Aðalsteinsdóttir, Helena Rós Friðþórsdóttir, Jónas Magnússon, Reynir Jóhannesson, Ástríður Þórey Jónsdóttir, Unnar Freyr Jónsson, Katrín Pálsdóttir, Kristjana Pálsdóttir og Ingunn Hilmarsdóttir.

annað, í öllum tilvikum hafa móttökur verið góðar. Þjónustustarf hjá einka-fyrirtæki og hinu opinbera er raun mjög ólíkt, en á það þó sammerkt að það í öllum tilfellum hjálpar að vera jákvæður og tilbúinn að sjá málin út frá sjónarhóli þess sem leitar til þín. Til þess að vera vel upplagður í slíkt verkefni á hverjum degi þarf fólki að líða vel í vinnunni. Staðreyndin er jú sú að flest okkar eru í vinnunni fimm daga vikunnar, átta tíma hvern dag og sum okkar jafn-vel eitthvað umfram það. Ég var svo heppin að ferðast um heiminn þegar ég var tvítug og vitlausari en í dag. Sá ýmislegt um allan heim en merkilegast var að það var ekki einhver ákveðinn staður eða atburður sem hafði hvað mest áhrif á mig heldur var það sú upplifun að í raun voru það litlu ómerkilegu stundirnar sem voru hvað eftirminnilegastar. Þær gat ég jafnvel hafa upplifað heima í Norðurárdalnum við að naga gras eins og á fjarlægri strönd í Ástralíu. Það er nefnilega svo að gleðin er í litlu stundunum og til þess að vera góður starfsmaður hlýtur maður að þurfa að upplifa hversdagslegar gleðistundir í vinnunni en ekki bara utan hennar.

Undanfarna mánuði höfum við, starfsmenn höfuðstólsleiðréttinga, svarað aragrúa tölvupósta, talað við þúsundir manna í síma og hitt eitthvað færri en þó fjöldamarga og reynt eftir bestu getu að leiðbeina og aðstoða við umsóknir og útskýra niðurstöður.

Oftar en ég hef tölu á hefur verið á það minnst að fólk telur sig fá góða þjónustu hjá ríkisskattstjóra leiti það eftir henni. Vissulega eru embættinu falin verkefni sem gjarnan eru umdeild, en hingað kemur fólk til að fá réttar upplýsingar. Verður að viðurkennast að stundum hefur það reynt á taugarnar þegar ann-ríkið var hvað mest, en hins vegar er óumflýjanlega hluti starfsins að finna út úr því hvernig skal snúa sér í erfiðum tilvikum. Þá hefur verið ómetanlegt að geta létt á sér við góða samstarfsfélaga og rætt málin, bæði um það sem má betur fara og hvað hefur verið vel gert. Reynsla mín er nánast engin miðað við reynslu hins hefðbundna RSK starfsmanns. Ég hef þó blessunarlega ekki upplifað það að þeir víli fyrir sér að svara öllum mögulegum og ómögulegum spurningum sem upp hafa komið hjá þeirri er þetta ritar og samstarfsmönnum mínum og hafa þeir veitt góð ráð og stuðning. Þegar öllu er á botninn hvolft eru nefnilega þó nokkur líkindi með góðum kennara og góðum ríkisstarfsmanni. Góður kennari er eitthvað sem flestir eiga minningar um. Það má auðvitað um það deila hvaða mann-kostum góður kennari þarf að búa yfir og vissulega verður hann að hafa þekkingu á því er hann kennir. En ég er nokkuð viss um að hann þarf að vera í stakk búinn til að svara spurningum sem upp koma af þolinmæði og yfirvegun án þess að sýna af sér yfirlæti eða hroka. En hann hvorki tekur prófið fyrir þig

né gerir verkefni þín. Eins og í starfi kennarans getur reynst gott að minna sig á í upphafi hverrar afgreiðslu að þó maður hafi sagt sama hlutinn hundrað sinnum þann daginn þá hefur sá sem til þín leitar líklegast aldrei heyrt þetta áður. Hefur undirrituð tekið eftir því að innan veggja ríkisskattstjóra eru margar fyrirmyndir, endalaus þekking og margir góðir kennarar. Aðeins einn slíkur getur haft góð áhrif ekki aðeins á samstarfsmenn sína heldur á þá sem til hans leita. Þar af leiðir að maður verður líka að geta brugðið sér í spor nemandans þegar við á, enda fátt skemmtilegra en að læra meira og meira. Eru ekki allir sammála um það? Nú ertu lesandi góður mögulega kominn með velgjuna í hálsinn af væmninni í undirritaðri, en þetta er jú desemberblað Tíundar og jólin á næsta leiti og um að gera að leyfa sér að vera örlítið meyr.

Í þessum pistli hef ég reynt að líta yfir farinn veg og veita innsýn í það hvernig upplifun það var að koma hingað til starfa við þetta verkefni og velta vöngum yfir ýmsu viðvirkjandi þeim verkefnum sem ég hef sinnt. Ég vil nota tilefnið og þakka þeim frábæru starfsmönnum sem hafa tekið vel á móti okkur og svarað óteljandi spurningum frá okkur starfsmönnum höfuðstólsleiðréttinga síðustu mánuði. Sá sem ekki spyr veit ekki og því er ég kannski ekki eins vitlaus eins og þegar ég hóf störf hér í maí síðastliðnum. ■

Upplýsingatafla RSK 2014

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2014

Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

■ Af fyrstu 290.000 kr.	37,30%
■ Af næstu 494.619 kr.	39,74%
■ Af fjárhæð umfram 784.619 kr.	46,24%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 50.498 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

■ Af fyrstu 66.740* kr.	37,30%
■ Af næstu 113.830 kr.	39,74%
■ Af launum umfram 180.570** kr.	46,24%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* $3.480.000/365 \times 7 = 66.740$ ** $9.415.428/365 \times 7 = 180.570$

Annað

■ Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2014	20%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 180.000 kr.	6%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2014	1.624.603 kr.

Persónuafsláttur 2014

■ Einn mánuður.....	50.498 kr.
■ Hálfur mánuður.....	25.249 kr.
■ 14 dagar.....	23.243 kr.
■ Ein vika.....	11.621 kr.

Tryggingagjald

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	7,59%
■ Viðbót v/sjómannna á fiskiskipum	0,65%

Frádráttur vegna almenns aksturs

Að 1.000 km, pr. km:	116 kr.
1.001 - 2.000 km:	114 kr.
2.001 - 3.000 km:	112 kr.
3.001 - 4.000 km:	98 kr.
4.001 - 5.000 km:	96 kr.

Sjá nánar í reglum um skattmat á rsk.is, m.a. vegna aksturs umfram 5.000 km.

Virðisaukaskattur

■ Almenn skattþrep	25,5%
■ Sérstakt skattþrep	7,0%

Barnabætur 2014

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember.

■ Hjón/sambúðarfolk	
- með fyrsta barni	167.564 kr.
- með börnum umfram eitt	199.455 kr.
- Viðbót v/barna yngri en 7 ára	100.000 kr.
■ Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	279.087 kr.
- með börnum umfram eitt	286.288 kr.
- Viðbót v/barna yngri en 7 ára	100.000 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is.

Vaxtabætur 2014

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

■ Hjá einhleypingi	400.000 kr.
■ Hjá einstæðu foreldri	500.000 kr.
■ Hjá hjónum og sambúðarfólki	600.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar.

Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 2/2014

Gildir frá 1. 10. 2014

■ Gisting og fæði í einn sólarhring	24.900 kr.
■ Gisting í einn sólarhring	14.100 kr.
■ Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	10.800 kr.
■ Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	5.400 kr.

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2014

Gildir frá 1. 12. 2014

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	208	125	133	80
■ Flokkur 2	SDR	177	106	113	67
■ Flokkur 3	SDR	156	94	100	60
■ Flokkur 4	SDR	139	83	89	54